SKOÐUN Finnbogi Hermannsson skrifar um uppsagnir á Ríkisútvarpinu. 14

MENNING Dómur um nýtt kórverk eftir Stefán Arason á Skálholtshátíð. 20

LÍFIÐ Mikil óánægja með brotthvarf bekkjabílanna á Þjóðhátíð í Eyjum í ár. 30

SPORT Glugginn opnaður aftur í dag. Hvað eiga liðin í Pepsi-deildinni að gera? 26

FLUGFÉLAG FÓLKSINS
WOW air

FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

Miðvikudagur
15. júlí 2015
164. tölublað 15. árgangur
Sími: 512 5000

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup, apríl-júní 2014

MARKAÐURINN

Of miklar sveiflur

Sveiflur í byggingariðnaði eru of miklar og skammsýni, skipulagsleysi og metnaðarleysi ríkjandi. Auka þarf virðingu fyrir iðnnámi. Gamla meistarakerfið þykir úrelt og hið opinbera þarf að styðja betur við starfsnám.

FRÉTTIR

Heyskapur hefur dregist

Kalt vor og rigningasamt sumar hefur valdið því að heyskapur í sveitum landsins hefur dregist úr hófi fram. Getur haft fjárhagstjón í för með sér fyrir bændur sem búa sig undir að kaupa kjarnfóður í stórum stíl. 2

Réttindalausir sölumenn hverfa
Formaður Félags fasteignasala segir störf réttindalausra sölumanna á fasteignasölum vera út úr myndinni eftir að ný lög tóku gildi. Fjölga þurfi löggiltum fasteignasölum. 4

Samið um kjarnorkumál Írans
Íranar lofa í nýjum samningi að framleiða aldrei kjarnorkuvopn. Viðskiptabanni á Íran verður aflétt í áföngum. 8

14

3 SÉRBLÖÐ Markaðurinn | Gönguskór og útivistarfatnaður | Fólk



LÉTT Á SÉR Þrátt fyrir að múgur og margmenni væri á Þingvöllum sá þessi ferðamaður ekki aðra lausn en að létta á sér við bílastæðið neðan við Almannagjá. Á Hakinu til hægri á myndinni virtu aðrir fyrir sér útsýnið. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Þingvallagestir hægja sér í rjóðri við þjóðargrafreitinn

Starfsmenn þjóðgarðsins á Þingvöllum þurfa að þrífa mannaskít og salernispappír úr rjóðri aftan við Þingvallakirkju. Vanhelgun, segir Sigrún Magnúsdóttir, umhverfisráðherra og formaður Þingvallanefndar.

FERÐAÞJÓNUSTA „Við leiðsögumenn erum í því að afsaka gerðir stjórnvalda í hvert sinn sem við komum á þessa staði," segir Helgi Jón Davíðsson leiðsögumaður um ástand salernismála á ferðamannastöðum.

Menn sem voru að störfum í þjóðgarðinum bentu blaðamanni og ljósmyndara Fréttablaðsins á að sumir ferðamenn gengju örna sinna aftan við Þingvallakirkju og þjóðargrafreitinn þar sem skáldin Jónas Hallgrímsson og Einar Benediktsson hvíla. Það kæmi í hlut starfsmanna þjóðgarðsins á haustin að hreinsa þar upp mannaskít og salernispappír. Og það var einmitt það sem kom á daginn í rjóðrinu við þjóðargrafreitinn; salernispappír og mannaskítur.

„Þeim sem ekki fóru á klósettið uppi á Haki er kannski orðið mál þarna niðri," segir Helgi Jón Davíðsson.

> **Svona hagar siðmenntað fólk sér ekki.**
> *Sigrún Magnúsdóttir, umhverfisráðherra og formaður Þingvallanefndar.*

> **Það er ekki einu sinni upplýsingaskilti um hvar næsta salerni er.**
> *Helgi Jón Davíðsson leiðsögumaður*

„Fólk sér hús og það sér kirkju og gerir ráð fyrir að það sé einhver þjónusta – þetta er jú þjóðgarður en þá er engin þjónusta – ekki neitt. Það er ekki einu sinni upplýsingaskilti um hvar næsta salerni er," segir Helgi sem gagnrýnir stjórnvöld harðlega fyrir aðgerðaleysi í salernismálum fyrir ferðamenn almennt.

„Þetta er vanhelgun og vanvirðing við allt og alla. Svona hagar siðmenntað fólk sér ekki," segir Sigrún Magnúsdóttir, umhverfisráðherra og formaður Þingvallanefndar, um áðurnefnda stöðu við þjóðargrafreitinn.

Sigrún segir salerni skammt frá Þingvallakirkju, bæði við gjána Silfru og á Valhallarreitnum en að ef til vill megi bæta merkingar í þjóðgarðinum. Hún gerir athugasemdir við kröfur ferðaþjónustufyrirtækja á hendur stjórnvöldum. „Það er ekki hægt að gera endalausar kröfur um að ríki eða samfélag borgi fyrir það sem þau hirða svo ágóðann af," segir umhverfisráðherra.

- gar / sjá síðu 6

FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

MARGIR Á FERLI Þeir sem koma í þjóðgarðinn skoða gjarnan Þingvallakirkju.

VEÐUR



Víða hægur vindur en norðaustan 5-13 m/s norðvestantil. Á Suður- og Vesturlandi nær sólin að skína meira en síðustu daga. Skýjað veður norðanlands og dálítil rigning fram eftir degi, en þurrt að mestu á Austurlandi.

SJÁ SÍÐU 18

Punktar úr skýrslu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins um ástand gríska efnahagskerfisins láku út í gærmorgun:

AGS segir Grikki þurfa mun meiri aðstoð

EVRÓPA Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn (AGS) telur Grikki þurfa mun meiri aðstoð en evrusvæðisríkin sömdu um að veita á mánudagsmorgun. Þetta kemur fram í skýrslu AGS sem fréttastofa Reuters kom höndum yfir í gær.

AGS telur þrjá kosti í stöðunni fyrir Grikki. Í fyrsta lagi að Grikkjum verði gefin þrjátíu ár þar sem ríkið þarf ekki að borga af lánum, í öðru lagi að Grikkjum verði veitt lán á hverju ári og í þriðja lagi að fella niður hluta af skuldum þeirra. AGS telur því samninginn sem náðist ekki fullnægjandi fyrir Grikki. Heimildarmaður Reuters hermir að leiðtogar evrusvæðisins hafi vitað af áhyggjum AGS áður en samið var.

Fleiri hafa lýst yfir áhyggjum yfir samningnum. Gerhard Schick, þingmaður Græningja í Þýskalandi, sakaði fjármálaráðherrann Wolfgang Schäuble um að haga sér á virkilega hættulegan hátt þegar hann lagði til að Grikkir myndu yfirgefa evrusvæðið tímabundið. Þingmaður vinstriflokksins Linke, Dietmar Bartsch, sakaði Angelu Merkel kanslara og Schäuble um að kúga Grikki.

Marine Le Pen, formaður frönsku Þjóðfylkingarinnar, sakaði François Hollande, forseta Frakklands, um að beita sér ekki fyrir þjóðarhagsmunum, einungis hagsmunum Evrópu.

- þea

HÆTTULEGUR Þingmenn stjórnarandstöðuflokka í Þýskalandi lýstu yfir óánægju sinni með störf fjármálaráðherrans Wolfgangs Schäuble í gær. NORDICPHOTOS/AFP

FLJÓTIÐ HELGA Mikill troðningur skapaðist við ána Godavari og lögregla mátti sín lítils við að draga úr ringulreiðinni. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Tugir milljóna pílagríma taka þátt í hátíðarhöldum hindúa:

27 tróðust undir við heilagt fljót

INDLAND 27 pílagrímar létust þegar þeir tróðust undir við heilaga fljótið Godavari í Andhr Pradesh-héraði í suðurhluta Indlands í gær.

Atvikið átti sér stað þegar pílagrímar böðuðu sig í fljótinu en aðrir sem stóðu á bakkanum og vildu komast að sköpuðu troðning.

Mikil ringulreið einkenndi þvöguna, konur og börn hrópuðu á hjálp og lögregla náði ekki að dreifa mannfjöldanum fyrr en eftir tuttugu mínútur.

Rúmlega 24 milljónir pílagríma taka þátt í tólf daga hátíðarhöldum en hindúar trúa því að bað í fljótinu heilaga muni hreinsa þá af syndum sínum.

- srs

Atvinnuleysi hefur minnkað:

4.757 atvinnulausir í júní

SAMFÉLAG Samtals voru 4.757 manns skráðir án atvinnu hjá Vinnumálastofnun í júní síðastliðnum og hafði þá fækkað um 400 frá því í maí.

Skráð atvinnuleysi var 2,6 prósent í júní og að meðaltali voru 2.086 karlar á atvinnuleysisskrá en 2.671 kona. Þetta kemur fram í nýbirtu yfirliti Vinnumálastofnunar um atvinnuástand í júní.

Atvinnulausum fækkaði að meðaltali um 151 á höfuðborgarsvæðinu og var atvinnuleysi þar 2,9 prósent í júní. Á landsbyggðinni fækkaði atvinnulausum um 249 frá maí og var atvinnuleysi þar 2,1 prósent.

- ngy

Endalok forstjórabústaðar:

Niðurrif kostar 3,6 milljónir

STJÓRNSÝSLA Niðurrif forstjórabústaðar Orkuveitu Reykjavíkur við Þingvallavatn kostar 3,6 milljónir króna. Alls fóru 8,9 milljónir í að endurbæta húsið á árunum 2008 til 2012. Gert er ráð fyrir að bústaðurinn verði á braut og lóðin hulin mosa í síðasta lagi 31. ágúst.

Eigendum tíu sumarhúsa á sama svæði stendur til boða fimmtán ára framlenging á lóðarleigusamningum sem flestir runnu út á árunum 2013 og 2014. Vegna sjónarmiða um vatnsvernd á Nesjavallajörðinni er stefna OR að húsin hverfi síðan með tímanum.

- gar

Heyskapur fer hægt af stað um land allt

Sláttur hjá bændum á Austurlandi hefur dregist vegna mikilla rigninga. Seinni sláttur um allt land er í uppnámi. Slæm heyskapartíð getur haft í för með sér fjárhagstjón fyrir bændur. Þeir búa sig undir að kaupa kjarnfóður í stórum stíl.

LANDBÚNAÐUR Kalt vor og rigningasamt sumar hefur valdið því að heyskapur í sveitum landsins hefur dregist úr hófi fram. Víða á Austurlandi er heyskapur ekki hafinn.

Borgar Páll Bragason, fagstjóri í nytjaplöntum hjá Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins, segir að seinkunin um allt land nemi að meðaltali tveimur til þremur vikum. „Það sem gerðist hjá sauðfjárbændum var að þeir þurftu að vera með féð lengur á túnum því afréttirnar voru seinni til. Það þýðir að þetta dregst enn lengur hjá þeim.“

Maímánuður var sá kaldasti á Íslandi í yfir þrjátíu ár. Það olli því að spretta á túnum var hæg lengi vel. Þegar væta og rigningar hafi tekið við var ekki hægt að hefja sláttinn. Ekki er hægt að binda blautt hey.

„Það er bara ekkert byrjað að slá hérna, það er bara svoleiðis,“ segir Jóhann G. Jóhannsson, kúabóndi á bænum Breiðavaði á Austurlandi. Rigningar hafa orðið til þess að heyskapur er enn ekki hafinn. Nú er svo komið að seinni sláttur, sem að öllu eðlilegu ætti að fara fram í ágúst, er í algjöru uppnámi.

„Við erum að tala um seinni slátt ekki fyrr en í september með þessu áframhaldi. Það er margt sem bendir til þess að þá verði farið að snjóa hérna. Þetta er alveg komið á síðustu mörk, að menn nái endurslætti. Ég hef ekki trú á því að hann verði mikill ef það kemur ekki gott veður strax,“ segir Jóhann.

Eigi heyið að vera sem nær-

NÝSLEGIÐ Hjá kúabændum í Skagafirði er nýbúið að slá. Þar var spretta lakari en verið hefur síðastliðin ár. MYND/ÞÓRUNN RÖGNVALDSDÓTTIR

arríkast fyrir skepnurnar skiptir líka máli að það spretti ekki um of áður en það er slegið. Jóhann segir að ofvöxtur í heyi þýði aukin fjárútlát fyrir bændur í kjarnfóður.

„Það er ljóst að þetta er farið að skaða kúabændur hér. Einhverjir gætu lent í verulegum vandræðum ef þeir ná ekki að tvíslá einhvern hluta af túnunum. Þetta er bara fjárhagsskaði sem menn verða fyrir ef þeir ná ekki að heyja.“

Jóhann segist ekki muna eftir annarri eins tíð að sumri til síðan hann hóf búskap. „Það er rigning hér hvern einasta dag. Það hafa verið rigningar hér áður en ekki svona stöðugt. Svo er miklu kaldara hér en hefur verið í mörg ár. Það fer ekki yfir tíu stig, sem er mjög sjaldgæft.“ snaeros@frettabladid.is

> **Það er ljóst að þetta er farið að skaða kúabændur hér. Þetta er bara fjárhagsskaði sem menn verða fyrir ef þeir ná ekki að heyja.**
>
> *Jóhann G. Jóhannsson*

Margir spá því að hjúkrunarfræðingar felli samning um 18,6% hækkun:

Met kjörsókn um kjarasamning

KJARAMÁL Ríflega sjötíu prósent hjúkrunarfræðinga hafa greitt atkvæði um nýjan kjarasamning Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga við íslenska ríkið. Mikill fjöldi hjúkrunarfræðinga sem Fréttablaðið ræddi við ætlaði að hafna samningnum.

ÓLAFUR G. SKÚLASON

Formaður félagsins, Ólafur G. Skúlason, lítur ekki svo á að ef hjúkrunarfræðingar felli samninginn samsvari það einhvers konar vantraustsyfirlýsingu á hann. „Nei, alls ekki. Þetta voru sérstakar aðstæður sem við vorum að semja við.“

Ólafur segir að hjúkrunarfræðingar líti svo á að verði samninguri-nn felldur hafi náðst samkomulag á samningstímabilinu sem komi í veg fyrir að málið fari fyrir gerðardóm. Ríkið er, að sögn Ólafs, ósammála þessari túlkun.

„Við munum að öllum líkindum sækja það fyrir dómstólum.“

Niðurstaða kosningarinnar verður kynnt klukkan tvö í dag.

- snæ

LYFJAGJÖF Fjölmargir hjúkrunarfræðingar hafa sagt upp á síðastliðnum vikum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

SAMSUNG S6

EDGE DAGAR

HJÁ NOVA

Samsung S6 Edge á verði Samsung S6!

Samsung Galaxy S6 Edge
32 GB

109.990 kr. stgr.

6.690 kr. /18 mán.
64GB **129.990 kr.** stgr.
128GB **149.990 kr.** stgr.

500 MB eða **1.000 kr.** notkun á mán. í 12 mán. fylgir.

Stærsti skemmtistaður í heimi!

NOVA

Tilboðið gildir fyrir alla í áskrift og frelsi hjá Nova. Mánaðarleg afborgun greidd með kreditkorti + 325 kr./mán. greiðslugjald.
Upplýsingar um ÁHK á Nova.is.

Verslanir Nova eru í Kringlunni, Smáralind, Lágmúla, á Selfossi og á Glerártorgi Akureyri
Þjónustuver 519 1919 | **www.nova.is** | Facebook | Twitter

Brandadeild

SPURNING DAGSINS

Kristinn, eru þeir að berja höfðinu við steininn?

Já, þetta er steinrunnin og grjótheimsk umræða.

Ásmundur Ásmundsson og Hannes Lárusson eru ósáttir við að hafa verið reknir úr Myndhöggvarafélagi Reykjavíkur. Kristinn E. Hrafnsson listamaður fór fram á brottrekstur-inn. Hann segir þeim að hætta að væla.

Búið er að undirrita kaupsamning en Samkeppniseftirlitið á eftir að leggja blessun sína yfir viðskiptin:

Sómi kaupir Þykkvabæjar fáist samþykki

VIÐSKIPTI Sómi hefur fest kaup á Kartöfluverksmiðju Þykkvabæjar hf. með þeim fyrirvara að Samkeppniseftirlitið heimili kaupin. „Það hefur verið skrifað undir kaupsamning en beðið er eftir samþykki Samkeppniseftirlits," segir Alfreð Hjaltalín, framkvæmdastjóri Sóma.

Alfreð á ekki von á því að gera verulegar breytingar á rekstri fyrirtækisins. „Ætlun okkar er að reka þetta áfram í óbreyttri mynd," segir hann.

Alfreð segir kaupverðið trúnaðarmál en send verði út tilkynning með nánari upplýsingum þegar kaupin verða formlega gengin í gegn.

Þykkvabæjar hafði verið í söluferli hjá KPMG frá því í vor. Nokkrir aðilar sýndu áhuga á að kaupa fyrirtækið. Viðskiptablaðið greindi frá því að Íslensk ameríska hefði skoðað að kaupa fyrirtækið en ekkert varð úr. Hluthafar Þykkvabæjar eru á fjórða tug. Fyrirtækið hefur sérhæft sig á síðustu árum í fullvinnslu á kartöflum til neytenda.

ALFREÐ HJALTALÍN

Rúmlega tuttugu starfsmenn starfa hjá fyrirtækinu. Hagnaður þess var 13 milljónir króna árið 2013. - ih

KARTÖFLUR Kartöfluverksmiðja Þykkvabæjar selur fullunnar kartöfluafurðir til neytenda.

REFFILEGIR REFAMÓTMÆLENDUR Fjöldi manns lagði leið sína að breska þinghúsinu til að mótmæla fyrirætlunum ríkisstjórnarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Frestuðu atkvæðagreiðslu um að liðka fyrir refaveiðum:

Mótmæla auknum refaveiðum

BRETLAND Til stóð að breska þingið kysi um að létta á takmörkunum á refaveiðum á Englandi í dag en Skoski þjóðarflokkurinn sem áður hafði lýst því yfir að hann myndi ekki taka afstöðu til málefna Englands þvingaði fram frestun á atkvæðagreiðslunni.

Nicola Sturgeon, forsætisráðherra Skotlands og leiðtogi Skoska þjóðarflokksins, segir breytta afstöðu flokks síns stafa af harðri kröfu almennings á Englandi um að takmarkanir á refaveiðum standi.

Brian May, fyrrverandi gítarleikari hljómsveitarinnar Queen, leiddi fjölmenn mótmæli fyrir utan þinghúsið í Lundúnum í gær. - srs

Icelandair er þriðja stundvísast:

EasyJet stundvísasta félagið

SAMGÖNGUR Af þeim flugfélögum sem flugu til og frá Íslandi í júní var EasyJet það stundvísasta. Þetta kemur fram í samantekt Dohop.

Þrjú af hverjum fjórum flugum EasyJet fóru frá landinu á áætluðum tíma og tæplega níu af hverjum tíu komu á réttum tíma.

AirBerlin var stundvísasta félagið á leið til landsins en 94 prósent fluga félagsins voru á áætlun og meðalseinkun var aðeins rúmar tvær mínútur.

EasyJet fylgdi í kjölfarið en næst á eftir kom Icelandair. 82 prósent fluga félagsins voru á áætlun og meðaltöf var tæpar sjö mínútur. - ngy

Áhersla á endurnýjanlega orku:

Utanríkisráðherra í Eþíópíu

UTANRÍKISMÁL Gunnar Bragi Sveinsson utanríkisráðherra er staddur á alþjóðlegri ráðstefnu um fjármögnun þróunarsamvinnu. Ráðstefnan fer fram dagana 13.-16. júlí í Addis Ababa, höfuðborg Eþíópíu, en um leið varð Gunnar Bragi fyrsti ráðherra ríkisstjórnarinnar til að ferðast til Afríku.

Í tilkynningu frá utanríkisráðuneytinu kemur fram að í gær hafi ráðherrann flutt ávarp á málstofu á vegum SE4ALL-vettvangsins, eða Sjálfbær orka fyrir alla. Í ávarpinu lagði hann áherslu á mikilvægi jarðhitanýtingar í þróunarsamvinnu og greindi frá áherslum og stuðningi Íslands á því sviði. - ngy

Grundvöllur starfa sölumanna brostinn

Störf réttindalausra sölumanna á fasteignasölum eru út úr myndinni, segir Ingibjörg Þórðardóttir, formaður Félags fasteignasala. Samkvæmt nýjum lögum sem senn taka gildi mega aðeins löggiltir fasteignasalar sinna öllum helstu störfunum.

NEYTENDUR Fasteignasölur þurfa að fjölga starfsmönnum með löggildingu sem fasteignasalar þegar ný lög um sölu fasteigna, fyrirtækja og skipa taka gildi á næstunni. Störf réttindalausra sölumanna eru úr myndinni, að mati Ingibjargar Þórðardóttur, formanns Félags fasteignasala. Hún segir að framvegis megi sölumenn á fasteignasölum ekki skoða fasteignir, veita ráðgjöf eða taka niður tilboð og annast skjalagerð, heldur einungis starfsmenn með löggildingu.

„Margir sölumenn hafa ekki verið á launum hjá fasteignasölum, heldur einungis á prósentum. Samkvæmt nýju lögunum hlýtur grundvöllur starfa þeirra að vera brostinn. Nú verða það eingöngu löggiltir fasteignasalar sem hafa heimild til að sinna öllum helstu störfum sem varða milligöngu um fasteignaviðskipti. Ég get ekki séð að allir þeir sem starfa núna sem sölumenn á prósentum geti haldið áfram að vinna við það sem þeir mega ekki. Það gefur auga leið. Þeir sem eru réttindalausir mega hins vegar sinna einföldum störfum," segir Ingibjörg. Hún leggur áherslu á að neytendur verði á varðbergi og spyrjist fyrir um hvort sá sem veitir þeim þjónustu á fasteignasölu hafi til þess bær réttindi.

Ingibjörg gerir ráð fyrir að nú þurfi fasteignasölur að fjölga starfsmönnum með löggildingu. „Það er fullt af fólki sem hefur farið í gegnum námið í áranna rás sem gæti komið að borðinu sem réttindafólk. Samtímis munu væntanlega fleiri sækja um námið sem veitir þeim réttindi. Hingað til hafa menn ekki beinlínis séð ástæðu til þess að stunda þetta nám þar sem þeir gátu starfað án réttinda."

KVÍABRYGGJA Skoðað verður hvort mennirnir hafi notið aðstoðar og verið sóttir, en sé svo er viðkomandi samsekur. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

> **„Margir sölumenn hafa ekki verið á launum hjá fasteignasölum, heldur einungis á prósentum.**
>
> *Ingibjörg Þórðardóttir, formaður Félags fasteignasala.*

Fyrstu fimm mánuði ársins sóttu ellefu manns um löggildingu sem fasteignasalar hjá Sýslumanninum á höfuðborgarsvæðinu. Nú eru umsóknirnar orðnar um 100. Lögmenn hafa hingað til getað öðlast réttindi til fasteignasölu á grunni lögmannsréttinda sinna. Samkvæmt nýju lögunum þurfa þeir eins og aðrir að stunda fjögurra missera nám til að öðlast réttindin.

„Við höfum lengi viljað sjá að lögmenn hefðu þann hluta námsins fyrir fasteignasala sem vantar í þeirra nám. Nú kemst sú breyting á með nýju lögunum. Lögmenn hafa líklega verið að flýta sér að undanförnu að sækja um áður en nýju lögin taka gildi. Ég hef heyrt að lögmannafélagið hafi verið að hvetja sína menn til þess."

ibs@frettabladid.is

Nær öruggt að mennirnir hafi fengið aðstoð með einhverjum hætti:

Strokufangarnir eru í einangrun

LÖGREGLUMÁL Flótti tveggja manna um tvítugt úr fangelsinu á Kvíabryggju endaði snögglega, innan við sólarhring síðar, þegar þeir fundust við sumarbústað á Þingvöllum. Ómögulegt er að mennirnir hafi komist þangað fótgangandi.

PÁLL WINKEL

Páll Winkel fangelsismálastjóri segir að vegna þess að mennirnir hafi verið tveir eigi þeir yfir höfði sér ákæru og aukna fangelsisvist. Hafi fangar sammælst um að strjúka varðar það fangelsi allt að þremur árum.

„Hafi einhver sótt þá gerist hann líka samsekur. Það hefur aldrei fyrr verið hægt að sýna fram á að menn hafi sammælst um að strjúka úr fangelsi," segir Páll.

Ekki er refsivert samkvæmt lögum að strjúka einn og óstuddur úr fangelsi. „Nei, ætli það sé ekki litið á það sem meinta sjálfsbjargarviðleitni."

Mennirnir eru nú vistaðir í einangrun á Litla-Hrauni. - snæ

KVÍABRYGGJA Skoðað verður hvort mennirnir hafi notið aðstoðar og verið sóttir, en sé svo er viðkomandi samsekur. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

ellingsen.is

Gríptu tækifærið - gæðavörur á ótrúlegu verði!

SUMAR-MARKAÐUR ELLINGSEN

20-70% AFSLÁTTUR
af öllum vörum

DIDRIKSONS CAMPO
15.992 KR.
VERÐ ÁÐUR 19.990 KR.

BAKPOKAR
30%
afsláttur

COLEMAN SILVERTON 150 SVEFNPOKI
10.392 KR.
VERÐ ÁÐUR 12.990 KR.

DIDRIKSONS REGNGALLAR 80-130
6.995 KR.
VERÐ ÁÐUR 8.990 KR.

SCARPA MOJITO GÖNGUSKÓR
19.752 KR.
VERÐ ÁÐUR 24.690 KR.

SHAKE-SPEARE VEIÐI-STANGIR
35%
afsláttur

SHAKESPEARE SIGMA FLY 9FT FLUGUSTÖNG
8.964 KR.
VERÐ ÁÐUR 13.790 KR.

COLUMBIA DRAINMAKER
9.990 KR.
VERÐ ÁÐUR 18.990 KR.

DIDRIKSONS BILL
9.592 KR.
VERÐ ÁÐUR 11.990 KR.

CAMPINGAZ FERÐAGASGRILL
34.573 KR.
VERÐ ÁÐUR 49.390 KR.

KÆLIBOX
30%
afsláttur

COLEMAN KÆLIBOX
22.813 KR.
VERÐ ÁÐUR 32.590 KR.

COLEMAN ÚTILEGUSTÓLL
9.512 KR.
VERÐ ÁÐUR 11.890 KR.

DEVOLD ULLARFÖT
20%
afsláttur

COLUMBIA JAKKI
7.493 KR.
VERÐ ÁÐUR 9.990 KR.

CONWAY GÖNGUSKÓR
11.990 KR.
VERÐ ÁÐUR 17.790 KR.

COLUMBIA JAKKI POURING HYPER
10.990 KR.
VERÐ ÁÐUR 22.990 KR.

VIKING STETIND GTX GÖNGUSKÓR
37.995 KR.
VERÐ ÁÐUR 54.390 KR.

COLEMAN DARWIN 2
2ja manna tjald
15.992 KR.
VERÐ ÁÐUR 19.990 KR.

35%

DIDRIKSONS SLAGHOKEN ANORAK
14.294 KR.
VERÐ ÁÐUR 21.990 KR.

PIPAR\TBWA • SÍA

LEITAÐU RÁÐA HJÁ OKKUR
Hjá Ellingsen starfa sérfræðingar í öllum deildum. Við veitum faglega og vandaða ráðgjöf og finnum réttu vörurnar sem uppfylla þínar þarfir. Við seljum eingöngu þrautreyndar hágæðavörur sem henta fyrir íslenskar aðstæður.

REYKJAVÍK	AKUREYRI	OPNUNARTÍMI
Fiskislóð 1 Sími 580 8500	Tryggvabraut 1–3 Sími 460 3630	Mán.–fös. 10–18 Lau. 10–16

Ellingsen
– FULLT HÚS ÆVINTÝRA

VEISTU SVARIÐ?

1. Með hverjum snæddi Ólafur Ragnar Grímsson kvöldverð á Akureyri?
2. Hver vann Wimbledon-mótið í tennis í einliðaleik kvenna?
3. Frá hvaða fylki er Scott Walker sem býður sig fram til Bandaríkjaforseta?

SVÖR:
1. Ted Turner **2.** Serena Williams **3.** Wisconsin

Ritgerð nýútskrifaðs viðskiptafræðinema byggði á þremur viðtölum sem talin eru uppspuni:

Rannsókn lokið hjá viðskiptafræðideild HÍ

MENNTAMÁL Niðurstaða er komin í mál nýútskrifaðs viðskiptafræðings sem var grunaður um að hafa falsað þrjú viðtöl í lokaritgerð sinni.

Þetta staðfestir Daði Már Kristófersson, forseti félagsvísindasviðs Háskóla Íslands. Daði vildi ekki tjá sig um niðurstöðuna að öðru leyti.

Málið hefur verið til rannsóknar hjá viðskiptafræðideild Háskóla Íslands frá því í apríl.

Ritgerðin sem um ræðir byggir meðal annars á viðtölum og gögnum frá ferðaþjónustuaðilum á Suðurlandi sem eru fölsuð.

Upp komst um málið í kjölfar þess að Friðrik Pálsson, hótelhaldari á hótel Rangá, fékk ábendingu um að fram væri komin ritgerð sem byggðist á rekstri hans. Friðrik, sem kannaðist ekkert við að hafa svarað spurningum frá ritgerðarhöfundi, vakti athygli viðskiptafræðideildar á málinu.

Síðar kom í ljós að tveir aðrir viðmælendur í ritgerðinni könnuðust heldur ekki við að hafa hitt eða svarað spurningum frá höfundi.

Athygli vekur að ritgerðin er full af málfars- og stafsetningarvillum en nemandinn fékk 8 í einkunn fyrir ritgerðina. Fréttablaðið hefur ritgerðina undir höndum. - ngy

HÁSKÓLI ÍSLANDS Málið hefur verið til rannsóknar hjá viðskiptafræðideild frá því í apríl. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Skilja ekki bara eftir aur á Íslandi

Umhverfisráðherra segir menn varla hafa undan mikilli fjölgun ferðamanna. Salernismál séu í brennidepli um land allt. Leiðsögumaður segir sveitarstjórnir steinsofandi í þessum efnum og að ferðamenn hristi einfaldlega höfuðið yfir ófremdarástandinu sem ríki hérlendis.

FERÐAÞJÓNUSTA „Það er nú sennilega skást á Þingvöllum miðað við aðra staði á landinu en þetta er alveg skelfilegt ástand almennt," segir Helgi Jón Davíðsson leiðsögumaður um ástand salernismála fyrir ferðafólk hérlendis.

Gríðarleg fjölgun ferðamanna undanfarin ár heldur áfram á þessu ári. Sigrún Magnúsdóttir, umhverfisráðherra og formaður Þingvallanefndar, segir að haldi aukningin áfram, þá hafi menn varla undan. Hún tekur þó undir að á Þingvöllum sé staðan betri en víðast annars staðar. Þar hafi komið á bilinu 600 til 700 þúsund gestir í fyrra og í stefni að það aukist um 30 prósent.

„Það er svo margt nýtt sem þarf að hugsa um og ég held að við séum öll af vilja gerð en ég held að ekkert land hafi staðið frammi fyrir annarri eins aukningu á svo skömmum tíma," segir umhverfisráðherra.

Sigrún segir salernismálin til umræðu bókstaflega um allt land og þar sé hálendið ekki undanskilið þar sem klósettpappír sé sagður fjúka um allt. Einnig sé mikið vandamál með húsbílaeigendur sem losi þá á röngum stöðum.

„Það vantar einhverja siðmenningu. Þetta er að verða stórt og alvarlegt vandamál og ég sé ekki aðra leið en að setja um þetta lög og reglugerðir," segir ráðherra.

Helgi Jón Davíðsson segir salernismál stærsta einstaka málið sem leiðsögumenn þurfi að svara fyrir. Honum finnst alltof lítið hafa gerst í þeim efnum.

„Það eru allar sveitarstjórnir á landinu alveg steinsofandi yfir þessu," segir leiðsögumaðurinn og bendir á að ferðamenn skilji hér eftir mikla fjármuni. „En

PJÓÐARGRAFREITUR Í lundi handan við hinsta hvílustað tveggja þjóðskálda er afvikinn staður sem nýttur er sem útisalerni. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

> **Það vantar eitthvað í fólkið sjálft að geta lagst svo lágt eins og í þessu dæmi.**
> *Sigrún Magnúsdóttir, umhverfisráðherra og formaður Þingvallanefndar*

þeir eru alls ekki notaðir í uppbyggingu fyrir greinina. Þetta er orðin stærsta atvinnugrein þjóðarinnar og það er enginn sem sinnir þessari grunnþörf."

Sigrún segir að vernda þurfi betur viðkvæm svæði. Á Þingvöllum hafi verið sett fé í salerni, göngustíga, fræðslu og landverði.

„Það vantar eitthvað í fólkið sjálft að geta lagst svo lágt eins og í þessu dæmi. Þarna er stutt til beggja handa í salerni," segir Sigrún varðandi það að fólk gangi örna sinna aftan við Þingvallabæinn.

Helgi Jón undirstrikar að ferðamenn sé langflestir viljugir að borga fyrir að komast á salerni – þeir vilji bara að þjónustan sé fyrir hendi og skilji ekki af hverju svo sé ekki „Þeir bara hrista hausinn."

gar@frettabladid.is

Í SKJÓLI Sumir stinga sér inn í þetta rjóður aftan við Þingvallabæinn til að hægja sér. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

EKKI HUGGULEGT Þetta framlag sem einhver skildi eftir rétt við þjóðargrafreitinn fer ólíklega á Heimsminjaskrá. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

VIÐ ÞINGVALLAKIRKJU Þessi var að skoða sig um og mynda á þeim slóðum sem margir nýta til að svara kalli náttúrunnar. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Verð: 3.790.000 kr.

Honda CR-V SUF36
Skráður nóvember 2010, 2,0i bensín, sjálfskiptur
Ekinn 86.000 km.

Tilboð: 7.290.000 kr.

Volvo XC90 Summum AWD TJL91
Skráður júní 2012, 2,4Di dísil, sjálfskiptur.
Ekinn 89.500 km.
Ásett verð: 7.590.000 kr.

Tilboð: 2.290.000 kr.

Subaru Forester Lux NJT71
Skráður júní 2009, 2,0i, bensín, sjálfskiptur.
Ekinn 134.000 km
Ásett verð: 2.450.000 kr.

Verð: 5.450.000 kr.

Volvo V60 Momentum D2 FEM86
Skráður des. 2012, 1,6TDCi dísil, sjálfskiptur.
Ekinn 44.000 km.

NOTAÐIR BÍLAR

MIKIÐ ÚRVAL OG GOTT VERÐ

Gerðu betri bílakaup!

BÍLADÍLL DAGSINS!
Hafðu samband strax!

Tilboð: 690.000 kr.

Citroën C3 SX YZP88
Srádur febrúar 2008, 1,6i bensín, beinskiptur.
Ekinn 120.000 km.
Ásett verð: 850.000 kr.

Tilboð: 990.000 kr.

Ford Focus Trend NN019
Skráður október 2006, 1,6i bensín, beinsk.
Ekinn 129.200 km.
Ásett verð: 1.190.000 kr.

Tilboð: 2.190.000 kr.

Ciroen Nemo Fourgon Van BHM78
Skráður desember 2014, 1,3TDCi dísil, beinsk.
Ekinn 2.700 km.
Ásett verð: 2.350.000 kr. *Í ábyrgð*

FINNDU BÍLINN ÞINN
Skoðaðu fleiri dæmi hér!

TÖKUM ALLAR TEGUNDIR BÍLA UPPÍ

SÝNDU OKKUR BÍLINN ÞINN OG VIÐ GERUM ÞÉR TILBOÐ Í MILLIGJÖF. ENGIN SKULDBINDING

NOTADIR.BRIMBORG.IS

Ýmsar fjármögnunarleiðir í boði. Spyrðu ráðgjafa.

Tilboð: 2.490.000 kr.

Toyota Yaris Hybrid MMS90
Skráður janúar 2013, 1,5i hybrid, sjálfskiptur.
Ekinn 27.000 km.
Ásett verð: 2.690.000 kr. *Í ábyrgð*

Tilboð: 1.750.000 kr.

Nissan Micra Visia OXS12
Skáður júní 2012, 1,2i bensín, sjálfskiptur.
Ekinn 43.100 km.
Ásett verð: 1.890.000 kr.

Tilboð: 4.190.000 kr.

Lexus RX 350 EXE NEB94
Skráður ágúst 2009, 3,5i bensín, sjálfskiptur.
Ekinn 61.000 km.
Ásett verð: 4.490.000 kr.

Verð: 890.000 kr.

Toyota Corolla MK444
Skráður maí 2005, 1,4i bensín, beinskiptur.
Ekinn 157.000 km.

Tilboð: 3.690.000 kr.

Ford Kuga Titanium S IBK27
Skráður des. 2012, 2,0TDCi dísil, sjálfskiptur.
Ekinn 104.000 km.
Ásett verð: 3.850.000 kr.

Tilboð: 990.000 kr.

Peugeot 107 Cool SJX04
Skráður júlí 2011, 1,0i bensín, beinskiptur.
Ekinn 67.500 km.
Ásett verð: 1.190.000 kr.

Verð: 2.590.000 kr.

Volvo S40 Kinetic DBY25
Skráður júní 2010, 2,4i bensín, sjálfskiptur.
Ekinn 84.000 km.

FYLGSTU MEÐ Á FACEBOOK
Notaðir bílar - Brimborg
Tilboðsbílarnir fara beint á Facebook!

Söludeildir eru opnar virka daga kl. 9-17 og laugardaga 12-16.

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7030
Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7040
Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050

brimborg
Öruggur staður til að vera á

SVONA ERUM VIÐ

19.970 nemendur voru á háskólastigi árið 2013.

Árið 2007 voru þeir 16.851 og hefur þeim fjölgað jafnt og þétt.

Mikil ánægja ríkti jafnt meðal stjörnufræðinga og áhugamanna þegar flogið var fram hjá Plútó í gær:

Myndir frá síðasta ókannaða hnettinum

STJÖRNUFRÆÐI Stjörnufræðingar og áhugamenn víðs vegar um heiminn fögnuðu í gær er geimfarið New Horizons flaug fram hjá dvergreikistjörnunni Plútó, síðasta ókannaða hnetti sólkerfis okkar. Farið bandaríska skaust fram hjá Plútó á meira en 45.000 kílómetra hraða á klukkustund.

„Í dag ættum við að vera ótrúlega stolt," sagði Charlie Bolden, framkvæmdastjóri Geimferðastofnunar Bandaríkjanna, NASA, við blaðamenn í gær.

New Horizons hefur það verkefni að taka fjölda af myndum af Plútó auk fylgitungla hans, Karoni, Styx, Nix, Hýdru og Kerberosi og er von á fyrstu myndum af yfirborði Plútós annað kvöld.

„Ástæða þess að það tekur þetta langan tíma er náttúrulega að þetta er óskaplega langt í burtu og „netsambandið" milli geimfarsins og jarðar ef svo má segja er ekki mjög hratt," sagði Sævar Helgi Bragason, formaður Stjörnuskoðunarfélags Seltjarnarness.

„Þetta markar upphaf rannsókna á þessu svæði í sólkerfinu og svo aftur endann, þar sem þá verðum við búin að rannsaka öll helstu svæði sólkerfisins og allar upprunalegu níu reikistjörnurnar."

Næst mun New Horizons halda áfram ferð sinni út í geim og fljúga fram hjá öðrum hnetti í Kuipers-beltinu sem hýsir Plútó.

- þea

PLÚTÓ Allar upprunalegu reikistjörnurnar níu hafa verið kannaðar. MYND/NASA

Nýi samningurinn ýmist kallaður söguleg mistök eða besta lausnin

Samningar náðust um kjarnorkumál Írans. Íranar lofa að framleiða aldrei kjarnorkuvopn. Á móti mun viðskiptabanni á Íran vera aflétt í áföngum. Ísraelsmenn kalla samninginn mistök. Íranar kalla hann bestu mögulegu lausn. Eftirlitsmenn SÞ munu hafa eftirlit í Íran.

ÍRAN Íranar komust að samkomulagi í gær við kjarnorkuveldi heimsins, Bandaríkin, Bretland, Frakkland, Kína og Rússland, auk Þýskalands og Evrópusambandsins, um kjarnorkumál í Íran. Samningaviðræður höfðu staðið yfir frá árinu 2006. Síðasta lota viðræðna hefur staðið yfir í Vínarborg í Austurríki frá 2. júlí.

Samkvæmt samningnum verður viðskiptabanni við Íran aflétt og íranskar eignir upp á milljarða dollara verða affrystar. Þar að auki verður banni á siglingum og flugi til landsins aflétt. Banni á sölu vopna til Íran verður þá einnig aflétt en ekki fyrr en eftir um fimm ár.

Íranar hafa á móti lofað að framleiða ekki kjarnorkuvopn en lengi hefur verið talið að þeir hyggist koma sér upp kjarnorkuvopnum. Íranar hafa þó alla tíð haldið því fram að kjarnorkutilraunir þjóðarinnar séu ekki í hernaðarlegum tilgangi.

Til að tryggja að samningnum verði fylgt eftir fá eftirlitsmenn Sameinuðu þjóðanna aðgang að írönskum herstöðvum. Íranar munu þó þurfa að veita samþykki sitt fyrir hverri og einni heimsókn.

„Samningurinn er ekki fullkominn fyrir neinn en hann er besti mögulegi samningur sem við gátum náð," sagði Mohammad Javad Zarif, utanríkisráðherra Írans, við blaðamenn í gær.

„Þessi ramadanmánuður hefur fært okkur góðar fregnir og góðan samning. Í dag erum við á mikilvægum þáttaskilum í þróun landsins okkar. Þáttaskilum sem kóróna áralangt samningaferli við heimsvaldaríkin," sagði Hassan Rouhani, forseti Írans, í gær. Rouhani sagði enn fremur að viðskiptabannið hefði ekki haft áhrif á íranska ríkið en það hefði þó haft slæm áhrif á líf íranskra borgara og það væri ekki í lagi.

„Samningurinn virkar á báða bóga. Með því að virða ákvæði hans er hægt að taka niður vantraustsmúrinn milli þjóðanna. Stein fyrir stein," sagði Rouhani enn fremur.

„Þetta er samkomulag sem getur opnað nýjan kafla í alþjóðasamskiptum," sagði Federica Mogherini, utanríkismálastjóri Evrópusambandsins. Hún bætti því við að samningurinn gæfi heiminum öllum von.

> **Íranar munu fá hundruð milljarða Bandaríkjadala, sem mun gera þeim kleift að knýja hryðjuverkavél sína áfram.**
>
> *Benjamin Netanyahu, forsætisráðherra Ísraels.*

Samningurinn vekur hins vegar ekki jafnmikla lukku meðal allra. Benjamin Netanyahu, forsætisráðherra Ísraels, kallaði samninginn í gær söguleg mistök. „Íranar munu fá hundruð milljarða Bandaríkjadala, sem mun gera þeim kleift að knýja hryðjuverkavél sína áfram um Mið-Austurlönd og á heimsvísu," sagði forsætisráðherrann.

SAMKOMULAG Sögulegt samkomulag náðist í gær um kjarnorkumál Írana eftir margra ára samningaviðræður þeirra við voldugustu ríki heimsins. NORDICPHOTOS/AFP

„Þessi samningur mætir öllum okkar kröfum. Öllum leiðum Írana að kjarnorkuvopnum hefur verið lokað," sagði Barack Obama, forseti Bandaríkjanna, um samninginn. „Ég mun beita neitunarvaldi á hverja þá löggjöf sem kemur í veg fyrir að samningurinn taki gildi," sagði forsetinn, en bandaríkjaþing, þar sem repúblikanar stjórna í báðum deildum, eiga eftir að taka samninginn fyrir. Þannig ætlar Obama að tryggja að samningurinn muni standa, sama hvað.

thorgnyr@frettabladid.is

HÆNDIR AÐ MANNFÓLKINU Ferðamenn hafa gaman af heimalningunum á Steinstúni. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Börnin í Norðurfirði fá að klappa og gefa heimalningunum:

Koma alltaf þegar maður kallar

NÁTTÚRA **„Þau koma hérna stundum, börnin, þegar ég er að gefa þeim og fá að klappa og gefa með," segir Ágúst Gíslason á Steinstúni við Norðurfjörð.**

Sonur hans er með búskap á jörðinni og er með um þrjú hundruð fjár. Fjórir heimalningar eru á bænum sem börn og ferðamenn hafa gaman af.

„Ferðafélagið er með aðstöðu hérna rétt hjá og ferðamennirnir hafa gaman af þessu." Heimalningarnir eru afar hændir að mannfólkinu, sérstaklega þegar það er matur á boðstólum. „Þeir koma alltaf þegar maður kallar," segir Ágúst.

- srs

BÖNNUÐ VARA Draumur Arnolds ku vera hættulegur. MYND/MATVÆLASTOFNUN

Inniheldur ólöglegt efni:

MAST varar við Draumi Arnolds

HEILBRIGÐISMÁL Matvælastofnun (MAST) varar við fæðubótarefninu Arnold Iron Dream. Dínítrófenól (DNP) greindist við reglubundið eftirlit með vörunni í Bretlandi en notkun DNP í fæðubótarefni er bönnuð.

Ekki þarf nema lítið magn af DNP til að eituráhrif komi fram. Efnið er ekki tilgreint í innihaldslýsingu vörunnar.

MAST segist ekki vita til þess að efnið hafi verið flutt til landsins en biður þá sem kaupa fæðubótarefni á netinu að hafa varann á.

- ih

ÖRFRÉTT

Fjölgar í flota Samskipa

Samskip hafa bætt við fjórða skipinu, Skaftafelli, í vöruflutninga milli Íslands og meginlands Evrópu. Fyrir eru Arnarfell, Helgafell og Hoffell á siglingaleiðinni.

PIPAR \ TBWA · SÍA

GÓÐ HÖNNUN FEGRAR HEIMILIÐ

Eclipse borð // Verð frá 34.900 kr.
M-sófi // Verð frá 239.900 kr.
Catifa 80 hægindastóll // Verð frá 214.900 kr.
4240 Octo ljós // Verð 144.900 kr.
Nordic Plain gólfmotta // Verð á m² 74.900 kr.
Arper púðar // Verð 28.900 kr.
Manhattan teppi // Verð 18.900 kr.
Omaggio thermobolli // Verð 3.990 kr.
Botanica vasi // Verð 11.490 kr.

Vönduð hönnun, fagurlega unnin húsgögn og munir eru hlutir sem halda verðgildi áratugum saman. Í Módern bjóðum við það besta í evrópskri hönnun og leggjum metnað í fallegar útstillingar sem gefa viðskiptavinum okkar hugmyndir og innblástur. Það er mikilvægt að vanda valið og sérfræðingar verslunarinnar eru ávallt til taks með fróðleik og ráðgjöf byggða á vöruþekkingu og þrautþjálfuðu auga fyrir samræmi og stíl.

HLÍÐASMÁRA 1 ▪ 201 KÓPAVOGUR ▪ 534 7777 ▪ modern.is

MÓDERN
ÞITT HEIMILI – ÞÍN STUND

SPARIÐ 25%

- á SCANBAD BY DANSANI

Til dæmis Karla-sturtuklefa
Ferhyrnd sturtuhlíf með hverfihurðum. 6 mm hert öryggisgler. Hæð: 195 cm. ÞARF AÐ SÉRPANTA.

61.976.- ~~82.635.-~~

Til dæmis Multo+ baðinnrétting
90 cm innrétting í svörtu með 95 cm Lotto XL postulínshandlaug, rúmgóðum skúffum sem dragast alla leið út og eru með hæglokun og spegli með LED-lýsingu. Hár skápur fylgir ekki. ÞARF AÐ SÉRPANTA.

116.078.- ~~154.770.-~~

Bor-/skrúfvél með hleðslurafhlöðu, 100 hlutir
RCD18022A100. 18 volt. 0–1600 snún./mín., snúningsvægi 45 Nm, 2 gírar. 2 stk. 1,4 Ah litíum-ion rafhlöður og 1 klst. hleðslutæki fylgja, auk 100 aukahluta. Rafhlaða fylgir ekki.

22.995.- ~~24.995.-~~

Nilfisk **15.995.-** ~~24.995.-~~

Háþrýstidæla
C 120.6-6 X-TRA. Dæluþrýstingur hám. 120 bör. Vatnsflæði hám. 440 l/klst. Sjálfkrafa ræsing/stöðvun. Þrýstingsjöfnun. Sambyggður hjólavagn. Click&Clean fylgihlutakerfi.

BOSCH **54.995.-** ~~96.995.-~~

Verkfærasett með hleðslurafhlöðu, 5 hlutir
5 verkfæri með 10,8 V Li-ion rafhlöðu: Skrúfvél með 2 gírum, vinkilskrúfjárn, slagskrúfvél, fjölklippur, ljós og 3 stk 1,3 Ah rafhlöður. Í tösku.

4.995.- ~~7.495.-~~

POSEIDON

Shine salernisseta
Hvít með LED-ljósi og hæglokun. Rafhlöður fylgja ekki.

17.995.- ~~20.995.-~~

GROHE

Precision Trend blöndunartæki með hitastilli
Krómað með brunavörn og vatnssparnaðarkerfi. Rósettur og hjámiðjur fylgja ekki. 5 ára full vöruábyrgð.

Jarðvegsþjappa
RP 1100 B. 5,5 hö.
~~59.995.-~~ **39.995.-**

Jarðvegsþjappa
RP 1300 B. 6,5 hö.
~~79.990.-~~ **44.995.-**

31.995.- ~~49.995.-~~

HERKULES

Jarðvegsþjappa
RP 800 B. 2,8 hö. Eins strokks, fjórgeng bensínvél, 2050 W. Stærð plötu 49,5 x 32 cm. Þjöppusvið 25 m/mín., þjöppudýpt 20 cm. Hjól til flutnings og gúmmímotta fylgja.

64.995.- ~~94.995.-~~

STANLEY

Loftþjappa, 24 l
Styrkur 3,0 hö./2200 vött, 230 volt. 24 lítra tankur. Hámarksþrýstingur er 10 bör, hám. 350 snúningar/mín. 1 loftúttak, með stilli.

BAUHAUS®



Casart markísa

Vatnsvarinn pólýesterdúkur sem veitir skjól gegn veðri og vindum. Burðarstöng úr heitgalvaníseruðu stáli og armar úr lökkuðu áli. Sveif og veggfesting fylgja. Fæst með hvítri grind og gráum/hvítum röndóttum eða hrímhvítum dúk, eða með grárri grind og dökkgráum dúk.

295 x 250 cm **34.995.-**
360 x 250 cm **44.995.-**
480 x 250 cm **59.995.-**

Kolgrá 250 X 200 CM

29.995.-

Pinotex Classic, 6 l

Lítið þekjandi en áhrifaríkt viðarvörn sem dregur fram æðar og áferð viðarins. Fæst í stöðluðum litum en er einnig hægt að blanda.

3.995.-

Pallahitari á fæti

Keramískur pallahitari á fæti með 3 stillingum. Hæð allt að 2 m. 650/1300/2000 vött. IP44-vottaður.

7.995.-

Pallaolía, 2,5 l

Góð pallaolía með vatnsvörn sem smýgur vel inn í viðinn og gefur fallega áferð. Hægt að blanda.

1.995.-

Ryðfríar viðar- og pallaskrúfur

Úr sýruheldu A4-gæðaefni, með kúptum haus. 5,0 x 50 mm. 1300 stk.

12.995.- ~~20.145.-~~

5,0 x 60 mm. 900 stk. ~~13.895.-~~ **9.995.-**
5,0 x 70 mm. 800 stk. ~~14.245.-~~ **11.995.-**

Pallatimbur

Úr gagnvarinni furu, NTR A/B-vottað. 28 x 120 mm. Verð á m.

225.- ~~245.-~~

Auglýst verð gildir frá fimmtudeginum 16. júlí til og með sunnudeginum 19. júlí 2015.
Gildir á meðan birgðir endast.

BAUHAUS REYKJAVÍK - Lambhagavegur 2–4 - 113 Reykjavík - 515-0800 - info@bauhaus.is - www.bauhaus.is

BAUHAUS

Garðaland®

Hobart gasgrill
Ryðfríir brennarar og hliðarbrennari. Grillflötur: 56 x 42 cm, 2 glerungshúðaðar grillgrindur. Rafstýrður kveikjurofi. Innbyggður hitamælir. Gasþrýstijafnari og slanga fylgja.

34.995.- ~~43.995.-~~

Albany gasgrill
4 ryðfríir brennarar og 1 hliðarbrennari. Grillflötur 67 x 42,5 cm. 3 ryðfríar grillgrindur. Rafstýrður kveikirofi, 2 hliðarborð úr stáli, innbyggður hitamælir. Gasþrýstijafnari og slanga fylgja.

49.995.- ~~54.995.-~~

Einnota grill
Frábært fyrir útileguna eða strandferðina. Tilbúið til notkunar á u.þ.b. 20 mínútum.

395.- ~~545.-~~

4.995.-

Partýljósasería með LED-ljósum
Með 10 marglitum eða hvítum LED-perum sem eru mjög sparneytnar. Hægt er að festa seríurnar saman, allt að 30 perur.

1.495.-

Solar Mosaik
Hæð 14 cm. Má bæði hengja upp og láta standa á borði, 2 í pakka.

19.695.-

Go-anywhere gasgrill
Grillflötur 41 x 25 cm. Postulínsglerungshúðaður botn og lok. Handhægt gasgrill sem er tilbúið í hvelli og hentar frábærlega á ferðalaginu.

37.995.-

Q1200 gasgrill
Svart. Grillflötur: 42 x 32 cm. Ryðfrír brennari, 2,64 kW/klst. 8500 BTU. Slanga og þrýstijafnari fyrir venjulegan gaskút.

1.995.- ~~2.795.-~~

Easy Camp lautarferðarteppi
Frábært tvöfalt lautarferðarteppi með áleinangrun á bakhliðinni. Framhlið 100% akrýlfíber. Stærð 140 x 170 cm.

2.995.- ~~4.195.-~~

Cosmos svefnpoki, svartur.
Svartur Cosmos, lengd 210 cm. Opnast báðum megin, sjálfvirkur rennilás. Þolir allt að -5° frost. Þyngd 940 g.

995.- ~~1.595.-~~

Basic Eva dýna
180 x 50 x 0,8 cm. Hám. þyngd 240 g.

8.995.- ~~9.895.-~~

Rafknúið kælibox
Mirabelle. 12 V. H: 40 x L: 39 x W: 32 cm. Rúmar 24 x 0,33 l dósir.

14.995.- ~~24.995.-~~

Rafknúið kælibox
24 l. Vistvænn kælir, 12 V. H: 40 x L: 39 x W: 28,5 cm. Fyrir útilegur, innkaupaferðir o.fl.

BAUHAUS®



2.495.-
~~2.995.-~~

Sonora gólfflísar
30 x 60 cm, ljósbrúnar. Verð á m².



2.995.-
~~4.995.-~~

Esterno gólfflísar
30 x 30 cm. Slitþolsstig 5, frostþolnar. Með skriðvörn R11. Yfirborð flísanna er gróft eða matt. Verð á m².



1.495.-
~~1.995.-~~

Edition plastparket úr hnotu
Þykkt 7 mm, plankastærð 192 x 1285 mm. Verð á m².

3.595.-
~~4.995.-~~

Elegancia Ash Salerno plastparket
Þykkt 12 mm, plankastærð 192 x 1285 mm. Verð á m².

Gifsplata
12,5 x 1200 x 2700 mm. Fyrsta flokks gæðavara til klæðningar.

1.895.-
~~1.995.-~~

12,5 x 1200 x 3000 mm. 2.095.-

129.995.-
~~149.999.-~~

Leikjahús
Úr 19 mm ómeðhöndlaðri furu. 170 x 170 cm + 70 cm pallur. Með gólfi. Mænishæð 173 cm. Plexigler í gluggum. Ómeðhöndlaður viður.

189.995.-
~~199.999.-~~

Lillevilla +5
Áhaldaskúr úr 16 mm viði. 2,50 x 2,65 m = 6,63 m². Tilbúinn til samsetningar, með gólfi og þakpappa, ómeðhöndlaður viður.

MEIRA EN BARA BYGGINGAVÖRUVERSLUN

MIKIÐ ÚRVAL, LÁGT VERÐ OG GÓÐ ÞJÓNUSTA

Auglýst verð gildir frá fimmtudeginum 16. júlí til og með sunnudeginum 19. júlí 2015.
Gildir á meðan birgðir endast.

BAUHAUS REYKJAVÍK - Lambhagavegur 2–4 - 113 Reykjavík - 515-0800 - info@bauhaus.is - www.bauhaus.is

SKOÐUN

Bankar fá milljarða frá námsfólki á hverju ári:

Námsfólk er ekki uppspretta auðs

Nokkur umræða hefur kviknað um lánakerfi það sem við bjóðum þeim upp á sem leggja langskólanám fyrir sig. Svo virðist sem sú staðreynd að fólk er misduglegt að greiða af lánum sínum hafi vakið framkvæmdastjóra Lánasjóðs íslenskra námsmanna (LÍN) og sjálfan ráðherra menntamála til umhugsunar um hvort kerfið sem við búum við sé hið rétta. Hvort spurningarnar sem kviknuðu eru þær réttu, er svo önnur saga.

Kolbeinn Óttarsson Proppé
kolbeinn@frettabladi.is

„Viljum við setja aldurstakmörk á hvenær þú getur fengið lán? Átt þú að geta fengið lán eftir sextugt?“ spyr Hrafnhildur Ásta Þorvaldsdóttir, framkvæmdastjóri LÍN, í Fréttablaðinu í gær. Hún tekur það þó skýrt fram að það sé stjórnvalda að ákveða hvernig brugðist sé við, hún sé aðeins að hvetja til umræðunnar.

Og stjórnvöld, í formi Illuga Gunnarssonar menntamálaráðherra, tjáðu sig einnig um málið. „Það er styrkjakerfi fólgið í íslenska námslánakerfinu en það er engin stefnumótun á bak við það hvernig þeim styrkjum er úthlutað eða til hverra þeir renna,“ sagði Illugi í Fréttablaðinu í gær.

Umræðan er þörf og tilefni hennar, sú staðreynd að afskriftir LÍN jukust úr 2,8 milljörðum árið 2013 í 7,6 milljarða króna 2014, er ærið. Það er áhyggjuefni af hverju námsfólk stendur svo illa að það getur ekki greitt af lánum sínum.

Hugmyndin á bak við námslán er sú að fólk sem kýs að fara í lengra nám verði að hafa einhverja framfærslu af því að á meðan á námi stendur er það ekki í stöðu til að vinna sér inn tekjur. Víða úti í heimi er ekki um lán að ræða, heldur styrki. Hér á landi höfum við þetta lán og krefjum lántakendur um að gera þau upp að fullu – reyndar út fyrir gröf og dauða eins og dæmin sanna.

Árið 1992 var ákveðið að hætta að greiða námslán út fyrirfram. Davíð Oddsson var forsætisráðherra í ríkisstjórn Sjálfstæðis- og Alþýðuflokks, Ólafur G. Einarsson menntamálaráðherra, Gunnar I. Birgisson formaður stjórnar LÍN. Allt sjálfstæðismenn. Rökin voru ekki síst þau að allt of margir lifðu á lánunum en sinntu ekki náminu.

Þessi ákvörðun þýddi að námsfólk þurfti að leita á náðir bankanna og fá yfirdrátt til að lifa af á meðan það stundaði námið sem var forsenda námslánanna. Á skólaárinu 2013-2014 námu útlán LÍN um 15,7 milljörðum króna. Ef við gefum okkur það að námsmenn hafi þurft að sækja þá upphæð til bankanna á hefðbundnum yfirdráttarvöxtum þá er sú upphæð sem námsmenn greiða bönkunum í kringum 1,8 milljarðar króna. Vissulega er þetta ónákvæmt reikningsdæmi og þarf að taka tillit til lengdar lánatímans, en á móti kemur að námsmenn taka flestir lán í nokkur ár. Þetta gefur í það minnsta grófa mynd af dæminu.

Og er það ekki stór hluti vandans? Að bönkunum hafi á silfurfati verið færður ágóði af því að lána námsfólki fyrir framfærslu þess? Námsfólki sem, eins og nýverið kom fram, nýtur langskólanámsins lítið í launahækkunum, en veglega í skuldaaukningu.

FRÁ DEGI TIL DAGS

Hagsýn Harðardóttir
Pistill Eyglóar Harðardóttur, félags- og húsnæðismálaráðherra, hefur farið sem eldur í sinu um vefheima. Í pistlinum hvetur hún ungt fólk til að sýna hagsýni og ráðdeild í fjármálum og tekur dæmi af vinafólki sínu. „Ég átti að vísu vini sem settu alltaf 10 til 20 prósent af launum sínum um hver mánaðamót inn á bankabók áður en nokkuð annað var borgað, sama reikning og fermingargjafirnar fóru inn á nokkrum árum fyrr, sem fóru hægar í gegnum háskólanámið til að þurfa ekki að taka námslán, bjuggu lengur heima til að geta sparað fyrir húsnæði eða tóku strætó í vinnuna til að geta borgað hraðar niður íbúðalánið,“ skrifar ráðherrann á bloggsvæði sínu.

Unga fólkið mætir afgangi
Því miður hefur ríkisstjórnin sýnt dáðleysi við að veita ungu fólki svigrúm til að leggja fyrir. Leiðrétting húsnæðisskulda hefur helst hagnast þeim sem þegar hafa komið undir sig fótunum auk þess sem leiðréttingin hefur drifið upp fasteignaverð sem gerir ungu fólki enn erfiðara fyrir. Þar að auki eru atvinnuhorfur ungs fólks sem er að feta fyrstu skref eftir nám takmarkaðar sem endurspeglast til dæmis í skorti á samningsvilja ríkisins við BHM og Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga og almennt bagalegum launum sérmenntaðra starfsmanna líkt og nýleg úttekt Hagstofunnar hefur leitt í ljós. Þá ríkir frumskógarlögmálið enn á leigumarkaði.

Samstaða með stóru S-i
Ari Trausti Guðmundsson, jarðfræðingur og áhugamaður um þjóðmál, reit grein í Fréttablaðið í gær þar sem hann viðrar gamalgróna hugmynd um sameiningu vinstri manna. „Flokkarnir fjórir hafa engu að tapa í þessum efnum. Það á að ræða stofnun Samstöðu,“ skrifar Ari og veltir upp hugmyndinni um samstöðu með stóru S-i. Til er stjórnmálaflokkur sem heitir Samstaða. Sá flokkur bauð að vísu ekki fram í síðustu kosningum vegna skorts á samstöðu en á þeim tíma var formaður flokksins Birgir Örn Guðjónsson, betur þekktur sem Biggi lögga. Hið nýja sameiningarafl þyrfti að fá nafnið að láni og það er jafnvel spurning hvort Biggi fylgdi með.

stefanrafn@frettabladid.is

HALLDÓR

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **FORSTJÓRI:** Sævar Freyr Þráinsson **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Andri Ólafsson *andri@365.is,* Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is,* Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is.*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

Gunnar Nelson, fegurðin og kappið

SAMFÉLAGSMÁL

Bjarni Karlsson,
prestur við sálgæslustofuna Haf

Fréttaveita Vísis gerði fésbókarstöðufærslu mína um Gunnar Nelson að umtalsefni sl. mánudag í grein sem nefndist Klerkur líkir bardaga Gunnars Nelsons við klám. Mig langar að fylgja þessu máli örstutt eftir.

Við megum vera stolt af Gunnari Nelson. Hann ber með sér allt sem góðan íþróttamann prýðir; hógværð og háttvísi, ögun og einbeitni. Persóna hans sýnir að sönn íþrótt varðar fyrst sigur iðkandans yfir sjálfum sér. Allt annað kemur á eftir.

Sá sem keppir gerir það auk þess alltaf í samanburði við aðra hvort heldur keppt er í hraða, hittni, fimi, líkamlegri yfirbugun eða hverju öðru.

Fegurðinni fórnað

Séra Friðrik sem stofnaði Val lagði áherslu á það við sína drengi að láta ekki kappið bera fegurðina ofurliði og hefur það orðið mörgum að leiðarljósi.

Ég hef nú horft á allmarga UFC-bardaga og þar þykir mér fegurðinni fórnað fyrir kappið. Þá er ég ekki að segja að iðkun fjölbragðaglímu hljóti alltaf að fela í sér ljótleika eða að starf Mjölnis og annarra félaga sem kenna fólki glímutök sé rangt. Ég held raunar að bardagaíþróttir séu mikilvægar og gott fyrir allt fólk að iðka þær. Mér þykir þessi tiltekna íþróttakeppni eins og hún birtist almenningi í fjölmiðlum þó ekki bera með sér þá fegurð sem ég tel að eigi að fylgja íþróttum. Ljótleikinn í þessu er sá að í stað þess að leggja andstæðinginn með glímubrögðum er hann afmennskaður með höggum og spörkum svo bein jafnvel brotna og menn berjast og verjast í blóði sínu uns annar liggur við þröskuld örkumlunar á meðan áhorfendaskarinn fagnar.

➜ Séra Friðrik sem stofnaði Val lagði áherslu á það við sína drengi að láta ekki kappið bera fegurðina ofurliði og hefur það orðið mörgum að leiðarljósi.

Klámgildið

Þar er komin tengingin við klámið sem jafnframt mun vera eitt vinsælasta netefni okkar nútíma. Klám er lýsing á kynferðislegu samneyti þar sem fegurðin er ofurliði borin. Ég velti því s.s. fyrir mér hvort vinsældir UFC-keppninnar standi í samhengi við klámgildi hennar í þeim skilningi að á sama hátt og klám rænir kynferðisleg samskipti fegurð sinni ræni UFC-keppnin íþróttina sinni fegurð. Eftir stendur greddan og kappið, hvort tveggja gott og gilt en ófullnægjandi eitt og sér.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **Sími:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **PRÓUNARSTJÓRI:** Tinni Sveinsson *tinni@365.is* **HELGARBLAÐ:** Erla Björg Gunnarsdóttir *erla@frettabladid.is* **MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is*
LJÓSMYNDIR: Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

Það er eitthvað defekt í Efstaleiti

SAMFÉLAGSMÁL

Finnbogi Hermannsson,
útvarpsmaður og rithöfundur í Hnífsdal

Þegar ég heyrði þau tíðindi ofan úr Efstaleiti á föstudaginn að búið væri að reka þær Hönnu G. Sigurðardóttur og Sigríði Stephensen, bara sisona, kom mér í hug orðalag mömmu sem er 101, að þetta væri eitthvað defekt. Hún sagði þetta jafnan og segir enn þegar henni finnst skorta eðlilegar skýringar á atvikum og röksemdafærsla og málsgögn úti um dal og hól. Hlaut eiginlega að vera eitthvað defekt þegar færustu útvarpskonurnar á Rás 1 voru reknar á guð og gaddinn. Og enn var stuðst við aðferðafræði Páls Magnússonar að sparka fólki samstundis út á hlað og kemur upp eftirminnileg sena úr Skyttunum hans Frikka Þórs þegar hvalföngurunum er sparkað út af Gauknum. Fyrsta hugsunin eftir áfallið felst gjarnan í spurningu: Hvað hef ég gert af mér? Líkt og fórnarlamb nauðgunar fyllist sjálfsásökun og sektarkennd, hvað gerði ég rangt til að verðskulda slíka meðferð?

Okkar RÚV

Okkar RÚV er vígorð Ríkisútvarpsins þessa dagana. Líklega verið að herða á því að stofnunin sé í eigu landsmanna og tileinki sér ákveðna hlutdeild í henni umfram þá að borga afnotagjaldið sem er nefskattur. Lærðist að manni eftir atburði föstudagsins að eitthvað fari þarna á milli mála. Okkar RÚV losaði sig við tvær útvarpskonur sem höfðu unnið Okkar RÚVI af trúmennsku og faglegum metnaði í áratugi. Það er nefnilega svo að störf í útvarpi eru náskyld leikhúsvinnu. Við höldum úti þjóðarleikhúsi og borgarleikhúsi ásamt atvinnuleikhúsi fyrir norðan. Þjóðarleikhús var draumur Indriða Einarssonar sem hafði kynnst slíku í Kaupmannahöfn. Og það eru fastráðnir leikarar sem bera uppi starfið. Leikarinn dafnar og þroskast með leikhúsi sínu sem hann gerði ekki ella og heldur ekki leikhúsið. Í því liggur galdurinn. Nákvæmlega hið sama gerist í útvarpi, þar þroskast útvarpsfólk með miðli sínum og er heilt ævistarf að ná tökum á honum og sjálfu sér. Bæði starf leikarans og útvarpsmannsins felur í sér að koma á sambandi við áhorfendur/hlustendur. Hvorir tveggja stunda það að koma fram fyrir alþýðu manna (performans). Eins og í leikhúsinu er það ákveðinn hópur útvarpsfólks sem ber hitann og þungann af dagskrá og útsendingunni. Ef það er hugsun einhverra dagskrárstjóra að hægt sé að reka metnaðarfulla útvarpsstöð með íhlaupafólki, þá á hann bara eftir að reka sig á að það er ekki hægt.

Svo vill til að konurnar sem sparkað var á föstudaginn tilheyra þeim hópi sem bera uppi dagskrá Rásar 1 og það er afar ótrúverðugt að ekki sé hægt að gera neinar breytingar á dagskrá rásarinnar án þess að losa sig við þær.

Þegar Ríkisútvarpið var gert að svokölluðu opinberu hlutafélagi var látið í veðri vaka að slíkt fyrirkomulag mundi liðka fyrir ýmsum viðskiptum út á við og gera fyrirtækið straumlínulagaðra. Slíkt hefur reyndar ekki borist í hámæli en aftur á móti tíðar fréttir af starfsmannamálum þar sem verið er að ráða og reka. Útvarpsstjóri þarf hvorki að spyrja kóng né prest ef hann langar að reka einhvern starfsmann. Sama lýtur að dagskrárstjórum, þeir eru einvaldar með mannaráðningar og mannarekstur eins og skipstjóri á togara. Því er eins gott að vera ekki með neitt múður ef fólk vill halda plássinu.

Réðst þó ekki á garðinn þar sem hann var lægstur

Ég veit að Hanna G. Sigurðardóttir hefur sett fram faglega gagnrýni þegar henni hefur þótt þurfa og umræðan hefur verið tekin á Rás 1. Því hvarflar að manni að óöruggur dagskrárstjóri hafi gripið til þess óyndisúrræðis að reka Hönnu G. Má þó eiga það að hann réðst ekki á garðinn þar sem hann var lægstur. Síðan hafi Sigríður Stephensen verið valin af nokkru handahófi til að auðvelda yfirklórið. Þetta er auðvitað tilgáta, má kalla samsæriskenningu. Og það fer varla á milli mála að leikhúsmaðurinn útvarpsstjórinn hafi haft einhvern pata af málinu þegar það var að gerjast.

Það er vandræðalegt að þurfa að minnast á aldur þeirra tveggja kvenna sem Okkar RÚV hefur nú gert að taka pokann sinn. Báðar á sextugsaldri, einstæðar mæður og eru fyrirvinnur á heimilum sínum. Þær fá ekki störf í sínu fagi þar sem þau eru ekki til annars staðar en á Rás 1 og þær hafa sjálfar skapað. Borgarleikhúsið sá að sér eftir að hafa rekið Theodór Júlíusson og hann hélt stöðu sinni. Engin minnkun fyrir fyrrverandi borgarleikhússtjóra að viðurkenna mistök OKKAR RÚVS eins og eftirmaður hans gerði, biðjast fyrirgefningar fyrir hönd OKKAR RÚVS og bjóða konurnar velkomnar.

Ég endurtek svo eins og mamma á hundraðasta og öðru aldursári: Þetta er eitthvað defekt þarna í Efstaleiti.

Svo vill til að konurnar sem sparkað var á föstudaginn tilheyra þeim hópi sem ber uppi dagskrá Rásar 1 og það er afar ótrúverðugt að ekki sé hægt að gera neinar breytingar á dagskrá rásarinnar án þess að losa sig við þær.

Sannleikur í hæstaréttí eða kristinni trú?

TRÚMÁL

Jón Valur Jensson,
atvinnulaus guðfræðingur, ættgreinandi og prófarkalesari

Frosti Logason ritar Bakþanka Fréttablaðsins 2. júlí. Í lokaorðum hans kemur skýrt í ljós, að sjónarmið greinar hans byggjast sannarlega ekki á kristnu siðferði, miklu fremur á andúð á kirkju og kristindómi. Þetta er orðið einum of algengt meðal skriffinna. Hvers vegna að skera sig svona frá því sem er helzta lífakkeri Íslendinga þegar á bjátar í tilverunni? Hvers vegna að óvirða vizku aldanna og þá siðakenningu meistarans frá Nazaret og lærisveina hans, sem fylgt hefur þjóðinni til góðs? – m.a. grundvallað hér flesta spítala okkar á miðöldum jafnt sem á 20. öld, haft hér ómæld menningaráhrif í rit- og myndlist, auk þess að afleggja útburð barna, hólmgöngur (einvígi), þrælahald og mannfórnir.

Hvers vegna að óvirða vizku aldanna og þá siðakenningu meistarans frá Nazaret og lærisveina hans, sem fylgt hefur þjóðinni til góðs? - m.a. grundvallað hér flesta spítala okkar á miðöldum jafnt sem á 20. öld, haft hér ómæld meinningaráhrif í rit og myndlist.

Frosti minnist á afnám þrælahalds „á síðustu áratugum“ (svo) og lætur sem það hafi verið kristinni kirkju þvert um geð! (Svo talar hann um vanþekkingu annarra!) – En afnám þrælahalds í Bandaríkjunum og Bretlandi var fyrst og fremst baráttu kristinna hugsjónamanna að þakka – Granville Sharp, Fox, Wilberforce lávarðar, Douglass, Beecher Stove, Abrahams Lincoln o.m.fl., og þá hafði kaþólska kirkjan um eitt og hálft árþúsund beitt sér gegn þessu óréttlæti, hver páfinn á fætur öðrum allar götur út miðaldir og lengur fordæmt þrælahald, einnig þrælaflutninga til Nýja heimsins.

Hvað gerði Hæstiréttur Bandaríkjanna í þrælahaldsmálinu árið 1857? Úrskurðaði, að það væri löglegt! Í alræmdu máli Dreds Scott úrskurðaði rétturinn, að þeldökkt fólk væri ekki persónur að lögum (not legal „persons“) samkvæmt bandarísku stjórnarskránni. Þræll væri því eign eiganda síns og mætti seljast og kaupast, þræla honum út og jafnvel drepa hann að vild þrælahaldarans! (Því breytti Bandaríkjaþing ellefu árum og heilli borgarastyrjöld síðar með nýjum viðauka, 13th & 14th Amendments, við stjórnarskrána.)

Frosti ætti því sízt að gefa í skyn óskeikulleik og skínandi „sannleika“ þessa bandaríska hæstaréttar; og fráleitt er að telja það réttan úrskurð, að stjórnarskráin frá 18. öld hafi falið í sér rétt samkynja fólks til að giftast. Eins var það „legal fiction“ (lagalegur tilbúningur) hjá sama hæstarétti 1973 að úrskurða að stjórnarskráin gæfi konum lagalegan rétt til að láta eyða ófæddum afkvæmum sínum; ekkert var fjær hugsun stjórnarskrárhöfundanna. Í öllum þremur tilvikum (1857, 1973, 2015) var þetta lögleysa hæstaréttar, þar sem látið var undan tíðaranda áhrifamikilla þrýstihópa.

Eitt má þó þakka Frosta Logasyni: að minna lesendur á Kristin stjórnmálasamtök, sem ganga út frá kristnum gildum og andæfa mörgu ranglætinu.

Maggi®

Veldu nýtt krydd í tilveruna

Maggi býður nú þrjár nýjar kryddblöndur sem gefa uppáhaldsréttum fjölskyldunnar ómótstæðilegt bragð.

Töfraðu fram einfalda og gómsæta rétti á augabragði.

Kryddblanda fyrir kjötbollur

1 Hellið innihaldi pakkans út í vatn og látið taka sig í 5 mínútur.
2 Setjið hakkið saman við og blandið vel.
3 Mótið kjötbollur og steikið í 220°C heitum ofni í ca 15 mín. eða steikið á pönnu. Berið fram með heimalagaðri kartöflumús og gufusoðnu grænmeti.

4 skammtar, 20 mín
FERSK VIÐBÓT
600 g kjöthakk, magurt
2 dl vatn
10 g olía til steikingar
Grænmeti: 125 g rauð paprika, 200 g kúrbítur
Kartöflumús: 600 g kartöflur, 4 dl léttmjólk, 2 g salt

Kryddblanda fyrir spaghettísósu

1 Steikið kjöthakkið. Bætið við vatni.
2 Blandið innihaldi pakkans saman við hakkið og hrærið vel. Látið krauma í 10 mínútur.
3 Berið fram með pasta og rifnum osti. Smakkast vel með salati.

4 skammtar, 15 mín
FERSK VIÐBÓT
400 g kjöthakk
4 dl vatn
10 g olía til steikingar
200 g spaghetti, heilhveiti

Kryddblanda fyrir lasanja

1 Steikið kjöthakkið. Bætið við vatni, léttmjólk og innihaldi pakkans. Látið krauma við lágan hita í 5 mín.
2 Setjið til skiptis kjötsósuna og lasanjaplötur í smurt fat. Hafið sósu í neðsta og efsta laginu.
3 Stráið rifnum osti yfir réttinn. Bakið í 180°C heitum ofni í ca 30 mín. Látið réttinn standa í 5 mínútur áður en hann er borinn fram. Berið fram með salati.

4 skammtar, 40 mín
FERSK VIÐBÓT
400 g kjöthakk, magurt
10 g olía til steikingar
4 dl vatn
3 dl léttmjólk
8 lasanjaplötur
50 g rifinn ostur

Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför systur minnar og frænku okkar,

BJARKAR JÓNSDÓTTUR HALLGRÍMSSON
Lindargötu 26, Siglufirði.

Fyrir hönd aðstandenda,
Hrönn Jónsdóttir

Elsku faðir minn, tengdafaðir og afi,

BJÖRN Ó. HELGASON
fyrrverandi rannsóknarlögreglumaður,

lést 10. júlí síðastliðinn. Útför hans fer fram frá Fossvogskirkju, mánudaginn 20. júlí næstkomandi kl. 15.00.

Kristín Anna Björnsdóttir **Sigþór Bragason**
Daníel Freyr Birkisson

Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, dóttir og amma,

MARTA KRISTÍN ÁSGEIRSDÓTTIR
Jörundarholti 110, Akranesi,

lést á líknardeild Landspítalans í Kópavogi, 9. júlí. Útför hennar fer fram frá Akraneskirkju föstudaginn 17. júlí kl. 14.00. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Minningarsjóð krabbameinslækningadeildar Landspítalans. Sjá www.landspitali.is/minningarkort.

Gylfi Þórðarson
Ása Björg Gylfadóttir **Garðar Axelsson**
Þórður Már Gylfason
Birkir Örn Gylfason **Margrét Magnúsdóttir**
Harpa Lind Gylfadóttir **Jóhann Guðmundsson**
Aðalbjörg Guðmundsdóttir
og ömmustrákarnir fjórir.

Innilegar þakkir fyrir hlýhug og vináttu við andlát og útför sonar okkar, bróður, mágs og frænda,

EINARS ATLASONAR
blikksmíðameistara,
Vallarási 3,
Reykjavík.

Atli Pálsson **Margrét S. Einarsdóttir**
Hallgrímur Atlason **Guðbjörg Jónsdóttir**
Guðjón Atlason **Ana Isorena Atlason**
Atli Atlason **Elín Svarrer Wang**
og fjölskyldur.

Innilegar þakkir fyrir samúð, hlýhug og alla aðstoð vegna andláts og útfarar bróður, mágs og frænda,

EIÐS HELGA EINARSSONAR
Skólabraut 5,
Seltjarnarnesi.

Sérstakar þakkir til starfsfólks á hjartadeild LSH.

Herdís Einarsdóttir **Birgir Ásgeirsson**
Einar Þór Óttarsson
Heiður Óttarsdóttir
Þórunn Birgisdóttir **Guðberg K. Jónsson**
Hákon B. Óttarsson **Þórdís Harpa Lárusdóttir**
Þórgunnur Óttarsdóttir **Óskar Gíslason**
Eiður Páll Birgisson **Laufey Einarsdóttir**
Inga Hrönn Óttarsdóttir **Kristinn Jóhann Hjartarson**
Einar Birgisson **Elín Soffía Pilkington**

Elskuleg móðir, tengdamóðir og amma,

SIGURVEIG ERLINGSDÓTTIR
frá Ásbyrgi,
Lundi 1, Kópavogi,

sem lést á heimili sínu þann 6. júlí, verður jarðsungin frá Kópavogskirkju föstudaginn 17. júlí kl. 13.00.

Sigrún Jónasdóttir **Björn E. Johannessen**
Helga Jónasdóttir **Tómas Þór Tómasson**
Jón Erlingur Jónasson **Védís Jónsdóttir**
Úlfhildur Jónasdóttir **Þorsteinn S. Karlsson**
og barnabörn.

ÞETTA GERÐIST: 15. JÚLÍ 1606

Meistari Rembrandt van Rijn fæddist

Hollenski listmálarinn Rembrandt Harmenszoon van Rijn, kom í heiminn þennan mánaðardag árið 1606 í Leiden í Hollandi. Faðir hans var malari og móðir hans dóttir bakara og Rembrandt var einn af níu börnum þeirra.

Hugur hans hneigðist fljótt til lista því 17 ára gamall var hann kominn í læri til málara, eftir aðeins árs nám við bókmennta- og heimspekideild háskólans í heimabæ sínum.

Hann fór í framhaldsnám til Amsterdam og opnaði síðan vinnustofu í Leiden.

Frami hans varð mikill og keypti prinsinn Friðrik Hinrik meðal annars af honum mörg málverk.

Rembrandt málaði hátt í hundrað sjálfsmyndir á ólíkum æviskeiðum.

Ekki að elta gamalmenni heldur nýja lesendur

Hin virta sænska akademía veitti Kristni Jóhannessyni íslenskufræðingi og Gunnari D. Hanssyni skáldi sérstaka viðurkenningu fyrir ritstjórn á heildarútgáfu Íslendingasagna.

„Það var ágætt að fá peninga en aðalatriðið er að Íslendingasögunum skyldi veitt athygli og vinnunni við þýðingar þeirra, mér fannst það gott.“ Þetta segir Kristinn Jóhannesson íslenskufræðingur sem ásamt ljóðskáldinu Gunnari D. Hanssyni hlaut nýlega viðurkenningu sænsku akademíunnar fyrir ritstjórn á heildarútgáfu Íslendingasagnanna í nýrri sænskri þýðingu sem Saga forlag gaf út á síðasta ári. Báðir búa þeir Kristinn og Gunnar í Gautaborg og hafa starfað við háskólann þar. Upphæðin sem hvor fékk nam 100 þúsund sænskum krónum eða ríflega einni og hálfri milljón íslenskra króna. „Þriðji ritstjórinn, Karl G. Johanson sem situr í Ósló, var ekki hafður með, ekki veit ég hvers vegna, akademían hefur kannski ekki átt pening – en reyndar unnum við Gunnar bróðurhlutann af þessu verki. Meðal annars lásum við allt efnið upphátt hvor fyrir annan. Það var þarft.“

Kristinn er staddur í sumarbústað sínum utan við Gautaborg þegar hann svarar símanum. „Bústaðurinn er í skógi skammt frá Lödöse þar sem víkingarnir gengu á land og hér í túnfætinum er lind Ólafs helga. Ég er vel staðsettur,“ segir hann kampakátur. „Ekki spillir að asskoti gott veður hefur verið að undanförnu.“

Hann er Svarfdælingur að uppruna. Kveðst hafa farið beint frá prófborði í Háskóla Íslands til Finnlands fyrir meira en 40 árum, verið þar í eitt ár og svo fært sig yfir til Gautaborgar. Hann hefur kennt íslensku við háskólana í Helsinki, Lundi og Gautaborg en er nú kominn á eftirlaun. Meðan hann var við kennslu kveðst hann yfirleitt hafa komið til Íslands tvisvar á ári til að halda málinu við, hlusta á alls konar útvarpsþætti og lesa hin ýmsu blöð.

SAMSTARFSMENN Kristinn og Gunnar afhentu sænska kónginum sett af Íslendingasögunum og komu fram hjá Samfundet Sverige Island í Stokkhólmi. MYND/SIMON CARLBÄCK

En eru Íslendingasögurnar lesnar í Svíþjóð? „Nýja útgáfan hefur vakið athygli og bækurnar eru gefnar í stórafmælisgjafir og fermingargjafir. Þegar ég held fyrirlestra um sögurnar kemur til mín fólk sem hefur lesið þessar algengustu eins og Gunnlaugs sögu og Grettis sögu en í nýju útgáfunni eru margar skemmtilegar sögur sem hafa ekki náð til fólks. Svo er að verða kynslóðabil líkt og heima. Áður var alltaf lesin ein saga í menntaskólunum, nú eru bara lesnir smá kaflar. Markmið okkar Gunnars var að gera sögurnar aðgengilegar fyrir menntaskólanema og annan ungdóm, ég held að okkur hafi tekist það. Þær eru ekki á neinu slangurmáli heldur vönduðu nútímamáli. Við erum ekkert að reyna að elta gamalmennin heldur nýja lesendur og tökum fram að fornsögurnar séu reyfarar og eigi að lesast með það í huga. Svo getur lesturinn verið undirbúningur undir gerð sería, bíómynda og tölvuleikja úr efninu.“ gun@frettabladid.is

> **Nýja útgáfan hefur vakið athygli og bækurnar eru gefnar í stórafmælisgjafir og fermingargjafir.**

Okkar ástkæra systir, mágkona og frænka,

SIGRÍÐUR AXELSDÓTTIR NASH
Strikinu 8, Garðabæ,

andaðist á hjúkrunarheimilinu Ísafold, Strikinu 3, Garðabæ, föstudaginn 10. júlí síðastliðinn. Útför hennar fer fram frá Garðakirkju, Garðabæ, fimmtudaginn 16. júlí kl. 15.00.

Sverrir Axelsson **Ása Þorsteinsdóttir**
Sigurður Axelsson **Hrafnhildur Kristinsdóttir**
Ester Vilhjálmsdóttir
og fjölskyldur.

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, systir, amma og langamma,

BÁRA PÉTURSDÓTTIR
Klapparhlíð 3, Mosfellsbæ,
(áður Akureyri),

lést á heimili sínu mánudaginn 13. júlí sl. Útförin verður auglýst síðar.

Margrét Sveinbjörnsdóttir
Viðar Sveinbjörnsson
Gunnar Smári Sveinbjörnsson
Elmar Andri Sveinbjörnsson
makar, systkini, barnabörn og barnabarnabörn.

Okkar góði bróðir, frændi og vinur,

JÓHANN BOGI GUÐMUNDSSON
húsasmíðameistari,
Sólvallagötu 74, Reykjavík,

verður jarðsunginn frá Fríkirkjunni í Reykjavík föstudaginn 17. júlí nk. kl. 15.00.

Margrét Guðmundsdóttir **Friðrik Ágúst Helgason**
Gerður Guðmundsdóttir **Þór Whitehead**
og fjölskyldur.

Ástkær eiginkona mín, móðir, systir, tengdamóðir og amma,

ANNA JÓNMUNDSDÓTTIR

lést á líknardeild Landspítalans sunnudaginn 12. júlí. Útförin fer fram frá Laugarneskirkju miðvikudaginn 22. júlí kl. 13.00.

Hilmar Reynir Ólafsson
Þorsteinn G. Hilmarsson
Halldóra Hilmarsdóttir
Hilmar Örn Hilmarsson
Laufey Katrín Hilmarsdóttir
systkini, tengdabörn og barnabörn.

MARKAÐURINN

Miðvikudagur 15. júlí 2015 | 28. tölublað | 11. árgangur

Sími: 512 5000 | visir www.visir.is

VIÐ ELSKUM AÐ PRENTA!
GuðjónÓ
VISTVÆNA PRENTSMIÐJAN

BYGGINGARIÐNAÐURINN
VERÐI HLUTI AF OPINBERRI STEFNUMÓTUN

- Jafnvægi þarf að nást á milli framboðs og eftirspurnar í byggingariðnaði
- Stjórnvöld sögð stýra verkefnum til stærri fyrirtækja
- Svört atvinnustarfsemi vaxandi vandamál í byggingariðnaði
- Endurskoða þarf starfsnám



Áhugi á Indlandi að aukast

Áhugi Vesturlanda á viðskiptum við Indland er tekinn að aukast, segir Þórir Ibsen, sendiherra Íslands í Nýju-Delí. Hann er á meðal framsögumanna um tækifæri í viðskiptum Íslands og Indlands í fyrramálið.

Þórir bendir á að meiri hagvexti sé spáð í Indlandi en í Kína á næstunni. Gert sé ráð fyrir hagvexti undir 7 prósentum á árunum 2015 til 2016 í Kína en á næstu árum sé spáð 7,5 til 8 prósenta hagvexti í Indlandi. ➜ SÍÐA 2

Michelsen fjölgar verslunum

Eftir að hafa starfrækt verslun í miðbænum í rúm 70 ár ætla Michelsen úrsmiðir að opna verslun í Kringlunni á næstunni og vera á báðum stöðum. Unnið var að því að standsetja verslunina á föstudaginn. Frank M. Michelsen, framkvæmdastjóri verslunarinnar, segir Íslendinga hafa verið hrakta úr miðbænum undanfarið. „Við ætlum því að vera með alla öngla úti," segir Frank. ➜ SÍÐA 2

Skattgreiðendur borgi ekki

„Of snemmt er að segja til um hvernig ganga muni að afla fjár til verkefnisins á almennum markaði en það er að sjálfsögðu raunhæfasti mælikvarðinn á hvort verkefnið sé arðbært eða ekki," segir Kjartan Magnússon borgarfulltrúi í aðsendri grein um lest milli Reykjavíkur og Keflavíkur. Hann bendir á að kostnaður við lest gæti numið yfir 100 milljörðum. Mörg dæmi séu um það erlendis að kostnaður við slík hraðlestarverkefni hafi farið langt fram úr áætlunum og almenningur verið látinn gjalda fyrir.

➜ SÍÐA 7

STJÓRNARMAÐURINN
@stjornarmadur

Raunar er ljóst að þegar kemur að skuldadögum þurfa bankarnir sennilega að vernda afkomu sína með hagræðingu eða hækkun þjónustugjalda. ➜ SÍÐA 8

Ekki starfi sínu vaxin?

Skjóðan



Á ÖGURSTUNDU getur það skipt sköpum fyrir alla heimsbyggðina að ráðamenn einstakra ríkja séu starfi sínu vaxnir og geti staðið undir þeirri miklu ábyrgð sem á þeim hvílir.

ÞEGAR horft er til síðari heimsstyrjaldarinnar dylst engum að þegar Winston Churchill tók við forsætisráðherraembætti í Bretlandi af Neville Chamberlain urðu kaflaskil. Stríðslukkan snerist ekki Bretum og bandamönnum í hag þegar í stað, en brotið hafði verið blað.

ÞEGAR við Íslendingar horfum til baka er erfitt að draga aðra ályktun en þá að ráðamenn í ríkisstjórn, Seðlabanka og stjórnkerfi Íslands hafi verið mörgum númerum of litlir í sín vandasömu störf á árunum og misserunum fyrir hrunið sem hér varð 2008.

Í GRIKKLANDI, vöggu lýðræðis í heiminum, hafa óhæfir menn farið með landstjórnina í áratugi. Um það þarf ekki að deila. Afleiðingarnar eru skelfilegar fyrir Grikki, sem nú eru háðir nágrönnum sínum um neyðaraðstoð til að afstýra algeru hruni.

ENDURREISN Þýskalands eftir seinni heimsstyrjöldina er oft kennd við Konrad Adenauer, kanslara 1947-1963, og Ludwig Ehrhard, fjármálaráðherra hans og eftirmann, og víst er að þeir voru engir meðalmenn. Þó hefði þeim Adenauer og Erhard aldrei tekist að endurreisa Þýskaland án mikillar aðstoðar annarra ríkja. Sú aðstoð fólst m.a. í Marshall-aðstoð Bandaríkjamanna og stórfelldri skuldaniðurfellingu, sem gengið var frá á Lundúnaráðstefnunni 1953.

NÁGRANNARÍKI Þýskalands ætluðu Þjóðverjum ekki hið óframkvæmanlega hlutskipti að komast á réttan kjöl fjárhagslega með því að skera niður útgjöld og hækka skatta í brostnu hagkerfi enda hefði það aldrei gengið. Þjóðverjum var rétt hjálparhönd og þeir reistir á fætur.

ÞVÍ er það kaldhæðnislegt þegar Grikkland er á fjárhagslegri vonarvöl að þýskir ráðamenn skuli ganga fremstir í flokki þeirra sem gera óraunhæfar kröfur um niðurskurð og skattahækkanir í gríska hagkerfinu. Ekki verður betur séð en að einn tilgangur þess skrípaleiks, sem staðið hefur í Brüssel undanfarnar vikur, sé að niðurlægja Grikki. Sjálfsagt er að gera kröfur um umbætur í grískri stjórnsýslu og hagstjórn en án stórfelldra skuldaafskrifta er Grikklandsævintýrið dæmt til að enda með skelfingu fyrir Evrópu.

ÞAÐ er ekki fyrr en á reynir sem í ljós kemur hvort stjórnmálamenn eru leiðtogar eða vindhanar. Í stað þess að leiða Grikklandskrísuna til farsællar lausnar fyrir alla höfðar Angela Merkel til lægstu hvata þýskra kjósenda. Hún er ekki starfi sínu vaxin. Nú er sjálft ESB í hættu vegna þýskrar óbilgirni í garð Grikkja. Hætt er við að sagan skipi Merkel annars staðar í sveit en með Adenauer, Erhard, Brandt, Schmidt og Kohl.

SKJÓÐAN er frekju- og leiðindaskjóða, sem lætur ekkert mannlegt sér óviðkomandi.

Feðgarnir í Michelsen úrsmiðum ætla að reka tvær verslanir:

Opna nýja verslun

Eftir að hafa starfrækt verslun í miðbænum í rúm 70 ár ætla Michelsen úrsmiðir að opna verslun í Kringlunni á næstunni og vera á báðum stöðum. Unnið var að því að standsetja verslunina á föstudaginn.

Frank M. Michelsen, framkvæmdastjóri verslunarinnar, segir Íslendinga hafa verið hrakta úr miðbænum undanfarið. „Við ætlum því að vera með alla öngla úti," segir Frank og býst við því að útlendingar muni sækja í verslunina á Laugavegi en Íslendingar muni sækja í Kringluna.

Frank segir hluta af ástæðunni líka vera þá að fram undan sé uppbygging á Laugavegi og því fyrirséð að loka þurfi versluninni þar í 2-4 vikur í vetur.

Verslunin Michelsen úrsmiðir var stofnuð á Sauðárkróki 1909. Á árunum 1943-1946 voru reknar tvær verslanir, ein fyrir norðan og ein í Reykjavík, en þær voru svo sameinaðar í eina verslun í Reykjavík. - jhh

VERSLUNIN STANDSETT Verið var að festa ljós og setja upp skilti í Kringlunni fyrir helgi. FRETTABLAÐIÐ/GVA

Markaðir að opnast fyrir lýsi í Indlandi

Áhugi Vesturlanda á viðskiptum í Indlandi er að aukast, segir sendiherra Íslands. Ríkisstjórnin þar vinnur að því að auka erlenda fjárfestingu. Tækifæri þar fyrir verkfræðistofur, tölvuleikjaframleiðendur og framleiðendur á hreinum afurðum.

Áhugi Vesturlanda á viðskiptum við Indland er tekinn að aukast, segir Þórir Ibsen, sendiherra Íslands í Nýju-Delí. Hann er á meðal framsögumanna á fundi Íslensk-indverska viðskiptaráðsins, Félags atvinnurekenda og utanríkisráðuneytisins um tækifæri í viðskiptum Íslands og Indlands á fimmtudaginn.

ÞÓRIR IBSEN SENDIHERRA

Þórir bendir á að meiri hagvexti sé spáð í Indlandi en í Kína á næstunni. Gert sé ráð fyrir hagvexti undir sjö prósentum á árunum 2015 til 2016 í Kína en á næstu árum sé spáð 7,5 til 8 prósentum í Indlandi.

Þórir bendir á að forsætisráðherra Indlands, Narenda Modi, hafi lagt gríðarlega mikla áherslu á að auka erlenda fjárfestingu í landinu. „Hann hefur farið vítt og breitt, til Bandaríkjanna, Kanada, Ástralíu, til Kína, Japans og til Evrópu til að skapa nýja ímynd af Indlandi," segir hann.

Þórir segir að indversk stjórnvöld leggi nú mikla áherslu á að laða að fjárfestingu og vilji byggja upp iðnað í landinu. Nútímavæða borgir og gera þær hátæknivæddar. Endurbyggja orkukerfið hjá sér og auka nýtingu á endurnýjanlegum orkugjöfum.

Í DELÍ Um 1,2 milljarðar manna búa í Indlandi. Þar er mikil fátækt en um 400 milljónir manna eru í millistétt eða efri stéttum. NORDICPHOTOS/GETTY

Þórir bendir á að mannfjöldinn í Indlandi sé 1,2 milljarðar. Þótt þar sé mikil fátækt sé líka mikil velmegun hjá hluta þeirra. Til millistétta og efri stétta teljist 400 milljónir manna

„Fyrir okkur er athyglisvert að skoða nánar þá atvinnuvegi sem þeir eru að leggja áherslu á," segir Þórir. Hann ítrekar að lögð sé áhersla á endurnýjanlega orku. Hún verði aukin um 160 þúsund megavött fyrir árið 2022. „Þeir leggja mesta áherslu á sólarorku, vatnsorku og jarðvarma. Þar er biti fyrir okkur til að sækja fram," segir Þórir.

Þá sé lögð áhersla á að nútímavæða borgir og styrkja innviði. Þar séu tækifæri fyrir arkitekta, verkfræðistofur og fleiri aðila í byggingaframkvæmdum. Þá sé stafræni markaðurinn að eflast, meðal annars leikjamarkaðurinn. Einnig sé mikil eftirspurn eftir gervilimum og hjálpartækjum. Þá sé fólki að fjölga sem kýs hreinar afurðir. Markaðir séu að opnast fyrir ómega-3 vörur og lýsi. jonhakon@frettabladid.is

Gengi félaga í Kauphöll Íslands

11 Á UPPLEIÐ
Félög sem hækkuðu í verði

2 Á NIÐURLEIÐ
Félög sem lækkuðu í verði

3 STÓÐU Í STAÐ
Félög sem stóðu í stað

MESTA HÆKKUN
NÝHERJI 141,1% frá áramótum
NÝHERJI 3,1% í síðustu viku

MESTA LÆKKUN
TM -20,5% frá áramótum
TM -1,4% í síðustu viku

Aðallisti Kauphallarinnar | Nasdaq Iceland

Félag	Gengi í gær	Frá áramótum	Vikubreyting
Bank Nordic (DKK)	124,00	19,2%	0,0%
Eik fasteignafélag*	6,72	-1,2%	0,9%
Eimskipafélag Íslands	226,50	-4,2%	0,2%
Fjarskipti (Vodafone)	39,02	12,0%	0,5%
Hagar	37,10	-7,5%	0,8%
HB Grandi	41,70	24,7%	1,1%
Icelandair Group	25,15	17,5%	0,0%
Marel	189,00	38,4%	1,1%
N1	38,45	69,8%	2,5%
Nýherji	12,11	141,1%	3,1%
Reginn	15,38	16,2%	2,4%
Reitir*	66,60	6,8%	2,4%
Sjóvá	10,70	-10,5%	0,0%
Tryggingamiðstöðin	21,20	-20,5%	-1,4%
Vátryggingafélag Íslands	8,30	-9,4%	-1,2%
Össur	480,00	35,7%	2,1%
Úrvalsvísitalan OMXI8	1.478,27	14,6%	1,7%
First North Iceland			
Century Aluminum	3.300,00	0,0%	0,0%
Hampiðjan	26,20	19,0%	2,7%
Sláturfélag Suðurlands	1,40	-24,3%	0,0%

*Skráð á árinu (þróun frá útboðsgengi).

Dagatal viðskiptalífsins

keldan dagatal viðskiptalífsins

MIÐVIKUDAGUR 15. JÚLÍ
Hagstofan – Fiskafli í júní 2015

FIMMTUDAGUR 16. JÚLÍ
Hagstofan – Vísitala íbúðaverðs á höfuðborgarsvæðinu

FÖSTUDAGUR 17. JÚLÍ
Þjóðskrá – Upplýsingar um leiguverð íbúðahúsnæðis

MÁNUDAGUR 20. JÚLÍ
Hagstofan – Vísitala byggingarkostnaðar

MIÐVIKUDAGUR 22. JÚLÍ
Hagstofan – Vísitala kaupmáttar launa
Hagstofan - Greiðslujöfnunarvísitala

Allar markaðsupplýsingar eru aðgengilegar á visir

Forsetinn haldi málskotsrétti:

Leiðrétt

Í Markaðshorni um Þjóðaratkvæðagreiðslur í Markaðnum þann 8. júlí síðastliðinn var fullyrt að í frumvarpi stjórnlagaráðs að nýrri stjórnarskrá sé málskotsréttur forseta Íslands í núverandi stjórnarskrá afnuminn. Í stað þess sé kveðið á um að tíu af hundraði geti krafist þjóðaratkvæðagreiðslu um lög sem Alþingi hefur samþykkt. Það er rangt.

Hið rétta er að samkvæmt frumvarpinu mun bæði tíu af hundraði þjóðarinnar og forsetinn geta vísað málum í þjóðaratkvæði. - jhh

Nýsköpunarfyrirtækið Tulipop birtir ársreikning fyrir árið 2014:

Átta milljóna tap

Íslenska fyrirtækið Tulipop tapaði átta milljónum króna á síðasta ári. Ári áður var 1,17 milljóna króna hagnaður eftir skatta. Þetta kemur fram í samandregnum ársreikningi fyrir árið 2014, sem nýlega var birtur í ársreikningaskrá. Eigið fé félagsins var 19 milljónir í lok árs.

Þrír starfsmenn voru að meðaltali hjá fyrirtækinu í fyrra. Stærstu eigendur Tulipop eru tveir af starfsmönnum fyrirtækisins, þær Helga Árnadóttir og Signý Kolbeinsdóttir, sem eiga samtals 75 prósenta hlut. Tulipop-vörulínan var stofnuð árið 2010. Í dag eru vörurnar seldar víða um heim. -jhh



EIGENDUR Stærstu eigendur Tulipop eru vinkonurnar Signý Kolbeinsdóttir og Helga Árnadóttir.

Make it matter.

intel inside CORE m

Margur er knár þótt hann sé smár.

HP EliteBook Folio 1020 Special Edition.
Mjög örugg, einstaklega sterkbyggð og fallega hönnuð.

- Orkusparandi Intel® Core™ M örgjörvi
- Aðeins 15,7mm þunn
- Aðeins 1 kg.
- 9 tíma rafhlöðuending
- Með 12,5" Quad HD skjá
- Ytra byrði úr Magnesium-Lithium
- Stóðst 13 próf samkvæmt Mil-Spec 810G staðlinum

Nánari upplýsingar um HP EliteBook fartölvurnar eru á
www.ok.is/elitebook/

*Intel, merki Intel, Intel Inside, Intel Core og Core Inside eru vörumerki Intel Corporation í Bandaríkjunum og/eða öðrum löndum.

Platinum Partner
Printing & Computing Systems

OPIN KERFI

Opin kerfi hf. | Höfðabakka 9 | 110 Reykjavík | www.ok.is | sala@ok.is | sími 570 1000

NÝBYGGINGAR Það gætti fremur neikvæðs viðhorfs á meðal þátttakenda STEFNUmóts til samningaumhverfisins og útboðsmála sem eru ríkjandi í íslenskum byggingariðnaði. Gagnrýnt var að í opinberum útboðum væri öðru fremur horft á fjárhagslega þætti þó ljóst væri að besta tilboðið væri ekki alltaf það lægsta. FRÉTTABLAÐIÐ/ANDRIMARÍNÓ

Skammsýni og skipulagsleysi ríkjandi

Sveiflur í byggingariðnaði eru of miklar og skammsýni, skipulagsleysi og metnaðarleysi ríkjandi. Auka þarf virðingu fyrir iðnnámi. Gamla meistarakerfið þykir úrelt og hið opinbera þarf að styðja betur við starfsnám.

ÚTTEKT
Jón Hákon Halldórsson
jonhakon@frettabladid.is

Það er lykilatriði fyrir íslenskan byggingariðnað að ná auknu jafnvægi á milli framboðs og eftirspurnar innan greinarinnar til að efla samkeppnishæfni hennar. Þetta eru á meðal helstu niðurstaðna í nýrri meistararitgerð í stjórnun og stefnumótun sem Guðrún Ingvarsdóttir, arkitekt og verkefnastjóri þróunarverkefna hjá Búseta, vann við viðskiptafræðideild Háskóla Íslands.

Markmið ritgerðarinnar var að greina leiðir til eflingar samkeppnishæfni íslensks byggingariðnaðar í kjölfar efnahagshruns. Í ritgerðinni er varpað ljósi á það hverjir skipa klasa íslensks byggingariðnaðar og hverjar helstu áskoranirnar eru sem klasinn stendur frammi fyrir. Einnig er fjallað um það hvaða umbótarverkefni eru til þess fallin að efla samkeppnishæfni klasans.

Megingagnaöflun í verkefni Guðrúnar fór fram á STEFNUmóti íslensks byggingariðnaðar sem var haldið í nóvember 2014. þar komu tæplega 200 aðilar þvert á byggingariðnaðinn saman til umræðna og skoðanaskipta um stöðu og sóknarfæri.

Miklar sveiflur

Hlutdeild byggingariðnaðar í vergri landframleiðslu einkennist af verulegum sveiflum. Samkvæmt tölum Hagstofunnar fór hún hæst í 12 prósent af vergri landsframleiðslu árið 2008 en eftir efnahagshrunið snarminnkaði hún og hefur að meðaltali legið í um fimm prósentum. Þátttakendur á STEFNUmóti íslensks byggingariðnaðar töldu helstu veikleika íslensks byggingariðnaðar meðal annars vera sveiflukennt ástand í hagkerfi og þau áhrif sem þessar sveiflur hafa haft á bólumyndun eða atvinnuleysi. Þeir töldu að stöðugleika vantaði og að skammsýni, skipulagsleysi og metnaðarleysi væri ríkjandi. Í umræðum vinnuhópa kom fram að á árunum eftir hrun hefðu ríki og sveitarfélög gert nákvæmlega það sem ekki hefði átt að gera. Það er, keyra upp opinbera fjárfestingu í uppsveiflu og draga svo saman áður óþekkt umsvif þegar verr áraði. Grundvöllur stöðugleika væri að stjórnvöld settu sér langtímamarkmið og tækju byggingariðnaðinn inn í sem þátt í opinberri stefnumótun.

Innleiðing reglugerðar

Þátttakendur á STEFNUmóti voru spurðir um viðhorf sitt til reglugerðarumhverfis og neytendaverndar. Í báðum tilvikum gætti fremur neikvæðs viðhorfs. Enginn þátttakandi var mjög ánægður með reglugerðarumhverfið og einungis eitt prósent þátttakenda var mjög ánægt með neytendavernd. Aðilar úr stjórnsýslunni voru ánægðastir allra hópa með reglugerðarumhverfi og óánægðastir allra með stöðu neytendaverndar.

Þátttakendum STEFNUmóts þótti innleiðing byggingarreglugerðarinnar frá árinu 2012 einkennast af hraða, lélegri kynningu og takmörkuðu samráði, sem þó hefði batnað nokkuð þegar leið á. Kalla hefði þurft eftir meira samráði við stoðkerfi og verktaka, gefa sér betri tíma í það ferli og taka færri skref í einu. Rætt var um nauðsyn þess að kynna breytingar á lögum og reglugerðum betur og að auka þyrfti tengsl milli ráðuneyta og iðnaðar. Þá kom fram að færa þyrfti málaflokkinn undir eitt ráðuneyti í stað þess að hann heyrði undir bæði umhverfis- og auðlindaráðuneyti og atvinnuvegaráðuneytið eins og nú er.

Þá gætti fremur neikvæðs viðhorfs á meðal þátttakenda til samningaumhverfisins og útboðsmála sem eru ríkjandi í íslenskum byggingariðnaði. Mestrar ánægju gætti hjá fulltrúum fasteignafélaga og fjármögnunar þar sem 32 prósent voru frekar eða mjög ánægð með stöðu mála. Ýmis gagnrýni kom fram á ýmsa þætti í tengslum við útboðsform, matsaðferðir og gerð verklýsinga. Gagnrýnt var að í opinberum útboðum væri öðru fremur horft á fjárhagslega þætti þó ljóst væri að besta tilboðið væri ekki alltaf það lægsta. Þetta ýtti undir átakahefð. Stjórnvöld voru gagnrýnd fyrir að „stýra“ verkefnum inn í stærri fyrirtæki. Með því væri stuðlað að skertri samkeppni enda væru aðeins örfá stærri fyrirtæki starfandi. Jafnframt var bent á að hjá flestum stýriverktökum væri öll vinna aðkeypt og því væri í raun verið að framselja samningsstöðu til stýriverktakans. Þetta væri óábyrgt gagnvart minni fyrirtækjum í verktakaiðnaði sem mörg hver væru sérhæfðari en þau stóru. Til að stuðla að bættu rekstrar- og starfsumhverfi væri mikilvægt að stuðla að fjölbreyttari útboðsleiðum. Þá var rætt um að útboðsgögn og verklýsingar væru víða léleg. Algengt væri að verktími væri of knappt áætlaður og stuðlaði það að skertum gæðum og óhóflegum þrýstingi á verktakafyrirtæki. Þá var bent á að tækifæri til umbóta lægju í aukinni nýtingu upplýsingatækni og var útboðsþingi Samtaka iðnaðarins hrósað.

Viðskiptasiðferðið er vandamál

Miðað við niðurstöður STEFNUmóts er viðskiptasiðferði í byggingariðnaðinum nokkurt vandamál. Sjötíu og tvö prósent þeirra sem þátt tóku voru mjög eða frekar óánægð með stöðu mála en enginn þátttakenda reyndist mjög ánægður með þennan þátt. Jákvæðastir voru fulltrúar fasteignafélaga og fjármálastofnana (23 prósent) en enginn fulltrúi stjórnsýslu var jákvæður gagnvart stöðu viðskiptasiðferðis. Þá var mikill meirihluti þátttakenda, eða 85 prósent, mjög eða frekar sammála því að svört atvinnustarfsemi væri vandamál innan iðnaðarins. Níutíu prósent voru sammála því að svört atvinnustarfsemi veikti samkeppnisstöðu fyrirtækja í iðnaðinum. Skiptari skoðanir voru um hvort svört atvinnustarfsemi væri vaxandi vandamál í iðnaðinum, en 51 prósent taldi svo vera en 13 prósent þátttakenda voru frekar eða mjög ósammála því.

Álíka skýrar línur mátti sjá í umræðunum hvað varðaði siðferðistengda þætti. Kvartað var yfir kennitöluflakki og tækifærismennsku sem ríkjandi væri og bent á að iðnaðarmenn þyrftu að bæta virðingu og siðferði í störfum sínum. Þá var rætt um siðleysi meðal stærri verktakafyrirtækja sem hefðu „hreðjatök“ á sveitarstjórnum. Þá var rætt um að stýri- og aðalverktakar hlunnfæru víða undirverktaka sína með tilheyrandi áhrifum niður keðjuna. Þá töldu þátttakendur að auka þyrfti markvisst samstarf iðnaðarins með fjármálastofnunum með það að markmiði að laga fjármögnunarleiðir að framkvæmdaferli og stuðla að heilbrigðari fjárhag aðila niður framleiðslukeðjuna.

12%

var hluti byggingariðnaðarins í vergri landsframleiðslu þegar hann fór sem hæst á árunum fyrir bankahrun.

Mikilvægt að bæta menntun

Á STEFNUmóti var mikið rætt um iðnnám og hvernig mögulega mætti efla það. Menn lýstu áhyggjum af því hve fáir stunda iðnnám og hver ímynd þess væri. Auka þyrfti virðingu fyrir því og jafna rétt þess gagnvart bóknámi. Þá var rætt um að gamla meistarakerfið væri úrelt. Erfitt væri fyrir atvinnurekendur að taka nemendur við þær rekstraraðstæður sem hér ríktu og mikilvægt að hið opinbera styddi við starfsnámssamninga með fjárframlagi líkt og gert væri með annað nám. Á móti mætti gera meiri kröfur á meistara um gæði námsins.

FÓLK
KYNNINGARBLAÐ

Hvað skal sjá í Barcelona
Jordi Pujolà er katalónskur rithöfundur búsettur á Íslandi. Hann gefur tuttugu góð ráð til þeirra sem heimsækja Barcelona.
SÍÐA 2

White-Westinghouse - *amerísk gæða heimilistæki*

Þvottavél *12 kg* Þurrkari

Taka 12 Kg · Hljóðlát
Stórt op > auðvelt að hlaða
Sparneytin amerísk tæki.

<Þvottvélin tekur heitt og kalt vatn

Afkastamikill þurrkari >

Amerísk gæðavara

RAFVÖRUR
DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · WWW.RAFVORUR.IS

Amerísk gæðavara

salcura Náttúruleg húðmeðferð í úðaformi

Þjáist þú af sveppasýkingu eða þurrki í slímhúð?

Topida Intimate Hygiene Sprey
þykir sérlega áhrifarikt við sveppasýkingu, kláða, særíndum eða þrusku i slímhúð.

Helga Torfadóttir mælir hiklaust með Topida Intimate Hygiene Sprey.

Fæst í flestum apótekum og heilsubúðum.

GULL BYLGJAN

ÍSLAND ER ÆÐI

Í UPPÁHALDI *Kristín Helga Gunnarsdóttir rithöfundur segir hér frá uppáhaldsstöðum sínum á landinu. Hún segir erfitt að gera upp á milli staða.*

Uppáhaldsstaðurinn
Ísland er uppáhalds. Sumarlandið eins og það leggur sig. Borgarfjörðurinn með þúfum og klettum, hverum, hraunbreiðum, fjallahring og jöklasýn. Kerlingarfjöllin og Hveravellir. Tröllaskagi eins og hann leggur sig, jafnt sumar sem vetur. Snæfellsnes, Herðubreið, Botnssúlur og Ódáðahraun. Vatnajökulsþjóðgarður og Mývatn! Vestfirðir og horfna huldulandið í Fjörðum. Þingvellir líka, svo stutt þangað úr höfuðstaðnum, en samt svo stórt ævintýri og sagan öll. Ísland er æði.

Skemmtilegasta gönguleiðin
Síðasta gönguleiðin er oftast sú skemmtilegasta. Til dæmis ganga með tíkinni Lottu flottu úr Fljótum á fjallaskíðum yfir í Siglufjarðarskarð í vetur í sólskini og himnesku. En kannski er næsta ganga alltaf uppáhalds. Í næstu viku geng ég með góðu fólki í nágrenni Reykjarfjarðar á Ströndum og til baka til Norðurfjarðar.

Flottasta tjaldsvæðið
Uppáhaldstjaldstæði allra tíma er sennilega í Kerlingarfjöllum. Þar hef ég oftast tjaldað og lent í öllum veðrum og ótal ævintýrum. Svo er göldrótt að tjalda í Vesturdal og innst í Básum, en allra best er að stelast með kúlutjaldið á bak við hól á leynistað og týnast í sumarnóttinni.

Uppáhaldsbærinn
Uppáhaldsbærinn er Dalvík með sykurtoppum og svörtum sandi og endalausum gönguleiðum innan seilingar. En Borgarnes leynir heldur betur á sér, einstakt bæjarstæði á sögusló og Stykkishólmur, svimandi fagur. Já, og Húsavík er stemningsstaður. Og Hólmavík er falin á bak við heiminn.

Uppáhaldsbaðstaðurinn
Baðstaðurinn er allir þessir endalausu heitu pottar úti um trissur í almenningsog einkaeign. Það er fátt sætara en að liggja í heitum potti eftir langan göngueða skíðadag og eitthvað svo íslenskt.

Besta vegasjoppan
Á göngu í nágrenni Reykjavíkur er kaffihúsið í Álafosskvosinni fyrirmyndar og uppáhalds. Svo mæli ég með því að fólk sé meðvitað um að versla í heimabyggð og leita uppi hið sérstaka á hverjum stað. Það þarf ekki að fara langt til að forðast kliðinn og komast frá keðjusjoppunum. Einstakir staðir eins og Landnámssetrið í Borgarnesi, Hraunsnef í Norðurárdal, Kaffihúsið Hlaðan á Hvammstanga, Gísli, Eiríkur, Helgi kaffihús á Dalvík, Gamla fjósið undir Eyjafjöllum, Kaffi Krús á Selfossi. Það er svo mikilvægt á ferðalaginu að líta eftir því fallega og styðja við þjónustu heimamanna sem leggja alúð og metnað í að taka á móti gestum.

Fjölgun ferðamanna – góð eða slæm þróun?
Ó, svo stór spurning sem biður um svo langt svar. Góð þróun af því að við viljum bæði ferðast og taka á móti gestum. Þannig minnkar heimurinn. Við kynnumst hvert öðru og lærum betur að lifa saman á litlum hnetti. Slæm af því að við erum ekki tilbúin, vinnum ekki heimavinnuna okkar og leysum ekki praktísk vandamál af metnaði og myndarskap. Það þarf breytt viðhorf til náttúruverndar og margfalt fjármagn til að viðhalda stöðum og taka á móti ferðamönnum svo vel fari.

KERLINGARFJÖLL
„Uppáhaldstjaldstæði allra tíma er sennilega í Kerlingarfjöllum. Þar hef ég oftast tjaldað og lent í öllum veðrum og ótal ævintýrum," segir Kristín Helga.

KRISTÍN HELGA GUNNARSDÓTTIR

Eitt öflugasta andoxunarefnið á markaðnum

Túrmerik
95% Curcumin

20% afsláttur

Getur haft góð áhrif á bólgur, blóðrás, minni, geð og blóðsykursójafnvægi.

„Undraefnið" frá Natures aid

natures aid

GMP vottun tryggir gæði

Útsölustaðir: flest apótek, heilsubúðir og heilsuhillur verslana.

FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.
Útgefandi: **365 miðlar |** Ábyrgðarmaður: **Svanur Valgeirsson |** Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir** Sölumenn: **Bryndís Hauksdóttir,** bryndis@365.is, s. 512 5434 **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@365.is, s. 512 5429

facebook.com/Commalceland

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is
SAFT

GÓÐ RÁÐ FYRIR BARCELONAFARA

BARCELONA *Jordi Pujolà er katalónskur rithöfundur sem hefur búið á Íslandi frá sumrinu 2013. Hann starfaði sem fasteignasali í Barcelona þegar hann ákvað að láta drauminn rætast um að gerast rithöfundur.*

Jordi fluttist með alla fjölskylduna til Íslands. Jordi líkar vistin vel en annað veifið saknar hann þó Barcelona. Hann gefur hér tuttugu góð ráð til þeirra sem heimsækja borgina.

BORGIN

1. Eitt af því sem ég sakna mest er að rölta um gamla bæinn. Þar má finna bestu alþjóðlegu verslanirnar en einnig litlar og þjóðlegar.

Bestu hverfin til að dveljast í, heimsækja og ganga um eru: Garcia (milli Fontana og Diagonal), Barceloneta (þar má finna veitingastaðinn Torre de Alta Mar), Barrio Gótico (frá Plaza Catalunya til Pza. Real), Born (heitasta hverfið) og el Raval (frá Plaza Catalunya til C/Carmen). Nokkuð er um vasaþjófa í Gótico og Raval og því óráðlegt að vera einn á ferð í þröngum strætum.

Yndislegt er að ganga eftir hinni glæsilegu Rambla Cataluña og Paseo de Gracia. Enric Granados er einnig mjög áhugaverð gata, sérstaklega vegna veitingahúsanna. Farið niður að sjó eftir Römblunni, en gerið það, ekki kaupa Mexíkóhatt. Munið eftir því að fara upp Christopher Columbus-turninn.

2. Ómissandi viðkomustaðir eru Sagrada Familia og Parc Güell eftir Antoni Gaudi (best er að panta á netinu til að forðast langar biðraðir). Einnig Picassosafnið, Palau Nacional og Museo Nacional de Cultura de Catalunya,

MATARMENNING

3. Smakkaðu spænsku skinkuna, sú besta er „ibérico de bellota“ sem best er að skera með hníf og borða með „pan con tomate“ (brauði og tómötum).

4. Farið varlega þegar þið fáið ykkur paellu. Forðist veitingastaði sem birta áberandi myndir af réttinum. Prófið týpuna „arroz caldoso con bogavante“.

Ég mæli með „Monchos Marina“ veitingastaðnum í turni Port Olympic. Það eru einnig flottir staðir í Barceloneta. Fullkominn drykkur með paella er hvítvín. „Verdejo“ eða „Penedés“ passa vel. Ekki ofgera ykkur með sangríu til að forðast timburmenn. Ef þið eruð ánægð með þjónustuna er við hæfi að gefa 5% í þjórfé.

5. Tapas. Í dag virðist hvað sem er vera kallað tapas sem er leitt. Ég mæli með veitingastöðunum Ciudad Condal, la Cervecería Catalana eða Pacomeralgo.

6. Til að slaka á; pantið kaffi og ljúffengt „ensaimadas“ í Forn Mistral nærri Pza. Universidad.

7. Pantið borð á netinu til að fá góðan afslátt til dæmis á vefsíðunni thefork.com.

Hér eru nokkrir af uppáhaldsveitingastöðum mínum; Boca Grande, El Japonés del Tragaluz, Ikibana Paral.lel og El Nacional. Önnur vefsíða segir frá börum og klúbbum, youbarcelona.com. Ég mæli með kokteil á 26. hæð Hótel W (Eclipse).

8. Ef þið eruð hrifin af sjávarréttum þá eru ostrur og ferskar rækjur frá Vilanova og Palamós bestar.

9. Besta nautasteikin er „Solomillo de ternera o buey“ (sirloin-steik).

DRYKKIR

10. Fáið ykkur cava (freyðivín) í staðinn fyrir kampavín. Bestu gæði miðað við verð. Veljið þó alltaf brut eða brut nature, aldrei semi eða sweet.

11. Matargúrúar á Spáni velja rauðvínin frá Ribera del Duero.

12. Ef þið eruð hrifin af konjaki er gott að prófa Cardenal Mendoza eða Duque de Alba.

Parc Güell eftir Antoni Gaudi er skemmtilegur garður. NORDICPHOTOS/GETTY

VERSLANIR

13. Besta verslunarmiðstöðin að mínu mati er L´Illa Diagonal. Ég mæli með veitingastöðunum Sakura Ya og L´Andreu (biðjið um „pan de coca con tomate y jamón ibérico“). Eina verslunarmiðstöðin sem er opin á sunnudögum og öðrum helgidögum er Maremagnum.

SAMGÖNGUR

14. Passið veskin og farangurinn um borð í strætó eða neðanjarðarlestum. Ekki hlusta á ókunnuga sem reyna að segja ykkur brandara eða fáránlegar sögur.

15. Takið leigubíl, þeir eru ekki eins dýrir og á Íslandi. Semjið um verð fyrirfram þegar fara á lengri leiðir eins og á flugvöllinn.

ÖNNUR RÁÐ

16. Ekki gleyma reiðufé. Sumar búðir taka ekki við kreditkortum og iðulega þarf að sýna skilríki eða vegabréf þegar kortin eru notuð.

17. Takið með ykkur góðan jakka í desember, janúar og febrúar. Bókið herbergi með loftkælingu ef þið eruð á ferðinni yfir sumartímann.

18. Ekki kaupa hluti sem seldir eru á götunni, þeir eru falsaðir og þið getið fengið sekt frá lögreglunni.

19. Þegar fara á út fyrir borgina er gott að leigja bíl og fara á Castelldefels-ströndina í 18 km fjarlægð frá borginni, eða til Sitges sem er í 40 km fjarlægð.

BÖRN

20. Með börnum er gott að fara í garðinn Parque de Atracciones de el Tibidabo. Einnig er gaman að heimsækja kirkjuna þar.

Sagrada Familia er tilkomumikil bygging. NORDICPHOTOS/GETTY

Jordi hefur ekkert út á íslenska veðrið að setja og fer allra sinna ferða á hjóli jafnt sumar sem vetur. MYND/GVA

MIÐVIKUDAGUR **15. JÚLÍ 2015**

GÖNGUSKÓR &ÚTIVISTARFATNAÐUR

Kynningarblað Trespass - ný útivistarverslun, græn hreyfing er best, hvernig á að velja gönguskó.

Hægt að svindla á öllu – nema skónum

Pétur Eggerz, Möguleikhússtjóri og leiðsögumaður, gengur í öllum veðrum. Hann veit sem er að góðir gönguskór eru það mikilvægasta þegar farið er á fjöll.

„Eins og einhver sagði þá geturðu svindlað á flestöllu í útivist nema skónum. Það er ekkert verra til en að ganga langar vegalengdir og vera að drepast í löppunum. Ég gekk á sínum tíma á Hvannadalshnjúk í skóm sem ég hafði átt lengi en voru ekkert sérstakir og þegar ég kom niður var ég með fjólubláar neglur á báðum stórutánum eftir að renna fram skóna á leiðinni niður.“ Hann segist leita eftir ýmsum eiginleikum þegar kemur að gönguskóm. „Skórnir þurfa að vera sterkir og endingargóðir og halda vel við ökklann og það þarf að vera hægt að nota þá í öllum aðstæðum. Þeir þurfa að vera nógu stórir og rúmir en samt þéttir og halda vel utan um fótinn, þurfa að halda vatni og lofta.“ Það er því mikilvægt að vanda valið enda segir Pétur það alþekkta staðreynd á fjöllum að „... þú mátt spara í flestu öðru en það má ekki spara í skónum. Og af því þeir eru mjög dýrir og meiriháttar fjárfesting þá skiptir máli

Pétur Eggerz tók áskorun Ferðafélagsins um 52 tinda á jafnmörgum vikum og ánetjaðist þannig gönguferðum.

að velja vel því maður vill eiga skó sem endast. Þegar maður er búinn að finna út hvaða skór henta manni best, þá endurnýjar maður þá bara. Ég á skó núna síðan 2011 sem er hægt að endurnýja sólann á og ég er kominn í gegn einu sinni og er langt kominn með sóla tvö. En meðan yfirbyggingin heldur sér er þetta í lagi.“ En skiptir sokkabúnaður máli? Pétur segir svo hiklaust vera. „Ég er yfirleitt í tvennum sokkum, þunnum undir og göngu-

> **Skórnir þurfa að vera sterkir og endingargóðir og halda vel við ökklann og það þarf að vera hægt að nota þá í öllum aðstæðum. Þeir þurfa að vera nógu stórir og rúmir en samt þéttir og halda vel utan um fótinn**

sokkum yfir. Ég er gjarn á að fá hælsæri og við því er langbest að vera alltaf með tvö lög svo núningurinn verði á milli sokkanna en ekki milli sokks og fótar.“ Hann hefur eina ráðleggingu til þeirra sem hyggjast leggja stund á gönguferðir á Íslandi. „Þegar gengið er á Íslandi verður að gera ráð fyrir því að veðrið breytist. Það er ekkert til sem heitir vont veður, bara lélegur klæðnaður. Í réttum fatnaði er hægt að ganga í næstum hvaða veðri sem er.“

Skórnir eru það allra mikilvægasta í gönguferðum og geta skipt sköpum um hversu ánægjuleg gönguferðin er. Það borgar sig því að velja vel, að mati Péturs.

Trespass – útivistarverslun með fjölskylduvænt verð

Trespass er ný verslun í Bæjarlind 16 sem selur útivistar- og sportfatnað á alla fjölskylduna á góðu verði. 20% afsláttur verður af öllum vörum út júlí.

Trespass er þekkt verslanakeðja sem rekur búðir um alla Evrópu. Merkið er breskt og er þekkt fyrir gott verð og jafnframt góð gæði," segir Örn Valdimarsson, eigandi Trespass á Íslandi. Verslunin var opnuð hér á landi í júní og hefur orðstír hennar aukist jafnt og þétt.

„Við bjóðum upp á breiða vörulínu, allt frá gönguskóm, hlaupaskóm og fatnaði til tjalda og svefnpoka," segir Örn og áréttir að í Trespass fáist föt og skór bæði á börn og fullorðna. Auk þess fæst þar allt sem þarf fyrir útileguna.

„Við tölum oft um að við bjóðum upp á fjölskylduvænt verð," segir Örn glaðlega og bendir á að í stað þess að kaupa eina úlpu úr dýrri merkjavörubúð sé hægt að fata upp alla fjölskylduna fyrir veturinn í Trespass fyrir sama verð.

Verðið er því almennt gott í Trespass en auk þess eru veittir vikulegir afslættir af hinum ýmsu vörutegundum. „Um daginn vorum við með góðan afslátt af hlaupaskóm og núna eru gönguskór á tilboði," segir Örn en í tilefni af opnun verslunarinnar ætlar hann að bjóða upp á tuttugu prósenta afslátt af öllum vörum í verslununni fram að verslunarmannahelgi.

20% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM VÖRUM ÚT JÚLÍ.

Örn bendir á að fólk á öllu landinu geti verslað við Trespass í gegnum vefsíðu búðarinnar „Þar er að finna góðar myndir af öllum vörunum og upplýsingar um verð."

Úrvalið er gott í Trespass. Þar má fá allt fyrir útileguna, allt frá fötum og skóm til tjalda og svefnpoka. MYND/GVA

> **Við bjóðum upp á breiða vörulínu, allt frá gönguskóm, hlaupaskóm og fatnaði til tjalda og svefnpoka.**

Örn býður alla velkomna í verslunina að Bæjarlind 16 en frekari upplýsingar má nálgast á vefsíðunni **www.trespass.is.**

Græn hreyfing dregur úr stressi og gerir fólk hamingjusamt.

Græn hreyfing bætir heilsu

Vísindamenn hafa nú komist að því að þeir sem stunda svokallaða „græna hreyfingu" utanhúss losa frekar um streitu í líkamanum en þeir sem þjálfa innanhúss.

Að hreyfa sig úti í náttúrunni dregur úr streitu. Það eru ekki ný sannindi, að sögn Giovanna Calogiuri, prófessors við háskólann í Hedmark í Noregi. Margar rannsóknir hafa sýnt það áður. Rannsókn háskólans í Hedmark á hreyfingu fólks staðfestir þetta enn og aftur.

Dregur úr streitu

Græn hreyfing er ekki það sama og útivist. Græn þjálfun er reglubundin og markviss hreyfing í náttúrulegu umhverfi. Rannsóknin leiddi í ljós að græn hreyfing dregur úr stresshormónum líkamans, hýdrókortisóni. Þeir sem finna fyrir streitueinkennum ættu því að hreyfa sig úti í náttúrunni til að vinna bug á þeim.

Þegar fólk vaknar á morgnana er hýdrókortisón hátt í líkamanum, hormónið hjálpar okkur að komast á fætur en minnkar síðan á næsta klukkutíma. Sumir finna fyrir streitu allan daginn sem er slæmt fyrir heilsuna.

Í fallegri náttúru

Græn hreyfing er skilgreind sem líkamsrækt í náttúrulegu umhverfi, það er, að einstaklingurinn er umkringdur trjám, plöntum, grasi, fjöllum eða vatni á meðan hann hreyfir sig. Þetta geta verið hjólreiðar, fjallganga, garðvinna, göngur, hlaup eða leikir. Reglubundin hreyfing ætti að vera í forgangi hjá öllum. Stjórnvöld ættu að leggja ríkari áherslu á bætta lýðheilsu og hvetja fólk til að stunda heilbrigðan lífsstíl. Það er hægt að gera með góðum hjólreiðabrautum, gönguleiðum og auðveldu aðgengi að náttúruperlum. Það kostar ekkert að hreyfa sig í náttúrunni, hún er heilsubætandi og dregur úr streitu.

Calogiuri prófessor fékk tvo hópa til að taka þátt í rannsókninni. Annar hópurinn þjálfaði innanhúss í líkamsræktarstöð en hinn hópurinn stundaði græna þjálfun. Mikill munur kom fram varðandi minnkandi streitu hjá græna hópnum.

Misjafnt val

Einnig voru lagðar spurningar fyrir þátttakendur. Í ljós kom að Norðmenn eru frekar duglegir að hreyfa sig. Það kom vísindamönnum á óvart hversu margir eru duglegir að fara í göngur eða hlaupa utanhúss. Einnig kom á óvart að fólk sem vill hreyfa sig en er ekki mjög áhugasamt um líkamsrækt velur frekar hreyfingu í náttúrunni en í líkamsræktarsal. Þeir sem hreyfa sig til að léttast velja frekar líkamsræktarstöðvar.

Sófafólk ætti að prófa

Niðurstöðurnar sýna að ástæða er til að hvetja sófafólk til að prófa að hreyfa sig í náttúrunni. Þeir sem kjósa græna hreyfingu geta ráðið tíma sínum, hvenær hentar best að fara út, segir Giovanna Calogiuri, og bendir á að græn hreyfing geti gert fólk hamingjusamara. Enginn vafi er á því að fólki sem hreyfir sig utanhúss líður betur andlega en þeim sem ekkert hreyfa sig. Alls voru 2.200 þátttakendur í rannsókninni og gætt var að jafnvægi í aldri, kyni og búsetu.

Útgefandi: 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, s. 512 5000
Umsjónarmenn auglýsinga: Jónatan Atli Sveinsson, s. 512 5446, jonatan@365.is
Ábyrgðarmaður: Svanur Valgeirsson.

ÖGN er fisléttur hágæða dúnjakki með einstaklega klæðilegu sniði. Andar vel með Technostretch® flísefni á hliðum. Fullkominn félagi í útivistina.

CINTAMANI

Gát við val á gönguskóm

Þegar gönguskór eru valdir er ekki verið að velja puntskó til að rölta í frá bílastæðinu og inn í hús og upp í lyftu. Vandaðu valið því gönguskór geta bæði verið bestu vinir þínir og verstu óvinir.

Keyptu skó á kvöldin: fæturnir bólgna yfir daginn, svo að það getur munað einu númeri.

Gerðu ráð fyrir sokkum: sumum hentar að ganga í ullarsokkum en aðrir nota sérstaka göngusokka.

Ef þú notar innlegg: taktu það með í skóbúðina. Það er lykilatriði að prófa hvernig það passar í skóna því gönguskór eru öðruvísi í laginu en hefðbundnir.

Taktu þér tíma: Labbaðu gegnum búðina. Farðu upp og niður stiga. Finndu smá halla og prófaðu að þramma upp og niður. Ef þú finnur eitthvað fyrir skónum á þessu rölti, einhver saumur sem nuddast ekki rétt eða aðeins of þröngt yfir ristina þá er þetta ekki rétti skórinn fyrir þig.

HVAÐ SKAL TAKA MEÐ?

Á vefsíðunni safetravel.is er að finna útbúnaðarlista fyrir mismunandi tegundir ferða. Hér er að finna listann fyrir gönguferðir að sumri:

Styttri ferðir

Nærfatnaður úr ull eða sambærilegu
Miðlag úr flís eða sambærilegu
Vatns- og vindhelt ysta lag fatnaðar
Gönguskór
Sokkar, 1-2 pör
Vettlingar
Buff og/eða húfa
Legghlífar?
Nesti
Kort, áttaviti og GPS-tæki
Fjarskiptatæki t.d. sími og talstöð
Göngustafir?
Sjúkrabúnaður
Hælsærisplástur
Sólarvörn
Vatns- eða hitabrúsi

Viðbót í lengri ferðir

Tjald
Svefnpoki og dýna
Prímus og eldunaráhöld
Aukanesti
Aukafatnaður
Vaðskór?
Snyrtivörur, smyrsl á viðkvæm svæði
Lína, 8 mm, 30 metrar
Klósettpappír og skófla til að grafa
Ljós

BEST AÐ VERA Í LÖGUM

Útivist er að flestra mati endurnærandi en það dregur mikið úr ánægjunni ef kuldinn nær yfirhöndinni. Góður útivistarfatnaður gerir gæfumuninn.

Yfirleitt er mælt með því að klæðast nokkrum lögum. Lögin fylla upp í loftrýmið sem myndast á milli líkamans og yfirhafnarinnar og draga úr líkum á hitatapi. Þá er auðvelt að klæða af sér hita með því að fækka lögum.

Dúnyfirhafnir þykja halda mestum hita og yfirleitt er mælt með fötum úr náttúrulegum efnum frekar en gerviefnum. Ullin heldur til að mynda á þér hita þó hún blotni auk þess sem náttúruleg efni anda betur. Gerviefni hafa það þó fram yfir mörg náttúruleg efni að þau skýla vel fyrir vindi.

Eftirfarandi forgangsröðun er gott að hafa í huga þegar halda skal á sér hita. Aðalatriði er að halda búknum heitum, næst er það höfuðið, svo fæturnir, síðan hálsinn, hendur og loks fætur.

flugrútan

VIÐ SKUTLUM ÞÉR!

Áætlunarferðir Flugrútunnar eru í tengslum við allar komur og brottfarir flugvéla um Keflavíkurflugvöll.

Kauptu miða núna á www.flugrutan.is

Alltaf laus sæti

Alltaf ferðir

Hagkvæmur kostur

Frí þráðlaus internet-tenging í öllum bílum

Ferðatími u.þ.b. 45 mínútur

Umhverfisvænt

Umferðarmiðstöðin BSÍ • 101 Reykjavík • ☎ 580 5400 • main@re.is • www.flugrutan.is • www.re.is

24 klst. miði

Daglega allt árið!

á 30 mínútna fresti yfir sumartímann

10:00-18:30

(Ekki í keyrslu 8. & 22. ágúst)

CITYSIGHTSEEING OFFICIAL TOUR

CitySightseeing® Reykjavik

Hop On - Hop Off

Verð

Fullorðnir:	3500 KR.
12-15 ára:	1750 KR.
0-11 ára:	Ókeypis*

*Hámark 5 börn á hvern fullorðinn einstakling.
Hvert umfram barn: 500 KR.

8 tungumál

Deutsch, Italiano, Svenska, Íslenska, Français, Español, English, Русский

Hop On - Hop Off • Reykjavik Excursions • Umferðarmiðstöðin BSÍ • 101 Reykjavík • ☎ 580 5400 • www.citysightseeing.is • www.re.is

bilaborg.is
Sími 517-1111

PALAMINO Bronco 600. Árgerð 2006, ekinn -1 P.KM, bensín, 5 gírar. verð 590 þús. Þarfnast aðhlynningar. Verð áður 890 þús

PORSCHE 911 carrera 4 . Árgerð 2001, ekinn 69 P.KM, bensín, 6 gírar. Verð 5.490.000. Rnr.133586. Glæsilegur bíll. er á staðnum.

M.BENZ ML 63 AMG. Árgerð 2008, ekinn 97 P.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 6.990.000. Rnr.134023. Mikil græja 504 Hö. Er á staðnum

TOYOTA Land cruiser 100 diesel . Árgerð 2002, ekinn 249 P.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 2.890.000. Rnr.133790. Er á staðnum

FORD F350 crew 4x4 44" breyttur . Árgerð 2005, ekinn 146 P.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 3.290.000. Rnr.133961. er á staðnum

Bílaborg
Stórhöfða 26, 112 Reykjavík
Sími: 517 1111
http://www.bilaborg.is

bilfang.is
S. 567 2000

NÝR BÍLL !
Hyundai I30 Diesel sjálfskiptur ,nokkrir litir í boði, OKKAR VERÐ AÐEINS 3.590 þús !!!

FLOTTUR / DIESEL !
Jeep Cherokee Limited 2.0 Diesel 06/2014 ek 25 þ.km Hlaðinn búnaði ! Okkar verð 7.9 mil !!!

Bílasalan Bílfang
Malarhöfða 2, 110 Rvk.
Sími: 567 2000
Seljum í dag !
www.bilfang.is

Bílalíf

NÝ HJÓLHÝSI 2015
Niewiadow hjólhýsin hafa verið frábær og traustur ferðafélagi Íslendinga í áratugi! Frábært verð á nýjum hjólhýsum aðeins 2.490þ.!!! Skipti möguleg. Allt að 80% lán mögulegt. Rnr.126608. Erum með hjólhýsin á staðnum tilbúin til afhendingar. Til sýnis og sölu á Bílalíf s:562-1717.

Bílalíf
Kletthals 2, 110 Reykjavík
Sími: 562 1717
Opið 10-18 virka daga
www.bilalif.is

STÓRA BÍLASALAN

Óskum eftir bílum á staðinn.

Mikil sala.

Stóra bílasalan
Kletthálsi 2, 110 Reykjavík
Sími: 5861414
http://www.stora.is

hjól.is
bestir í hjólum..



BESTA VERÐIÐ
YAMAHA XJR 1300 Árg 2008 ekið aðeins 8 þkm bestaverðið 950.000 Visalán í boði Rnr.124853.

ÚTSALA ÚTSALA ÚTSALA !!!
HONDA CBF 1000 árg. 2008 ek. 42 Þkm, Ný keðja og tannhjól, snilldar hjól og mjög gott viðhald, tilboðsverð 780 Þús og möguleiki á 100% láni, gsm 893-9500

hjól.is
Sími: 577 4565
Erum með yfir 100 tæki á staðnum.....Kíktu í heimsókn!!!
www.hjol.is

KRÓKUR

KRÓKUR
Við flytjum bifreiðar og vinnuvélar á öruggan og hagkvæman hátt.

Krókur
Sími: 522 4600
http://www.krokur.net

ASKJA
NOTAÐIR BÍLAR

RENAULT Megane sport tourer. Árgerð 2011, ekinn 102 P.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 2.390.000. Rnr.141605.

MERCEDES-BENZ A 180 CDI. Árgerð 2014, ekinn 30 P.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 4.790.000. Rnr.991354.

Kia Sorento EX Luxury. Árgerð 2005, ekinn 146 P.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 1.990.000. Rnr.240445.

FORD Mondeo trend wagon. Árgerð 2011, ekinn 120 P.KM, dísel, 6 gírar. Verð 2.590.000. Rnr.991305.

ASKJA notaðir bílar
Kletthálsi 2, 110 Reykjavík
Sími: 590 2160
www.notadir.is

SUZUKI

Rafmagnsfjallareiðhjólin vinsælu fást hjá okkur. Þægileg 26" reiðhjól sem henta vel fyrir íslenskar aðstæður. Verð 188.900.- kr. Einnig til 28" borgarhjól.

SUZUKI UMBOÐIÐ ehf
Skeifunni 17, 108 Reykjavík
Sími: 565-1725
suzuki@suzuki.is
Suzuki.is / suzukisport.is

bíll.is
bestir í bílum...

ÚTSALA ÚTSALA ÚTSALA !!!
VW TOUAREG V6 árg. 2005 ek. 192 Þkm, topplúga, krókur ofl. ný tímareim/keðja í 140 Þús, mjög gott eintak, tilboðsverð 990 Þús og möguleiki á 100% láni, gsm 893-9500

Bíll.is
Sími: 577 3777
www.bill.is

CLASSICBILAR.IS
Bílasala

Óskum eftir bílum á söluskrá okkar
www.classicbilar.is

VOLVO S60 2.0T Árg 2003, ekinn 174 P.KM, bensín, ssk, er í Topp standi! Verð 990þ Stgr. Rnr.100746. Möguleiki á á 100% VISA RAÐ í allt að 36 mánuði

LAND ROVER Discovery 4 HSE 3.0 SDV6, 245hp Árg 3/2010, ek 109 P.KM. Bakkmyndavél, Dráttarkúla ofl. Verð 7.980þ Rnr.100875.

Classicbilar.is
Gilsbúð 3, 210 Garðabær
Sími: 517 9500
www.classicbilar.is

100 bílar bílasala

BMW X5 3,0 D 2011 ek 82þkm - M-Sportpakki- Keyless-go - USB tengi - M-Stýri - Sportsæt - Professional hljómkerfi - Hiti í fram og aftursætum ofl. Raðnr 151769 - Verð 9990 þús

100 bílar ehf
Í miðbæ Mosfellsbæjar, 270 Mosfellsbær
Sími: 517 9999
Opið 10-18.00 virka daga. Lokað á laugard.
www.100bilar.is

Bílar til sölu

TOYOTA YARIS ,02 ek.151þús,3dyra. Gott eint.,eyðir litlu á 400 þús. S.697 5962.

250-499 þús.

SPARIBAUKUR - 390 ÞÚS
VW POLO 1,4 COMFORTLINE árg' 00 ek.152 þús, 5 dyra, beinskiptur, einn eigandi síðan ,01, lýtur vel út, verð 390 þús möguleiki á 100% vísaláni s.841 8955

7 MANNA DISEL - TILBOÐ 490 ÞÚS
OPEL ZAFIRA 2.0DTI árg 2002 ek 238 þús, beinskiptur, nýleg heilsársdekk, topplúga, 7 manna, góður ferðabíll sem eyðir litlu, ásett verð 690 þús TILBOÐ 490 ÞÚS möguleiki á 100 visaláni s.841 8955

LÍTIÐ KEYRÐUR YARIS!!!
TOYOTA YARIS 1.0 VVT-I árg'00 ek.134 þús, 3ja dyra, tímakeðja, smurbók, ný smurður, gott viðhald, snyrtilegur smábíll sem eyðir mjög litlu, verð 450 þús möguleiki á 100% visláni, s.841 8955

Bílar óskast

KAUPI BÍLA FYRIR ALLT AÐ MILLJÓN STGR!!
Óska eftir að kaupa bíla fyrir allt að 1.000.000. staðgreitt. Er með pappíra og pening til að ganga frá því samdægurs ef að samningar nást. Billinn má þarfnast lagfæringar og/eða skoðunar. skoða allar tegundir. Hringdu í síma: 659-9696 eða sendu email á 6599696@gmail.com

BÍLL ÓSKAST Á 25-250PÚS.
Má þarfnast lagfæringa.
Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.

Sendibílar

Vörubílastöðin Þróttur
ÞRÓTTUR 577-5400
Vörubílar - Kranabílar
Sandur - Mold
Jarðvinna
Sími 577 5400

568 5000 NS NÝJA SENDIBÍLASTÖÐIN

Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

Fellihýsi

Umboðssala á notuðum tjaldvögnum fellihýsum húsbílum hjólhýsum
Risasýningarsvæði á Korputorgi
Útilegu maðurinn

Bílaþjónusta

B.S.VERKTAKAR

Malbiksviðgerðir - málun bílastæða - vélsópun - skilti www.verktak.is S: 5514000

Vinnuvélar

Hitachi ZX30U-2
Árgerð 2007 - 1.320 vinnust.
3.490.000 án vsk.

Volvo FH16 700 6x2
Árgerð 2010 - 522.000 km.

Scania R560 6x4
Árgerð 2010 - 579.000 km.

Scania G420 8x4
Árgerð 2012 - 231.000 km.

Iveco Tracker
Árgerð 2008, nýskráður 2010
231.000 km.

JCB JS160LC
Árgerð 2011 - 7.357 vinnust.

Jötunn
Sími 450 0444 | www.vinnuvelar.is
baldur@jotunn.is | Gsm 893 3348
Miðhraun 2 - 210 Garðabær

Bátar

MARÁS
TOHATSU
UTANBORÐSMÓTORAR

JAPÖNSK GÆÐI!

Léttir
Fyrirferðalítlir
Hljóðlátir

Kraftmiklir
Sparneytnir
2,5-140 hö

Miðhraun 13 - 210 Garðabær
Sími: 555 6444 - www.maras.is

ASUS®

SMÁTÖLVA

VINNUSTÖÐ, SJÓNVARPSTÖLVA EÐA AUKATÖLVA Í BARNAHERBERGIÐ.

ÓTRÚLEGT VERÐ!

59.990

FYRIRFERÐALÍTIL OG HLJÓÐLÁT

VivoPC frá Asus býður upp á nýja möguleika fyrir þá sem vilja alvöru borðtölvu sem tekur mjög lítið pláss. Aðeins 19 cm á dýpt og breidd. Intel örgjörvi og ótrúlegt verð. Fullkomin vinnustöð, sjónvarpstölva eða aukatölva í barnaherbergið.

Líka fáanleg með i3 og i5

Aðeins 19 cm

Þráðlaust AC háhraðanet

tl.is

TÖLVU LISTINN

REYKJAVÍK
SUÐURLANDSBRAUT 26
Sími 414 1700

AKUREYRI
GLERÁRGÖTU 30
Sími 414 1730

HÚSAVÍK
GARÐARSBRAUT 18A
Sími 464 1600

EGILSSTAÐIR
KAUPVANGI 6
Sími 414 1735

KEFLAVÍK
HAFNARGÖTU 90
Sími 414 1740

SELFOSS
AUSTURVEGI 34
Sími 414 1745

AKRANES
ÞJÓÐBRAUT 1
SÍMI 431 3333

Þegar á hólminn er komið ristir pólitísk samstaða á evrusvæðinu grunnt.

Spádómur Friedmans rættist

Það eru mikil lífsgæði sem fylgja því að nota stöðugan gjaldmiðil sem heldur verðgildi sínu. Það eru líka lífsgæði að geta ferðast til 19 landa og notað þennan sama gjaldmiðil í þeirri vissu að alls staðar er verðgildi hans það sama. Í þessu felst líka fyrirsjáanleiki. Og þegar við skipuleggjum fjármál okkar skiptir fyrirsjáanleiki miklu máli.

Eldri Grikkir sem ég ræddi við í Aþenu þegar ég var þar í síðustu viku sögðust hugsa til þess með hryllingi að fara aftur í drökmuna. Fara aftur í ástand þar sem bölvað basl og óvissa fylgdi því að skipuleggja ferðalög til útlanda. Bæði vegna þess að það var erfitt að fá gjaldeyri og einnig vegna óvissunnar um hversu mikils virði drakman var gagnvart viðkomandi mynt þegar komið var á áfangastað.

Markaðshornið

Þorbjörn Þórðarson
thorbjorn@stod2.is

Eldri Grikkir sögðust hugsa til þess með hryllingi að fara aftur í drökmuna.

Reynsla síðustu vikna kennir okkur þó að stöðugleikinn og fyrirsjáanleikinn sem fylgir evrunni er dýru verði keyptur. Samkomulagið sem gert var í Brussel aðfaranótt mánudags er niðurlæging fyrir Grikki en um er að ræða víðtækasta inngrip í fjárhagslegt fullveldi ríkis í sögu evrópsks samstarfs á 20. og 21. öld.

Milton Friedman heitinn, Nóbelsverðlaunahafi í hagfræði, varaði við því í grein árið 1997 að myntsamstarfið um evruna myndi leiða til pólitískrar sundrungar (e. political disunity) í Evrópu og þannig fara þvert gegn tilgangi sínum. Friedman benti á að notkun sama gjaldmiðils hentaði vel í öllum fylkjum Bandaríkjanna þar sem íbúarnir töluðu sama tungumál og höfðu sömu siði og venjur og hreyfanleiki vinnuafls væri mikill. Hreyfanleiki vinnuafls er miklu minni í Evrópu þar sem íbúar ólíkra þjóðríkja tala ólík tungumál, hafa ólíka siði og venjur og eru mun hliðhollari eigin landi en innri markaðnum og hugmyndinni um „sameinaða Evrópu“.

Spádómur Friedmans virðist hafa ræst. Tímabilið frá stofnun Kola- og stálbandalagsins, forvera ESB, árið 1957 og til dagsins í dag er lengsta friðartímabil í sögu álfunnar. Þessum friði er nú ógnað vegna ólgunnar á evrusvæðinu, einkum í suðurhluta Evrópu. Samkomulagið við Grikki sýnir að þegar á hólminn er komið ristir pólitísk samstaða á evrusvæðinu afar grunnt.

Lærdómurinn af vanda evrusvæðisins, sérstaklega Grikklands, vekur upp áleitnar spurningar um framtíð Íslendinga í gjaldmiðils- og peningamálum. Í krónunni felst innbyggður ójöfnuður þar sem almenningur ber byrðarnar af gengisfellingum en nýtur hagsbóta í formi einhvers konar brauðmolakenningar (e. tricle-down economics) vegna bættrar stöðu hagkerfisins þegar útflutningsgreinarnar blómstra. Þetta er það sem gerðist á Íslandi eftir hrunið þegar mikilvægar útflutningsgreinar náðu kröftugri viðspyrnu eftir gengisfellingu. Lærdómur síðustu ára er aftur á móti sá að evran sé ekki fýsilegur kostur. Ég á erfitt með að sjá að meirihluti Íslendinga muni nokkurn tímann sætta sig við jafn víðtækt inngrip í fjárhagslegt fullveldi íslenska ríkisins og evrusamstarfið felur í sér og atburðir síðustu vikna eru til vitnis um.

Eitt mikilvægasta verkefni íslenska löggjafans er að skapa umgjörð undir krónuna til að sporna gegn þessum ójöfnuði með hagstjórnartækjum. Vonandi munu lög um opinber fjármál – og þjóðhagsvarúðartæki Seðlabankans eftir afnám hafta ná þessu markmiði. Ella mun almenningur áfram taka á sig stærstu höggin sem fylgja óstöðugleika krónunnar. Það er gjaldið sem við greiðum fyrir sjálfstæða peningastefnu.

Bastilludagurinn haldinn hátíðlegur

Í HÁTÍÐARSKAPI Þjóðhátíðardagur Frakklands, Bastilludagurinn, var haldinn hátíðlegur í gær. Á þeim degi er áhlaupsins á Bastilluna í Frönsku byltingunni 14. júlí 1789 minnst. Bastilludagurinn var gerður að þjóðhátíðardegi árið 1880. Franskir dátar voru á meðal þeirra sem héldu daginn hátíðlegan. NORDICPHOTOS/AFP

Skattgreiðendur eiga ekki að borga hraðlest til Keflavíkur



Kjartan Magnússon
borgarfulltrúi

Flestir Íslendingar hafa ferðast með lestum erlendis og margir alið með sér þann draum að einn góðan veðurdag verði þessum skemmtilega ferðamáta komið á hér á Fróni. Allt frá árinu 1894 hafa stjórnmálamenn rætt slíkar hugmyndir af fullri alvöru. Upphaflega var rætt um járnbraut frá Reykjavík austur í Rangárvallasýslu og norður til Akureyrar en í seinni tíð hefur einkum verið rætt um hraðlest til Keflavíkurflugvallar sem og sporvagna (léttlestir) og jafnvel neðanjarðarlest á höfuðborgarsvæðinu. Hingað til hafa þó allar slíkar hugmyndir gufað upp þegar kaldir kostnaðarútreikningar hafa tekið við af rómantísku tyllidagaskvaldri pólitíkusa. Spurningin ,,Hvað kostar þetta og hver á að borga?“ verður ekki umflúin í þessu efni frekar en öðru.

Hingað til höfum við Íslendingar því þurft að láta lestina í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum duga og nú síðast Hafnarlestina sem hóf akstur við Reykjavíkurhöfn fyrir nokkrum dögum. Óhætt er að mæla með þessum skemmtilegu lestum þótt báðar séu á hjólum.

Arðbært verkefni?

Um síðustu aldamót var skrifuð skýrsla um lagningu járnbrautar til Keflavíkurflugvallar og rekstur hraðlestar þar á milli. Niðurstaðan var sú að rekstur hraðlestarinnar gæti orðið arðbær, þ.e.a.s. ef ekki væri gert ráð fyrir fjárfestingarkostnaði, sem var á þáviði metinn 22-30 milljarðar króna. Vonuðust aðstandendur hugmyndarinnar til þess að ríkið (skattgreiðendur) myndi greiða fjárfestingu verkefnisins. Sú hugmynd hlaut sem betur fer ekki undirtektir hjá þáverandi fjármálaráðherra.

Ýmsir töldu rekstrarhæfi slíkrar lestar ofmetið í skýrslunni. Var m.a. bent á að í henni væri reiknað með því að um leið og lestin hæfi starfsemi, myndu flugfarþegar nánast hætta að ferðast með rútum út á Keflavíkurflugvöll. Slíkt er óraunhæft þar sem flugrútan stendur afar vel að vígi í samkeppni við aðra ferðamáta. Ekki síst vegna þess að hún ekur flugfarþegum alla leið heim á hótel og sækir þá þangað áður en haldið er út á flugvöll að nýju.

Nú hefur rykið verið dustað af hraðlestinni til Keflavíkur og samkvæmt nýjum útreikningum aðstandenda hugmyndarinnar er verkefnið metið arðbært. Ólíkt því sem talið var fyrir fimmtán árum er ekki talin þörf á stuðningi frá hinu opinbera svo það verði að veruleika, hvorki varðandi rekstur né fjárfestingu. Hafa ákveðnar forsendur í dæminu vissulega breyst á sl. fimmtán árum og t.a.m. hefur fjöldi erlendra ferðamanna ríflega þrefaldast á tímabilinu. Reiknað er með að kostnaður við verkefnið verði rúmlega eitt hundrað milljarðar króna.

Of snemmt er að segja til um hvernig ganga muni að afla fjár til verkefnisins á almennum markaði en það er að sjálfsögðu raunhæfasti mælikvarðinn á hvort verkefnið sé arðbært eða ekki. Mörg dæmi eru um það erlendis að kostnaður við slík hraðlestarverkefni hafi farið langt fram úr áætlunum og almenningur verið látinn gjalda fyrir það dýru verði. Slíkt má ekki gerast hér. Reynslan sýnir að slík stórverkefni eru áhættusöm og því er mikilvægt að hið opinbera komi ekki á neinn hátt að fjármögnun þess.

Sjálfsagt er að óska aðstandendum hugmyndarinnar góðs gengis, svo fremi að verkefnið sé fjármagnað á heilbrigðum markaðsforsendum en ekki pilsfaldakapítalisma þar sem allri áhættu er velt yfir á skattgreiðendur.

Að stofna eigið fyrirtæki er nú eftirsóknarverður kostur

Hin hliðin

Salóme Guðmundsdóttir,
framkvæmdastjóri
Klak Innovit

Nýsköpunarfyrirtæki þjóna lykilhlutverki í hagkerfinu vegna framlags þeirra til tækniframfara og nýrrar þekkingar. Vöxtur slíkra fyrirtækja er forsenda þess að við Íslendingar getum skotið fleiri stoðum undir útflutning okkar og aukið framleiðslugetu landsins á komandi árum.

Undanfarinn áratug hafa orðið töluverðar breytingar á stuðningsumhverfi frumkvöðla hér á landi. Það urðu vissulega til nokkur öflug fyrirtæki, en frumkvöðlar unnu hver í sínu lagi og lítið var um skipulagða viðburði. Háskólarnir buðu upp á námskeið til einkað nýsköpun og stofnun fyrirtækja en það skorti vettvang til stuðnings og eftirfylgni fyrir þær hugmyndir sem þar spruttu upp. Upplýsingar um það hvernig frumkvöðlar skyldu bera sig að í upphafi voru jafnframt ekki nægilega aðgengilegar.

Almennt séð var lítil þekking á nýsköpun og frumkvöðlastarfsemi í þjóðfélaginu og henni ekki gert hátt undir höfði. Frumkvöðlar voru jafnvel álitnir hálfgerðir sérvitringar. Nýútskrifaðir nemendur háskólanna horfðu til fjármálageirans og annarra stórfyrirtækja sem fyrsta kost fyrir framtíðarstarf, en sprotafyrirtæki voru ekki á ratsjánni.

Með aukinni umfjöllun um árangur íslenskra fyrirtækja á borð við CCP, QuizUp, Meniga, Datamarket, GreenQloud og Marorku hafa orðið til sífellt fleiri fyrirmyndir innan sprotasamfélagsins. Alþjóðleg stórfyrirtæki eins og Apple, Google, Facebook og Spotify sem notið hafa mikillar velgengni og gjarnan eru flokkuð sem fyrirmyndar sprotafyrirtæki hafa einnig áhrif á viðhorf og ímynd frumkvöðla. Að stofna eigið fyrirtæki er nú viðurkenndur og ekki síður eftirsóknarverður valkostur.

Árlega eru haldnir yfir 300 viðburðir í tengslum við frumkvöðlastarf á Íslandi og framboð sérsniðinnar vinnuaðstöðu fyrir frumkvöðla hefur aldrei verið betra. Með hugsjón lykilaðila innan sprotasenunnar; reyndra frumkvöðla, fjárfesta og annarra sérfræðinga, ásamt stuðningi háskólasamfélagsins og hins opinbera, hefur orðið til öflugt frumkvöðlasamfélag á Íslandi á síðustu árum.

Ein meginástæða þess árangurs sem náðst hefur er að mínu mati sú ríka áhersla sem lögð hefur verið á að horfa til erlendra fyrirmynda varðandi áherslur og val verkefna. Með viðskiptahröðlum og öðrum alþjóðleg-um samstarfsverkefnum hefur orðið til ný reynsla og þekking auk tengsla sem hafa orðið til þess að við höfum öðlast færni til að geta svarað betur þörfum frumkvöðla á seinni stigum, þ.e. við undirbúning fyrir fjármögnun og sókn á erlenda markaði.

Mikilvægt er því að markvisst sé unnið að því að koma framúrskarandi sprotafyrirtækjum á framfæri og þau verði fengin til að deila reynslu sinni til að hvetja aðra frumkvöðla og hugmyndasmiði til dáða. Það er ekki síður mikilvægt að þær reynslusögur nái út fyrir landsteinana til að vekja athygli á áhugaverðum fjárfestingarkostum á Íslandi. Gott samstarf við fremstu sprotasamfélög heims skiptir meginmáli til að tryggja að við séum í takt við tímann. Með virkum alþjóðlegum tengslum skapast raunveruleg tækifæri til verðmætasköpunar fyrir íslenskt samfélag.

Póst dreifing



NÝ VEFSÍÐA KOMIN Í LOFTIÐ!

www.postdreifing.is

JÚLÍ TILBOÐ!

Á handhægan hátt getur þú kannað verð eða fengið tilboð á fjölpóstdreifingum á nýjum vef Póstdreifingar.

REIKNIVÉL

Reiknaðu út dreifingarverð á fjölpósti með nýrri reiknivél Póstdreifingar.

KORT

Kort sem tengt er við reiknivélina sýnir hvaða svæði eru valin.

PÓSTDREIFING EHF
Vatnagörðum 22 | 104 Reykjavík | S. 585 8300
www.postdreifing.is | postdreifing@postdreifing.is

MARKAÐURINN

Netfang **ritstjorn@markadurinn.is** Sími **512 5000** Fax 512 5301
Netfang auglýsingadeildar **auglysingar@markadurinn.is** Veffang **visir.is**

Gengi gjaldmiðla

USD 134,04	DKK 19,79	NOK 16,50	CHF 141,68
GBP 208,89	EUR 147,65	SEK 15,76	JPY 1,09

FTSE 100
6.753,75 +15,80 (0,23%)

Viðskiptavefur Vísis
@VisirVidskipti

117 MILLJÓNIR

LSR seldi 3 milljónir hluta í N1

A-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins seldi þrjár milljónir hluta í N1 í gær. Þetta kom fram í flöggun til Kauphallarinnar. Gengi bréfa í gær var 39,15 á hlut og því var verðmæti söluhlutarins 117 milljónir króna.

Eftir viðskiptin á A-deild lífeyrissjóðsins 45 milljónir hluta, eða 9,57 prósenta hlut í fyrirtækinu. Nemur verðmæti hlutarins tæplega 1,8 milljörðum króna.

10. 07. 2015 Við stýfum þetta með tvennum hætti. Annars vegar eru það viðskipti Eignasafns Seðlabankans, sem frá áramótum hafa dregið 24 milljarða af lausu fé út af markaðnum. Og hins vegar með því að fá þetta inn á bundna reikninga. Samtals frá áramótum hafa verið dregnir 98 milljarðar inn á þá reikninga.

Már Guðmundsson seðlabankastjóri

10 MILLJARÐA VELTA

Á þriðja hundrað samningum var þinglýst

265 samningum var þinglýst á höfuðborgarsvæðinu 3. júlí til 9. júlí 2015. Þetta kemur fram á vef Þjóðskrár. Þar af voru 202 samningar um eignir í fjölbýli, 52 samningar um sérbýli og 11 samningar um annars konar eignir en íbúðarhúsnæði. Heildarveltan var 9.666 milljónir króna og meðalupphæð á samning 36,5 milljónir króna.

Á sama tíma var 10 kaupsamningum þinglýst á Suðurnesjum, 17 kaupsamningum á Akureyri og 16 kaupsamningum var þinglýst á Árborgarsvæðinu.

STJÓRNARMAÐURINN

Röng forgangsröðun í bankakerfinu

Landsbankinn hefur ákveðið að ráðast í byggingu nýrra höfuðstöðva við Austurhöfn í Reykjavík. Áætlar bankinn að byggingin muni kosta um átta milljarða króna og komi til með að borga sig upp á u.þ.b. tíu árum enda hyggist bankinn selja fasteignir á móti, auk þess sem leigukostnaður mun minnka.

LANDSBANKINN er 98% í eigu íslenska ríkisins – skattgreiðenda. Hagnaður bankans á síðasta ári nam tæplega 28 milljörðum króna, og ætla má að afkoman í ár verði sambærileg sé miðað við fyrsta ársfjórðung.

Ekki er þó allt sem sýnist í uppgjörum bankanna, enda vitað mál að lán sem færð voru úr gömlu bönkunum í þá nýju á afslætti hafa verið innheimt að fullu. Viðlíka afkomutölur eru því síður en svo tryggðar til frambúðar, heldur byggjast að stórum hluta á einskiptishagnaði.

Raunar er ljóst að þegar kemur að skuldadögum þurfa bankarnir sennilega að vernda afkomu sína með hagræðingu eða hækkun þjónustugjalda. Nema hvort tveggja verði raunin.

Því þykir stjórnarmanninum kyndugt að lesa um fyrirætlanir ríkisbankans um byggingu nýrra höfuðstöðva, en ætla mætti að þarfari verkefni bíði úrlausnar í fjármálageiranum. Þannig mætti til að mynda nefna sölu á eignum sem ekki teljast til kjarnastarfsemi, en bankarnir eiga í dag stóra hluti í fyrirtækjum á hinum ýmsu sviðum – allt frá fasteignum og matvöru yfir í fjarskipti.

FÆKKUN starfsfólks í fjármálageiranum hefur sömuleiðis verið óveruleg síðan 2008, en skv. Fjármálaeftirlitinu eru starfsmenn í dag einungis 11% færri en í árslok 2008. Áhugavert í ljósi þess að eignir bankanna eru í dag sagðar vera um það bil fimmtungur af því sem þær voru sumarið 2008.

Spurningin er því hvort lausn á húsnæðisvanda Landsbankans liggi ekki í augum uppi? Kaupþing byggði á sínum tíma veglegar höfuðstöðvar í Borgartúni. Lokið var við bygginguna í árslok 2007 og hýsti hún megnið af innlendri starfsemi bankans. Í dag er byggingin notuð undir höfuðstöðvar Arion banka.

Í LJÓSI þess að Borgartúnshöllin hýsti á sínum tíma banka sem var margfaldur að stærð við samanlagða starfsemi Arion banka og Landsbankans mætti ímynda sér að undir eðlilegum kringumstæðum gætu bankarnir deilt aðstöðunni þannig að vel færi um alla. Jafnvel mætti ganga lengra og sameina hreinlega bankana tvo. Við sameininguna mætti svo greiða út veglegan arð til ríkisins, sem t.d. gæti staðið undir byggingu nýs spítala.

@stjornarmadur

Dúnmjúkt lín

fyrir hótel og ferðaþjónustur

Fastus býður uppá hágæða fagvörur fyrir hótel og veitingahús - hvort sem er alhliða lausnir í eldhús og matvælavinnslu eða húsgögn og lín fyrir hótelherbergi.

Komdu í verslun okkar, Síðumúla 16 og skoðaðu vöruúrvalið - og fáðu um leið ráðgjöf hjá sölumönnum Fastus sem hafa áratugareynslu á veitingasviði.

FASTUS
Veit á vandaða lausn

Verið velkomin í verslun okkar að Síðumúla 16. Opið mán - fös 8.30 - 17.00
Síðumúli 16 • 108 Reykjavík • Sími 580 3900 • www.fastus.is

HEIMAVÍK 20 ÁRA.
Silunganet, flotnet, sökknet. Heimavík, Smiðjuvegur 28, rauð gata. 200 Kóp. S. 892 8655 www.heimavik.is

Hjólbarðar

FRÁBÆR DEKKJATILBOÐ
Ný og notuð dekk í miklu úrvali. Tökum notuð dekk uppí ný. VAKA S: 567 6700.

Varahlutir

FELGUR
Nýjar og notaðar felgur í miklu úrvali. VAKA S:567 6700.

PJÓNUSTA

Pípulagnir

ÁRATUGA REYNSLA
Tökum að okkur almennt viðhald og breytingar. Pípulagningaþjónustan Ró ehf. s. 780 3939

Hreingerningar

Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

HREINVERK
Teppahreinsun, gluggahreinsun, rennuhreinsun, flutningsþrif, húsgagnahreinsun og fl. Uppl. í s. 699 6762 og www.hreinverk.is

VY-ÞRIF EHF.
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 662 4010 www.vy.is

Garðyrkja

Smávélaviðgerðir, viðgerðir á utanborðsmótorum: Garðsláttuvélar, sláttuorf, sláttutraktorar, jarðvegsþjöppur, dælur, kerrusmíði, Gokart þjónusta, keðjusagir, rafstöðvar, einnig úrval af notuðum sláttuvélum. Vélverk JS S. 554 0661. www.velaverkjs.is

Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

Málarar

Málningarþjónusta - húsamálun, inni og úti. Uppl. s. 660 7606 og 846 5305.

MÁLNINGARÞJÓNUSTA REYKJAVÍKUR
Alhliða málningarþjónusta. Fáðu ástandsskoðun og verðtilboð þér að kostnaðarlausu. Sími 776-0000

REGNBOGALITIR
Málningarþjónusta, vönduð vinnubrögð og snyrtimennska. Sími 891 9890 malarar@simnet.is

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Húsaviðhald

Nudd

NUDD
Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvíkur. Sími 694 7881, Zanna.

Spádómar

SPÁSÍMINN 908 5666
Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

Rafvirkjun

RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

KEYPT & SELT

Til sölu

Til sölu Hillukerfi Constructor frá Rými. 2 stk af 2x1000mm lengd, 500mm breidd, 2100mm, með 21 lausum hillum og einni lokaðari hlið. Myndin sýnir hillu sem er 1000mmx500mmx2100mm. Verð 100.000 kr. Nánari uppl. í s. 7736898 og 8258015.

ÁLBAKKAR - LAGERÚTSALA
Stærðir frá 890 ml og 1170 ml. Lok fylgja með. Langbestu verðin. Fyrirspurnir berast í síma 861-7375 eða á ctc@ctc.is

KOMDU ÚT ÞVÍ SÓLIN VILL SJÁ ÞIG!
Komdu út á 4ra hjóla Rafskutlu, 3 litir til, nokkur eintök eftir. Sýningar salur: Auðbrekka 23. Kóp. V. 329 þús s. 783-3003

Óskast keypt

KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR
Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.
Jón og Óskar - jonogoskar.is
s. 552-4910.

STAÐGREIÐUM OG LÁNUM ÚT Á: GULL, DEMANTA, VÖNDUÐ ÚR OG MÁLVERK!
Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu! www.kaupumgull.is
Opið mán - lau 11-17, Kringlan - 3. hæð (Hagkaupsmegin)
Upplýsingar í síma 661 7000

Til bygginga

HARÐVIÐUR TIL HÚSABYGGINGA.
SJÁ NÁNAR Á: VIDUR.IS
Vatnsklæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolía. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í símum 660 0230 og 561 1122.

Nudd

TANTRA NUDD
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. 112 Rvk. S. 698 8301 www.tantra-temple.com

Ökukennsla

Kenni allan daginn Toyota 2014, hjálpa við endurtökupróf og akstursmat. Ævar Friðriksson s. 863 7493.

TÓMSTUNDIR & FERÐIR

Hestamennska

Tek stoðhesta í geymslu. Uppl. í s. 482 1019 á kvöldin.

HÚSNÆÐI

Húsnæði í boði

TIL LEIGU AÐEINS Á AÐEINS 950 KR FM!
129 - 280 fm bil með allt að 10 m lofthæð, stórar innkeryrsluhurðir, góð malbikuð lóð, og greið aðkoma.
www.lundurfasteignir.is
S. 690 3031 / 661 7000

Nýleg 2ja herbergja lúxusíbúð miðsvæðis í 101 Reykjavík til leigu. Sérstæði í upphitaðri bílageymslu. Einhver húsgögn geta fylgt með. Laus 1. ágúst. Sími 8928308.

Húsnæði óskast

50 ára reglusamur einst. óskar eftir leiguíbúð miðsvæðis í RVK. S. 698 8629

Sumarbústaðir

SUMARHÚSALÓÐ TIL SÖLU
Til sölu í landi Miðdals 2, tvær skógi vaxnar samliggjandi lóðir í nágrenni Reykjavíkur. Óskað er eftir tilboðum. s. 8945063

Geymsluhúsnæði

SUMARTILBOÐ GEYMSLULAUSNIR.IS
Verð frá 2900kr.mán Sækjum og sendum. S: 615-5005

FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR WWW.GEYMSLAEITT.IS
Og ódýrt eftir það. Stærðir 1 til 17 m2. Nýtt, upphitað og vaktað. S: 564-6500

WWW.BUSLODAGEYMSLA.IS
Búslóðageymsla Olivers frá 3000 kr mán. Langtímasamningur í boði. S. 567 4046 & 892 0808.

GEYMSLUR.COM
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

ATVINNA

Atvinna í boði

STRÆTÓ BS.
óskar eftir duglegum og metnaðarfullum bifvélavirkja til starfa á verkstæði félagsins á Hesthálsi. Um er að ræða fjölbreytt og áhugavert starf við viðgerðir, bilanagreiningu og aðra þjónustu við strætisvagna.
Áhugasamir sæki um starfið á www.straeto.is eða í tölvupósti á atvinnuumsoknir@straeto.is

115 SECURITY AUGLÝSIR EFTIR ÖRYGGISVÖRÐUM Í VERSLUNARÞJÓNUSTU
Skilyrði:

-Hreint sakavottorð

-Íslenskukunnátta

-20 ára lágmarksaldur

-Góð þjónustulund.

Umsókn með mynd og ferilskrá sendist á 115@115.is Nánari upplýsingar um starfið eru veittar í síma 5 115 115

JÁRNABINDINGAR
Járngrímur óskar eftir mönnum. Áhugasamir hafið samband olafurjarn@gmail.com

SPJALLDÖMUR ÓSKAST
Rauða Torgið óskar eftir samstarfi við heitar spjall/símadömur. Nánari uppl. á RaudaTorgid.eu.

Atvinna óskast

VANTAR ÞIG SMIÐI, MÚRARA EÐA JÁRNABINDINGAMENN?
Höfum á skrá menn sem óska eftir mikilli vinnu. Geta hafið störf nú þegar.
Proventus starfsmannaþjónusta - Proventus.is S. 782-8800

TILKYNNINGAR

Einkamál

ÍSLENDINGAR.EU
Nýr frjálslyndur íslenskur samskiptavefur. Líttu við!

LESBIUR.EU
Íslendingar.eu er frjálslyndur vefur með magnaða friðhelgi. Smelltu á „lesbiur.eu" til að kynna þér málið.

Nánari upplýsingar veitir
Jórunn Skúladóttir
sölufulltrúi
sími: 845 8958
jorunn@miklaborg.is

Jason Guðmundsson
hdl. og löggiltur fasteignasali

Tæplega 200 m² að stærð
Rúmgóður, nýlegur bílskúr
Aukaíbúð í kjallara
Góð eign með mikla möguleika
4 svefnherbergi

Verð: **54,5 millj.**

FASTEIGNASALAN **MIKLABORG** **569 7000** Lágmúla 4 **www.miklaborg.is**
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar
- með þér alla leið -

Djúpavogshreppur auglýsir eftirfarandi störf:

Djúpavogsskóli – grunnskóli

Íþrótta- og sundkennsla, samtals 18 stundir á viku og smíðakennsla 8 stundir á viku, samtals 100% starf.
Æskilegast að viðkomandi geti kennt allt saman en það er þó ekki skilyrði.
Skólaliði um 60% starf, vinnutími 8:00 – 13:00.
Aðstoð inni í bekkjum, gæsla o.fl.
Skólaliði um 50% starf, vinnutími 12:00 – 16:00.
Aðstoð við skólamötuneyti og gæsla í lengdri viðveru.

Djúpavogsskóli – leikskóli

Deildarstjóri á yngri deild, 100% starf.
Leikskólakennarar, 3 x 100% störf
Stuðningsfulltrúi með fötluðu barni, 100% starf

Umsóknarfrestur er til 31. júlí 2015 og sendast umsóknir vegna grunn- og leikskóla á skolastjori@djupivogur.is

Djúpavogshreppur / Umf. Neisti

Djúpavogshreppur, í samstarfi við Umf. Neista, auglýsir starf íþrótta- og æskulýðsfulltrúa. Leitað er eftir öflugum einstaklingi sem er tilbúinn að stýra metnaðarfullu og lifandi æskulýðs- og íþróttastarfi á Djúpavogi. Viðkomandi hefur yfirumsjón með starfi Umf. Neista s.s. þjálfun, foreldra- og sjálfboðaliðastarfi, fjármálum, heimasíðu, mótshaldi og öðru sem lýtur að starfsemi félagsins í samvinnu við stjórn þess. Þá hefur viðkomandi yfirumsjón með æskulýðsstarfi í sveitarfélaginu í samvinnu við Djúpavogsskóla og sveitarstjórn. Um er að ræða 100% starf frá og með 15. ágúst.

Umsóknarfrestur er til 31. júlí 2015.
Allar nánari upplýsingar veitir sveitarstjóri og skal skila umsóknum ásamt meðmælum og ferilskrá á skrifstofu Djúpavogshrepps, Bakka 1 , 765 Djúpavogi, í eða senda á netfangið sveitarstjori@djupivogur.is

Veðurspá

Miðvikudagur

Víða hægur vindur en norðaustan 5-13 m/s norðvestantil. á Suður- og Vesturlandi nær sólin að skína meira en síðustu daga, þar má þó búast við einhverjum skúrum síðdegis. Skýjað veður norðanlands og dálítil rigning fram eftir degi, en þurrt að mestu á Austurlandi. Hiti 8 til 16 stig, hlýjast suðvestantil en kaldast á annesjum á Norðurlandi.



	Fimmtudagur			Föstudagur		
	Reykjavík	Ísafjörður	Akureyri	Reykjavík	Ísafjörður	Akureyri
	13°	5°	6°	12°	9°	5°
	↓3	↙5	↙3	↓9	↓6	↓7
	Egilsstaðir	Kirkjubæjarkl.	Hveravellir	Egilsstaðir	Kirkjubæjarkl.	Hveravellir
	8°	12°	6°	6°	13°	6°
	↓7	↖2	↙6	↓6	←2	↓9

KROSSGÁTA



LÁRÉTT
2. mats, **6.** líka, **8.** besti árangur, **9.** stækkaði, **11.** holskrúfa, **12.** einkennis, **14.** flandur, **16.** ambátt, **17.** erfiði, **18.** espa, **20.** þurrka út, **21.** glufa.

LÓÐRÉTT
1. rúm, **3.** hljóm, **4.** raf, **5.** hlóðir, **7.** góðgirni, **10.** óvild, **13.** lepja, **15.** gróft orð, **16.** persónufornafn, **19.** frá.

LAUSN

LÁRÉTT: 2. dóms, **6.** og, **8.** met, **9.** jók, **11.** ró, **12.** aðals, **14.** flaik, **16.** þý, **17.** þúl, **18.** æsa, **20.** má, **21.** rifa.
LÓÐRÉTT: 1. koja, **3.** óm, **4.** mersḱum, **5.** stó, **7.** góðfýsi, **10.** kal, **13.** lap, **15.** klám, **16.** þær, **19.** af.

SKÁK

Gunnar Björnsson

Benjamin Bok hafði hvítt gegn Liafbern Riemersma á skákmóti í Hollandi fyrr á árinu.

1. **Df8+! Kxf8 2. Bd6+** og svartur gafst upp þar sem hann er óverjandi mát í næsta leik.
www.skak.is: Fréttir frá Varsjá.



Hvítur á leik

Myndasögur

PONDUS

Eftir Frode Øverli

GELGJAN

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

BARNALÁN

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

SUDOKU

LÉTT

			1	2	6			8
		8			4			2
1		3	7				5	
	4	6	3		2		9	
			9					
	3	9	6	1	8	5		
			8	5	7		6	4
6	8						1	
	5	2						

MIÐLUNGS

	9					8		
			4			1		3
		3	5		2		6	
	4						8	9
	6	9		2		5		
1	7				6	2		
6					9			
	2		7		5		4	
7	8		2	6				

PUNG

	7							
		8			9		7	1
	3		8	1				2
7		5	1			3		
			4					
			5		6	7	4	
	1			3			2	7
			7			8	9	
				8			3	

LAUSN SÍÐUSTU SUDOKU

8	3	6	2	4	7	1	5	9
2	4	5	1	8	9	6	3	7
9	1	7	3	5	6	2	4	8
1	6	2	5	9	8	3	7	4
3	5	9	4	7	2	8	1	6
4	7	8	6	1	3	5	9	2
7	9	1	8	6	5	4	2	3
5	8	3	7	2	4	9	6	1
6	2	4	9	3	1	7	8	5

9	2	8	1	3	5	7	4	6
3	4	7	9	2	6	5	8	1
5	6	1	7	8	4	2	9	3
7	8	6	5	1	3	9	2	4
1	9	3	4	7	2	8	6	5
2	5	4	6	9	8	1	3	7
6	1	2	3	5	9	4	7	8
8	3	5	2	4	7	6	1	9
4	7	9	8	6	1	3	5	2

1	6	2	4	9	7	5	8	3
4	5	9	8	1	3	6	7	2
8	7	3	6	2	5	4	9	1
3	9	1	7	4	2	8	5	6
5	2	6	9	3	8	7	1	4
7	4	8	1	5	6	3	2	9
9	8	5	2	6	4	1	3	7
6	1	7	3	8	9	2	4	5
2	3	4	5	7	1	9	6	8

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

ÉG SEL FASTEIGNIR!

Hringdu og athugaðu hvað ég get gert fyrir þig ef þú vilt selja fasteign.

Einar Harðarsson
Lögg. fasteignasali
s: 662 5599
einar@kaupstadur.net

Kaupstaður FASTEIGNA

Sími: 54 60 600
Ármúla 8, 108 Reykjavík
www.kaupstadur.com

FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.

ÓÐINSGÖTU 4, SÍMI 570 4500, OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17.
Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is
Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali. Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

Hagamelur 27 - Íbúð á 3. hæð

Eignin verður til sýnis frá kl. 17.15 – 17.45

Mjög vel skipulögð 116,9 fm. íbúð á 3. hæð að meðtalinni geymslu á þessum eftirsótta stað í Vesturbænum. Sameiginlegur inngangur er með 2. hæð. Rúmgóð stofa og borðstofa. Þrjú rúmgóð herbergi. Góðar suðursvalir með fallegu útsýni. Þak hússins var endurnýjað árið 2000 og lóðin endurnýjuð árið 2009. **Verð 47,9 millj. Góð eign á frábærum stað. Örstutt í skóla og sundlaug. Verið velkomin.**

16

2016

Þú gætir eignast glæsilegt Thule Motion ferðabox ef þú drífur bílinn í skoðun!

ÖRUGG
BIFREIÐASKOÐUN
UM ALLT LAND

FRÍTT

WI-FI, LJÚFFENGT GÆÐAKAFFI OG LITABÆKUR FYRIR BÖRNIN Á MEÐAN ÞÚ BÍÐUR.

KREATIV

LUKKULEIKUR

Þeir sem koma með bíl eða vagn í skoðun hjá Frumherja geta skráð sig í happaleik og þannig öðlast möguleika á því að eignast glæsilegt Thule Motion ferðabox frá Stillingu sem verður dregið út 4. ágúst 2015.

Frumherji

Sími: 570 9090 · Netfang: frumherji@frumherji.is · www.frumherji.is

MENNING

Á förnum vegi Dags

Ljósmyndasýning á myndum Dags Gunnarssonar

Á förnum vegi – annar hluti er sýning á svarthvítum ljósmyndum Dags Gunnarssonar sem verður opnuð í Grófarhúsinu við Tryggvagötu á morgun. Eins og nafnið gefur til kynna tengist þessi sýning annarri sýningu sem nú stendur yfir í Ljósmyndasafni Reykjavíkur. Hér ber að líta andlitsmyndir af því fólki sem slæðist fram fyrir linsu ljósmyndarans á förnum vegi. Sýningarstjóri er Harri Gylfason.

DAGUR GUNNARSSON

Um andlitsmyndir segir Dagur: „Góðar andlitsmyndir hreyfa við okkar innsta kjarna því þær vekja forvitni og viðbrögð sem spanna allan tilfinningaskalann. Við skönnum stöðugt þau andlit sem verða á vegi okkar, það er hluti af viðvörunarkerfi undirmeðvitundarinnar. Er viðkomandi vinveittur eða fjandsamlegur? Skyldur okkur eða framandi? Glaður eða reiður?
Andlitsmyndir tala til okkar með beinum hætti. Það þarf engin prófskírteini til að lesa í andlit – það er hæfileiki sem við fáum í vöggugjöf.“

- mg

MYND/ÞORBJÖRG DAPHNE HALL

TÓNSKÁLDIÐ Hljómeyki flutti verk eftir Stefán Arason á Skálholtshátíðinni.

Rannsóknasjóður
Umsóknarfrestur 1. september

Hlutverk Rannsóknasjóðs er að styrkja vísindarannsóknir og rannsóknatengt framhaldsnám á Íslandi. Í þeim tilgangi styrkir sjóðurinn skilgreind rannsóknaverkefni einstaklinga, rannsóknahópa, háskóla, rannsóknastofnana og fyrirtækja.

Auglýst er eftir umsóknum um styrki úr Rannsóknasjóði fyrir styrkárið 2016. Umsóknarfrestur er til kl. 16:00, 1. september 2015.

Nokkrar breytingar hafa verið gerðar á reglum sjóðsins og eru umsækjendur beðnir um að kynna sér þær vel áður en hafist er handa við gerð umsóknar.

Umsóknum skal skilað rafrænt í gegnum umsóknarkerfi Rannís. Umsóknir og umsóknargögn skulu vera á ensku.

Upplýsingar og umsóknagögn má nálgast á **www.rannis.is**

rannís
www.rannis.is

HNOTSKÖGUR grafisk hönnun

Syngið nýjan söng á Skálholtshátíð

TÓNLIST ★★★★

Sumartónleikar í Skálholti laugardaginn 11. júlí.
Kórinn Hljómeyki flutti tónlist eftir Stefán Arason.

Sumartónleikar í Skálholti hafa verið fastur liður í menningarlífinu í rúm fjörutíu ár. Hátíðin var lengi afar vegleg en hefur mátt þola gríðarlegan niðurskurð á síðustu misserum.

Í ár stendur hátíðin á tímamótum. Sigurður Halldórsson, sem hefur verið listrænn stjórnandi, sagði starfi sínu lausu nýverið og með honum var staðan lögð niður. Í staðinn tók við listrænt teymi sem vinnur launalaust. Það tekur virkan þátt í tónleikunum sem tónskáld, flytjendur eða leiðbeinendur á vinnustofum hátíðarinnar. Þetta eru þau Sigurður Halldórsson sem fyrr var nefndur, auk Elfu Rúnar Kristinsdóttur fiðluleikara og Huga Guðmundssonar tónskálds. Hvort peningarnir eru betur nýttir með þessu fyrirkomulagi verður að koma í ljós.

Tónleikar laugardagsins voru a.m.k. fínir. Þar voru flutt kórverk eftir Stefán Arason, en hann hefur ekki verið mjög áberandi í tónleikalífinu hérlendis undanfarið. Hann hefur líka verið búsettur í Danmörk um árabil.

Kórinn Hljómeyki söng verkin, sem voru öll án undirleiks. Tónleikarnir hófust á því að kórinn gekk inn í kirkjuna syngjandi lag sem hét viðeigandi nafni: Syngið nýjan söng! Laglínan var falleg, hún var einföld en grípandi. Smám saman varð tónlistin þó flóknari. Hluti kórsins brá sér þá gjarnan í hlutverk undirleikshljóðfæris, myndaði liggjandi hljóma sem féll einkar vel að söng hinna kórmeðlimanna. Um var að ræða ómstríða hljómaklasa sem voru fallega útfærðir af kórnum.

Í það heila var tónlistin þung, jafnvel þunglyndisleg, og sver sig þannig í ætt við gríðarlegt magn íslenskra tónverka sem hafa trúarlega skírskotun. Það er eins og að gleði og kristin trú séu algerlega ósamræmanleg hugtök í huga íslenskra tónskálda! Hér með er ég ekki að gera lítið úr Stefáni; tónlistin hans var vönduð og hugvitsamleg, tók óvæntar sveigjur sem voru samt eðlilegar; uppbyggingin var sannfærandi og full af stemningu. Alvarleg tónlist getur verið heillandi líka.

Sérstaklega verður að nefna stórt og mikið verk, Future Requiem við ljóð eftir Jens Carl Sanderhoff. Innblásturinn er fenginn frá kaþólskri sálumessu, kaflarnir eru þeir sömu og í messunni, en textarnir eru nýir. Þetta eru dapurlegar hugleiðingar um hinstu rök tilverunnar, dauðann og tilganginn með lífinu, ef hann er þá einhver. Rétt eins og hinar tónsmíðarnar var andrúmsloftið dökkt, tónmálið var margbrotið og sumpart fráhrindandi, en þar var líka frumleiki og fegurð.

Kórinn söng afar glæsilega, söngurinn var hreinn og tilfinningaþrunginn og gerði tónlistinni viðeigandi skil. Eins og fyrr segir vona ég að ég eigi eftir að heyra fleiri verk eftir Stefán, tónlist hans á greinilega fullt erindi í tónleikaflóruna hérlendis.

Jónas Sen

NIÐURSTAÐA: Mögnuð kórtónlist sem var fallega flutt.

ÚTSALA
20-70%
AFSLÁTTUR
LAURA ASHLEY
OPIÐ VIRKA DAGA FRÁ 10-18
FAXAFENI 14 | 108 REYKJAVÍK | SÍMI 551 6646

Umhverfið er geggjað

Stefánshellir í Hallmundarhrauni breytist í tónleikasal annað kvöld þegar Anna Jónsdóttir syngur þar þjóðlög og Páll á Húsafelli leikur á steinhörpu.

„Þetta er stærsta áskorunin hingað til,“ segir Anna Jónsdóttir sópran um tónleikana í Stefánshelli í Hallmundarhrauni annað kvöld, fimmtudag, klukkan átta. Hún ætlar að syngja þar íslensk þjóðlög án undirleiks og eftir sínu höfði auk þess að lýsa sögu laganna.

Páll Guðmundsson í Húsafelli ætlar að auðga viðburðinn með því að spila á steinhörpuna tvö lög eftir sjálfan sig, við sléttubönd eftir afa sinn og alnafna. „Mér er sérlegur fengur að því að fá Pál með mér. Lögin hans eru ákaflega falleg og í anda þjóðlaganna. Hann tók líka vel í að koma þarna fram enda er hellirinn í túnfætinum hjá honum.“

Þetta eru áttundu tónleikar Önnu í röðinni Uppi og niðri og þar í miðju og hún hefur þegar sungið í tveimur hellum, Vatnshelli á Snæfellsnesi og Klettshelli í Vestmanneyjum. En gamanið hófst í gömlum tanki norður í Djúpavík á Ströndum.

Anna ætlar í Stefánshelli í dag að koma þar fyrir kertum og tröppum því fólk þarf aðeins að stíga niður í hellinn. Hún segir umhverfið geggjað. En hvernig er leiðin? „Þeir sem koma úr Reykjavík beygja af þjóðveginum rétt áður en komið er að Borgarfjarðarbrúnni. Svo er keyrt gegnum Húsafell, fram hjá Kalmanstungu og aðeins lengra en Surtshellir.“



SÖNGKONAN Anna ætlar að koma fyrir kertum og stiga í hellinum í dag og taka nokkra tóna með Páli.

- gun

Hringdu núna

ÓDÝRARI UPPLÝSINGAR

1819

NÚ KOSTAR MINNA AÐ VITA MEIRA

s: 1819 | 1819.is

Það er fljótlegt að **reikna dæmið á 365.is**

Hvað getur þú **SPARAÐ MIKIÐ** með því að flytja fjarskiptin yfir til 365?

Fjarskipti og hellingur af vönduðu sjónvarpsefni fyrir alla fjölskylduna

365

ÞAÐ ER EINFALT AÐ REIKNA **DÆMIÐ!**

Með því að færa fjarskiptin yfir til okkar færðu til viðbótar sneisafullan sjónvarpspakka og greiðir líklega svipað fyrir og þú myndir gera fyrir fjarskiptin ein og sér hjá samkeppnisaðilum. Því ekki að fá fullt af frábæru sjónvarpsefni með í kaupunum?

Á 365.is er **reiknivél** sem sýnir þér að ef þú færir fjarskiptin yfir til 365 getur þú fengið vandað sjónvarpsefni á fáránlega góðu verði. Fjarskiptin eru internet, GSM og heimasími. **Reiknaðu dæmið!**

GSM

10 GB NÝTT
GAGNAMAGN FYLGIR Á **0 KR.***

INTERNET

20 GB
GAGNAMAGN FYLGIR Á **0 KR.***

Fáðu þér áskrift í síma 1817 eða á 365.is

*Með völdum sjónvarpsáskriftum.





Frábærar **kvikmyndir** á Bíórásinni



MARAÞON

Taktu maraþon af **Breaking Bad** eða **Mad Men.** Á Stöð 2 Maraþon eru meira en 800 klst. af sjónvarpsefni, úrvals seríum.



Fríðindakerfi 365

Áskrifendur Skemmtipakkans fá sjálfvirkan afslátt hjá fjölda samstarfsfyrirtækja sem bjóða upp á vandaðar vörur og frábæra þjónustu.

Vild

Í Skemmtipakkanum eru sex frábærar sjónvarpsstöðvar, Stöð 2 Maraþon og Vild, fríðindakerfi 365

365

©2015 Home Box Office, Inc. All rights reserved. HBO® and all related programs are the property of Home Box Office, Inc.



Íslensk tónlist í eldlínunni í Slóvakíu

Fimm íslenskir flytjendur komu fram á tónlistarhátíðinni Pohoda um liðna helgi. Mikið rætt um íslenskan tónlistarútflutning á málþingi.

Ísland og íslensk tónlist var í brennidepli á tónlistarhátíðinni Pohoda sem fram fór í Slóvakíu um liðna helgi. Þar komu fram Björk, Ghostigital, Fufanu, Kiasmos og Kippi Kaninus, ásamt fjölda fleiri þekktra listamanna. Um er að ræða eina stærstu indítónlistarhátíðina á þessu svæði og sækja hana um 30.000 gestir árlega.

Sigtryggur Baldursson, framkvæmdastjóri ÚTÓN, var á hátíðinni og tók þar meðal annars þátt í tveimur málþingum. „Þetta var virkilega skemmtileg hátíð. Það var mikill fókus á Ísland og íslenska tónlist. Annað málþingið sneri að umræðunni um svokallaðan tónlistarútflutning og hvort skrifstofurnar ætli að bjarga rokkinu. Það voru allir svo áhugasamir um Ísland því við eigum svo mikið af flottu tónlistarfólki sem er að gera góða hluti erlendis," segir Sigtryggur um annað málþingið.

Hann segir íslensku listamennina hafa staðið sig með miklum sóma á hátíðinni. „Björk átti mjög flotta tónleika. Hún kemur fram á sínum eigin forsendum og lék mikið af nýju efni en það læddist þó eitt og eitt eldra lag með. Tónleikarnir hennar enduðu með flugeldasýningu," segir Sigtryggur um tónleika Bjarkar. „Allar íslensku hljómsveitirnar áttu mjög flott gigg. Kippi Kaninus spilaði á svokölluð Sunrise-slotti á tónleikunum, sem er klukkan fimm á laugardagsmorgni og aðstandendur hátíðarinnar sögðust aldrei hafa séð jafn marga áhorfendur á þessum tíma á hátíðinni," bætir Sigtryggur við.

Á tónleikum Ghostigital reif Sigtryggur fram trommukjuðana og tók lagið með félaga sínum. Fleiri íslenskir trommuleikarar hófu að djamma með Ghostigital því Magnús Trygvason Eliassen, trommari Kippa Kaninus, og Elli Bang úr Fufanu stigu einnig á svið með Sykurmolunum fyrrverandi.

gunnarleo@frettabladid.is.

FRÁBÆR Björk kom fram á glæsilegum tónleikum en þeir enduðu með mikilli flugeldasýningu. MYND/ CTIBOR BACHRATY

FLOTTUR Ghostigital hélt flotta tónleika á hátíðinni. MYND/ CTIBOR BACHRATY

FÍLINGUR Liðsmenn Ghostigital kunna að galdra fram stemningu. MYND/ CTIBOR BACHRATY

➜ Fram komu Björk, Ghostigital, Fufanu, Kiasmos og Kippi Kaninus, ásamt fjölda fleiri þekktra listamanna.

SÓLIN RÍS Kippi Kaninus kom fram á svokölluðu Sunrise-slotti en aldrei hafa fleiri gestir verið á tónleikunum á þessum tíma á hátíðinni. MYND/CTIBOR BACHRATY

SJÓNARSPIL Tónleikar Bjarkar enduðu með glæsibrag. Fólk stóð agndofa yfir glæsilegum tónleikum sem enduðu með flugeldasýningu. MYND/CTIBOR BACHRATY

SNOOP DOGG

LIVE DJ SET

DJ SNOOPADELIC

FIMMTUDAGSKVÖLDIÐ 16. JÚLÍ

LAUGARDALSHÖLL • 19:00 - 01:00

BLAZ ROCA | ÚLFUR ÚLFUR

SHADES OF REYKJAVÍK | KSF & ALVIA

[WITH SECRET ACTS] + LEYNIGESTIR

DJ OF THE NIGHT • DJ BENNI B-RUFF

TICKET SALE	MIÐASALA Á MIÐI.IS	TICKET PRICE	MIÐAVERÐ 8.990

CRABBIE'S

NORDIC EVENTS

THULE

Hvað gera liðin í glugganum?

Fréttablaðið hefur sett saman þarfagreiningu fyrir liðin tólf í Pepsi-deild karla í fótbolta en félagaskiptaglugginn opnast aftur í dag. Mörg liðanna, á toppi sem botni, gætu grætt mikið á liðstyrk fyrir lokakafla mótsins.

HVER FÆR ÞORSTEIN? Þorsteinn Már Ragnarsson hefur minnt á sig í síðustu leikjum KR.

FH 1. SÆTI

Hvað vantar?

Ekkert er stutta svarið. FH-ingar eru með besta hópinn og eru að auki búnir að kalla Emil Pálsson til baka frá Fjölni.

Hringja kannski í

Erlendan markvörð. Róbert Örn Óskarsson vinnur fá stig og hefur aðeins haldið hreinu í tveimur deildarleikjum.

→ Emil Pálsson (úr láni)

KR 2. SÆTI

Hvað vantar?

KR er búið að fá framherja en þarf helst að styrkja bakvarðarstöðurnar með leikmönnum sem eru bakverðir að upplagi.

Hringja kannski í

Niclas Vemmelund, Guðmund Reyni Gunnarsson.

→ Hólmbert Aron Friðjónsson

BREIÐABLIK 3. SÆTI

Hvað vantar?

Framherja og/eða kantmann. Átján mörk í fyrri umferðinni er ekkert til að skammast sín fyrir en Blikar þurfa meiri slagkraft fram á við ætli þeir sér að berjast um titilinn allt til loka.

Hringja kannski í

Þorstein Má, Dion Jeremy Acoff, Emil Atlason, Ævar Inga Jóhannesson.

VALUR 4. SÆTI

Hvað vantar?

Ólafur Jóhannesson vill fá þrjá leikmenn í glugganum. Hann er væntanlega að horfa til hægri bakvarðar, miðjumanns og framherja til vara.

Hringja kannski í

Niclas Vemmelund, Emil Atlason, Guðjón Pétur Lýðsson, Elfar Árna Aðalsteinsson, Guðmund Atla Steinþórsson.

FJÖLNIR 5. SÆTI

Hvað vantar?

Fjölnismenn eru búnir að ná í tvo leikmenn, Neftalí og Chopart, en þurfa enn miðjumann til að fylla skarð Emils Páls.

Hringja kannski í

Egil Jónsson, Gunnlaug Hlyn Birgisson, Sebastien Uchechukwu Ibeagha, Pape Mamadou Faye.

→ Jonatan Neftalí, Kennie Chopart

STJARNAN 6. SÆTI

Hvað vantar?

Stjörnumenn hafa aðeins skorað 13 mörk og þurfa meira púður í sóknarleikinn. Og kannski alvöru gras á völlinn en Stjarnan hefur ekki enn unnið heimaleik í sumar.

Hringja kannski í

Emil Atlason, Erik Tönne, Elfar Árna Aðalsteinsson.

FYLKIR 7. SÆTI

Hvað vantar?

Hægri bakvörð og miðjumann og jafnvel markvörð. Það er spurning hvort Ólafur Ingi Skúlason, sem er án félags, snúi aftur í Árbæinn.

Hringja kannski í

Ólaf Inga Skúlason, Niclas Vemmelund, Sebastien Uchechukwu Ibeagha, Archange Nkumu.

ÍA 8. SÆTI

Hvað vantar?

Miðjumann, miðvörð og kantmann. Sóknarleikur ÍA hefur batnað til mikilla muna í síðustu leikjum en Skagamenn geta enn bætt vörnina og miðjuna.

Hringja kannski í

Gunnlaug Hlyn Birgisson, Aron Heiðdal, Daða Bergsson, Sebastien Uchechukwu Ibeagha, Archange Nkumu.

LEIKNIR 9. SÆTI

Hvað vantar?

Leiknismenn eru komnir í bullandi fallbaráttu og þurfa að styrkja sig. Helst með framherja eða framliggjandi leikmönnum en liðið hefur aðeins skorað tólf mörk í fyrri umferðinni.

Hringja kannski í

Gunnlaug Hlyn Birgisson, Daða Bergsson, Brynjar Jónasson, Pape Mamadou Faye, Brynjar Benediktsson.

VÍKINGUR 10. SÆTI

Hvað vantar?

Víkingar eru búnir að fá serbneskan framherja en þurfa meira fram á við. Einnig hægri bakvörð og miðjumann.

Hringja kannski í

Emil Atlason, Niclas Vemmelund, Daða Bergsson, Elfar Árna Aðalsteinsson, Sebastien Uchechukwu Ibeagha.

→ Vladimir Tufegdzic

ÍBV 11. SÆTI

Hvað vantar?

Gunnar Heiðar Þorvaldsson er snúinn aftur heim og styrkir Eyjaliðið gríðarlega en það þarf að styrkja miðjuna.

Hringja kannski í

Egil Jónsson, Aron Heiðdal, Sebastien Uchechukwu Ibeagha, Archange Nkumu, Jón Gunnar Eysteinsson.

→ Gunnar Heiðar, Jose Enrique

KEFLAVÍK 12. SÆTI

Hvað vantar?

Allt. Keflavík er í afar vondri stöðu og stefnir hraðbyri niður í 1. deild. Það þarf nánast leikmenn í allar stöður.

Hringja kannski í

Aron Heiðdal, Pape Mamadou Faye, Daða Bergsson, Farid Zato, Jón Gunnar Eysteinsson, Gunnlaug Hlyn Birgisson.

→ Chuck Chijindu

Frábær tímapunktur

Stjörnumenn mæta Celtic í Meistaradeildinni í kvöld.

FÓTBOLTI Stjörnumenn eru hvergi bangnir fyrir fyrsta Meistaradeildarleikinn í sögu félagsins þrátt fyrir slakt gengi hér heima. „Þetta er frábær tímapunktur fyrir okkur að fá þennan leik núna. Okkur hefur ekki gengið sem skyldi í deildinni og það er fínt að þjappa okkur saman og það er mjög gott fyrir mig að hafa alla leikmennina hjá mér í nokkra daga," segir Rúnar Páll Sigmundsson, þjálfari Stjörnunnar, sem var að klára æfingu á Celtic Park þegar Fréttablaðið heyrði í honum í gær. „Ég stend núna úti á miðjum velli og það eru truflaðar aðstæður hérna. Það er draumur að spila við svona aðstæður," sagði Rúnar.

Celtic sló KR út úr forkeppni Meistaradeildarinnar í fyrra.

„Við þurfum að spila gríðarlega öfluga vörn og reyna að halda markinu hreinu. Við vitum að það verður erfitt en við ætlum að leggja líf og sál í það. Við höfum bullandi trú á því að við getum strítt þeim hérna þrátt fyrir að það hafi ekki gengið vel hjá okkur í deildinni. Þetta er önnur keppni og menn eiga að geta farið á næsta „level" eins og við gerðum í Evrópukeppninni í fyrra. Það gefur hverjum einasta leikmanni svo mikinn neista að spila í svona móti og vonandi náum við góðum leik. Það þurfa allir að eiga sinn besta leik ef við ætlum að ná góðum úrslitum," sagði Rúnar sem hlakkaði mikið til leiksins. „Þetta er skemmtilegt móment og það að fá að spila á móti svona frægu liði eins og Celtic er ekkert verra," sagði Rúnar Páll að lokum. - óój

FIMM MÖRK Ólafur Karl Finsen var öflugur í Evrópuævintýrinu í fyrra. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

PEPSI DEILD KVENNA

AFTURELDING - VALUR 1-5
0-1 Elín Metta Jensen (12.), 0-2 Katia Maanane (16.), 0-3 Vesna Elísa Smiljkovic (32.), 0-4 Hildur Antonsdóttir (42.), 1-4 Gunnhildur Ómarsdóttir (69.), 1-5 Katia Maanane (75.) .

KR - STJARNAN 0-1
0-1 Ana Victoria Cate (37.).

PRÓTTUR R. - BREIÐABLIK 0-2
0-1 Fanndís Friðriksdóttir (19.), 0-2 Fanndís (81.) Fanndís er komin með fjórtán mörk í deildinni.

SELFOSS - FYLKIR 0-1
0-1 Berglind Björg Þorvaldsdóttir (52.).

STAÐA EFSTU LIÐA

Breiðablik	10	9	1	0	31- 2	28
Stjarnan	10	8	0	2	25-6	24
Selfoss	10	5	2	3	17- 10	17
Valur	9	6	0	3	22-17	18
ÍBV	10	5	1	4	22-14	16
Fylkir	10	5	1	4	17-17	16
Þór/KA	9	3	3	3	17-17	12

Stig hinna: KR 6, Þróttur R. 2, Afturelding 1

HETJAN Í GÆR Ana Victoria Cate fagnar sigurmarki sínu með liðsfélögum sínum í Stjörnunni. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

THULE® SWEDEN

Ferðabox og hjólafestingar



Stilling

Stilling hf. | Sími 520 8000 | www.stilling.is/ferdavorur | stilling@stilling.is

DAGSKRÁ

19:45
MARRIED
Frábærir gamanþættir um hjón sem gengið hafa saman í gegnum súrt og sætt og leita nú allra ráða til að halda sambandinu líflegu og fersku.

FJÖLBREYTT
MIÐVIKUDAGSKVÖLD!
Fáðu þér áskrift á **365.is**
365

20:15
COVERT AFFAIRS
Fjórða þáttaröðin um CIA fulltrúana Annie og Auggie og flókið samband þeirra innan og utan vinnunar.

20:55
MISTRESSES
Bráðskemmtilegir þættir um fjórar vinkonur og flókin samskipti þeirra við hitt kynið.

22:05
MAJOR CRIMES
Hörkuspennandi þættir sem fjalla um lögreglukonu sem er ráðin til morðrannsóknadeildar innan lögreglunnar í Los Angeles.

22:00
NON-STOP
Spennumynd um fluglögreglu sem kemst í hann krappann með Liam Neeson og Julianne Moore í aðalhlutverkum.

22:20
CURB YOUR ENTHUSIASM
Frábærir gamanþættir þar sem Larry David leikur sjálfan sig en ratar af óskiljanlegum orsökum sífellt í vandræði. Einn þáttur sýndur hvern virkan dag klukkan 22.20 á Gullinu.



07:00-20.30
BARNAEFNI ALLA DAGA
Vandað talsett barnaefni og skemmtilegir þættir fyrir yngstu áhorfendurna alla daga á Krakkastöðinni.

Allt þetta og meira til í Skemmtipakkanum á aðeins 310 kr. á dag. 365.is

STÖÐ 2

07.00 Barnatími Stöðvar 2
08.30 The Crazy Ones *(3.22)*
08.55 Mom *(11.22)*
09.15 Bold and the Beautiful
09.35 Doctors *(58.175)*
10.15 Spurningabomban
11.05 Around the World in 80 Plates
11.50 Grey's Anatomy *(23.24)*
12.35 Nágrannar
13.00 The Crimson Field *(5.6)*
13.55 White Collar *(4.16)*.
14.40 The Lying Game *(19.20)*
15.25 Man vs. Wild *(7.13)*
16.10 Big Time Rush
16.30 Welcome To the Family *(3.9)*
16.55 Baby Daddy *(8.21)*
17.20 Bold and the Beautiful
17.40 Nágrannar
18.05 The Simpsons
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.47 Íþróttir
18.55 Modern Family *(11.24)*
19.15 Víkingalottó
19.20 The Middle *(11.24)*
19.40 Married *(1.10)* Frábærir gamanþættir um hjón sem gengið hafa saman í gegnum súrt og sætt og nú leita allra ráða til að halda sambandinu fersku.
20.05 Covert Affairs *(3.16)* Fjórða þáttaröðin um CIA-fulltrúana Annie og Auggie og samband þeirra bæði innan og utan vinnunnar.
20.45 Mistresses *(4.13)*
21.30 Your're the Worst *(2.10)*
21.55 Major Crimes *(6.0)*
22.40 Weeds *(11.13)*
23.10 Battle Creek *(10.13)*
23.55 Tyrant *(3.12)* Önnur þáttaröðin af þessum hörkuspennandi þáttum um afar venjulega fjölskyldu í Bandaríkjunum sem dregst inn í óvænta og hættulega atburðarás í Mið-Austurlöndum
00.45 NCIS *(7.24)*
01.30 The Possession og leysa hana undan bölvuninni.
03.00 Red Dawn
04.30 Modern Family *(11.24)*
04.50 Mistresses *(4.13)*
05.35 The Middle *(11.24)*
06.00 Fréttir

SPORT
besta sætið

11.40 Breiðablik - Fjölnir
13.30 Stjarnan - Valur
15.20 Pepsímörkin
16.35 Wimbledon Tennis 2015
18.35 UEFA Champions League 2014
20.10 Sumarmótin 2015 *(N1 mótið)* Skemmtilegur þáttur um knattspyrnustjörnur framtíðarinnar. Svipmyndir frá N1 mótinu á Akureyri. Umsjónarmaður er Guðjón Guðmundsson.
20.55 World's Strongest Man 2014
sson var í öðru sæti í keppninni.
21.25 UFC Countdown
Hitað upp fyrir UFC 189 í Las Vegas.
22.10 UFC Live Events *(UFC 189. Mendes vs. McGregor)*
00.30 UFC Now 2015 .

SPORT 2
enski boltinn

13.25 San Jose - Club America
15.05 Stjarnan - Valur
16.55 Pepsímörkin
18.10 Premier League World
18.40 Manstu *(4.8)* Önnur þáttaröðin af þessum bráðskemmtilegu spurningaþáttum þar sem allt snýst um íþróttir í umsjón Guðmundar Benediktssonar.
19.15 Goðsagnir efstu deildar - Ragnar Margeirsson
19.50 San Jose - Club America
21.30 Everton - Man. Utd.
23.15 Chelsea - Man. City

INN

20.00 Björn Bjarna **20.30** Auðlindakistan **21.00** Eldað með Holta **21.30** Sjónvarp Kylfings.is

STÖÐ 3

18.15 Last Man Standing *(9.22)*
18.35 Cristela *(3.22)*
19.00 Hart Of Dixie *(6.22)*
19.45 Silicon Valley *(10.10)*
20.10 Awake *(7.13)*
20.55 The Originals *(7.22)*
21.40 The 100 *(15.16)*
22.25 Witches of east End *(1.10)*
23.10 Sirens *(8.10)*
23.35 Supernatural *(8.23)*
00.20 Hart Of Dixie *(6.22)*
01.05 Silicon Valley *(10.10)*
01.30 Awake *(7.13)*
02.15 The Originals *(7.22)*
03.00 The 100 *(15.16)*
03.45 Tónlistarmyndbönd frá Bravó .

Krakkastöðin

07.00 Áfram Diego, áfram! **07.24** Svampur Sveins **07.49** Tommi og Jenni **07.55** UKI **08.00** Ofurhundurinn Krypto **08.22** Ævintýri Tinna **08.47** Ævintýraferðin **09.00** Lína Langsokkur **09.25** Latibær **09.47** Mæja býfluga **10.00** Könnuðurinn Dóra **10.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **10.45** Doddi litli og Eyrnastór **10.55** Sumardalsmyllan **11.00** Áfram Diego, áfram! **11.24** Svampur Sveins **11.49** Tommi og Jenni **11.55** UKI **12.00** Ofurhundurinn Krypto **12.22** Ævintýri Tinna **12.47** Ævintýraferðin **13.00** Lína langsokkur **13.25** Latibær **13.47** Mæja býfluga **14.00** Könnuðurinn Dóra **14.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **14.45** Doddi litli og Eyrnastór **14.55** Sumardalsmyllan **15.00** Áfram Diego, áfram! **15.24** Svampur Sveins **15.49** Tommi og Jenni **15.55** UKI **16.00** Ofurhundurinn Krypto **16.22** Ævintýri Tinna **16.47** Ævintýraferðin **17.00** Lína Langsokkur **17.25** Latibær **17.47** Mæja býfluga **18.00** Könnuðurinn Dóra **18.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **18.45** Doddi litli og Eyrnastór **18.55** Sumardalsmyllan **19.00** Ástríkur á Ólympíuleikunum Ástríkur og Steinríkur snúa aftur í meistaralega vel gerðri talsettri bíómynd þar sem þeir keppa fyrir hönd Gaulverja á Ólympíuleikunum gegn hinum vondu Rómverkjum og guðdómlegu Grikkjum.

GULLSTÖÐIN

17.30 Strákarnir
18.00 Friends *(1.24)*
18.25 New Girl *(15.24)*
18.50 Mike & Molly *(16.23)*
19.10 How I Met Your Mother *(8.24)*
19.35 Tekinn
20.00 Hæðin *(5.9)* Í þessum vandaða lífsstíls- og hönnunarþætti í anda The Block og Extreme Makeover fá þrjú gerólík pör það erfiða verkefni að hanna og innrétta frá grunni þrjú falleg hús á Arnarneshæðinni. Til verksins fá pörin fyrir fram ákveðna upphæð og aðstoð og þurfa að klára verkið á einungis 6 vikum.
20.50 Chuck *(11.24)*
21.35 Cold Case *(14.23)*
22.20 Curb Your Enthusiasm *(4.10)*
22.55 Sullivan & Son *(9.10)*
23.20 Tekinn
23.45 Hæðin *(5.9)*
00.35 Chuck *(11.24)*
01.20 Cold Case *(14.23)*
02.05 Curb Your Enthusiasm *(4.10)*
02.40 Tónlistarmyndbönd frá Bravó

BÍÓSTÖÐIN

11.20 When Harry Met Sally
(Pegar Harry hitti Sally)
12.55 The Object of My Affection
14.45 Chasing Mavericks
16.40 When Harry Met Sally
(Pegar Harry hitti Sally)
18.15 The Object of My Affection
20.05 Chasing Mavericks Dramatísk og skemmtileg mynd frá 2012 með Gerard Butler, Jonny Weston og Elisabeth Shue í aðalhlutverkum. Myndin er byggð á sönnum atburðum og segir frá unglingspiltinum Jay Moriarity sem dreymir um að prófa að standa á brimbretti í risaöldu. Leikstjórar myndarinnar eru Michael Apted og Curtis Hanson.
22.00 Non-Stop
23.50 The Great Gatsby
02.10 The Apparition
03.35 Non-Stop

RÚV

16.15 Sumardagar *(6:19)*
(Neskaupstaður)
16.35 Blómabarnið *(6:8)*
17.20 Disneystundin *(25:52)*
17.21 Finnbogi og Felix *(12:30)*
17.43 Sígildar teiknimyndir *(24:30)*
17.50 Herkúles *(5:6)*
18.15 Táknmálsfréttir
18.24 Neytendavaktin *(1:8)*
18.54 Víkingalottó *(46:52)*
19.00 Fréttir
19.25 Íþróttir
19.30 Veðurfréttir
19.35 Sumardagar *(7:19) (Reykjavík)*
19.55 Vinur í raun *(6:6) (Moone Boy II)*
20.20 Silkileiðin á 30 dögum *(8:10)*
(Sidenvägen på 30 dagar) Margverðlaunuð finnsk þáttaröð um 30 daga ferðalag eftir Silkileiðinni sem liggur frá Georgíu í Kákasusfjöllum til Mongólíu.
21.05 Landakort *(Mjólkárvirkjun)*
21.15 Neyðarvaktin *(20:23)*
22.00 Tíufréttir
22.15 Veðurfréttir
22.20 Stríðið í Sýrlandi
23.15 Gárur á vatninu *(7:7)*
00.05 Fréttir
00.20 Dagskrárlok

SKJÁREINN

06.00 Pepsi MAX tónlist
08.00 Everybody Loves Raymond
08.20 Dr. Phil
09.00 The Talk
09.45 Pepsi MAX tónlist
13.40 Cheers *(24.26)*
14.05 Dr. Phil
14.45 Reign *(7.22)*
15.30 Britain's Next Top Model
16.20 Minute To Win It
17.05 Agent Carter *(4.8)*
17.50 Dr. Phil
18.30 The Talk
19.10 Million Dollar Listing *(3.10)*
19.55 Growing Up Fisher *(5.13)*
20.15 America's Next Top Model
21.00 Girlfriends' Guide to Divorce *(2.13)* Bandarísk þáttaröð um konu sem ákveður að skilja við eiginmann sinn og hefja nýtt líf. Aðalhlutverkið leikur Lisa Edelstein sem áhorfendur kannast við úr þáttaröðinni House.
21.45 The Bridge *(6.13)*
22.30 Sex & the City *(9.18)*.
22.55 Madam Secretary *(8.22)*
23.40 Agents of S.H.I.E.L.D. *(7.22)*
00.25 Extant *(1.13)*
01.10 Girlfriends' Guide to Divorce
01.55 The Bridge *(6.13)*
02.40 Sex & the City *(9.18)*
03.05 Pepsi MAX tónlist

Golfstöðin

08.00 PGA Tour 2015
11.30 Golfing World 2015
12.20 LPGA tour 2015
14.25 PGA Tour 2015
17.55 PGA Special: In the Spotlight
18.40 Golfing World 2015
19.30 European Tour 2015

HRINGBRAUT

09.00 Atvinnulífið (e) **09.30** Fólk og frumkvæði (e) **10.00** Fólk með Sirrý (e) **11.00** Atvinnulífið (e) **11.30** Fólk og frumkvæði (e) **12.00** Fólk með Sirrý (e) **13.00** Atvinnulífið (e) **13.30** Fólk og frumkvæði (e) **14.00** Fólk með Sirrý (e) **15.00** Atvinnulífið (e) **15.30** Fólk og frumkvæði (e) **16.00** Fólk með Sirrý (e) **17.00** Atvinnulífið (e) **17.30** Fólk og frumkvæði (e) **18.00** Fólk með Sirrý (e) **19.00** Atvinnulífið (e) **19.30** Fólk og frumkvæði (e) **20.00** Mannamál (e) **20.30** Matjurtir (e) **20.45** Heimsljós (e) **21.15 433 21**.45 Grillspaðinn **22.00** Mannamál (e) **22.30** Matjurtir (e) **22.45** Heimsljós (e) **23.15 433** (e) **23.45** Grillspaðinn (e)

ÚTVARP

FM 88,5 XA-Radíó
FM 89,5 Retro
FM 90,1 Rás 2
FM 90,9 Gullbylgjan
FM 93,5 Rás 1
FM 95,7 FM957
FM 96,3 FM Suðurland
FM 96,7 Létt Bylgjan
FM 97,7 X-ið
FM 98,9 Bylgjan
FM 99,4 Útvarp Saga
FM 100,5 K100
FM 102,9 Lindin



Aldís er mætt. Stútfull af ljúffengum, lífrænum ávöxtum og fáanleg í tveimur bragðtegundum. Í henni er helmingi minni sykur en í hefðbundnum frostpinnum og hún inniheldur engin tilbúin bragð– og litarefni. Takið vel á móti henni.

Kjörís

BESTI BITINN

„Gló. Eða er það ekki skyndibitastaður? Hollt og gott. Pestóið sem þau bera stundum fram með réttunum hjá sér er fáránlega gott.“

Anna Hafþórsdóttir, aðalleikkona Webcam

Telur Secret Solstice geta orðið risastóra

Hátíðin fær góða umfjöllun í The Huffington Post. GusGus og Mána Orrasyni er sérstaklega hrósað.

Farið er fögrum orðum um tónlistarhátíðina Secret Solstice í bandaríska miðlinum The Huffington Post. Blaðamaðurinn Shawn Forno, sem skrifar greinina, spyr sig að því hvort hátíðin sé mögulega næsta stóra tónlistarhátíðin í Evrópu. Þrátt fyrir flugþreytu, svefnleysi og dýra pitsu bauð hátíðin nánast upp á allt það sem Forno leitaði eftir.

Tveimur íslenskum flytjendum er sérstaklega hrósað, GusGus og Mána Orrasyni. Þá var dönsku söngkonunni MØ hrósað, ásamt hinum bandarísku Charles Bradley söngvara og gítarleikaranum Ledfoot. Hins vegar fá þungavigtarlistamenn á borð við Busta Rhymes og Kelis ekki góða dóma hjá honum.

Forno segir þessa þriggja daga hátíð í miðnætursólinni, hina íslensku dulúð og sviðsnöfnin sem koma úr íslenskri sögu gera hátíðina ólíka öðrum hátíðum. Ekki spilli fyrir hve auðvelt sé að ferðast til landsins frá Bandaríkjunum, tvö íslensk flugfélög með áætlunarflug vestur um haf.

Það helsta sem angraði bandaríska blaðamanninn var af tónlistarlegum toga. Sviðin voru of nálægt hvort öðru sem varð til þess að tónlist af öðru sviðinu gat truflað tónlistina á hinu. Þar tekur hann dæmi um að gítarleikarinn Ledfoot þurfti að keppa við teknótakta af næsta sviði og að dagskráin að degi til mætti vera betri.

Forno tekur fram að tónlistin hafi þó verið góð en að hátíðin geti stækkað til muna, sérstaklega ef aðstandendur hennar yrðu frjórri í að velja tónlistarmenn, bæði fjölbreyttari innlenda listamenn og erlenda. - glp

LOFAR GÓÐU Tónlistarhátíðin Secret Solstice gæti stækkað mikið að mati The Huffington Post. FRÉTTABLAÐIÐ/ANDRI MARÍNÓ

ASTRO hægindastóll, Dökkgrár, kakí, appelsínugulur og dökkrauður.
Verð: 59.990. **Tilboðsverð: 49.990.**

HÚSGAGNAHÖLLIN
– fyrir lifandi heimili –

Reykjavík og Akureyri
EITT SÍMANÚMER 558 1100
www.husgagnahollin.is

SKIPT ÚT FYRIR STRÆTÓ Bekkjabílarnir eru ómissandi partur af hátíðinni og mikil óánægja vegna þessa. MYND/ÓSKAR P. FRIÐRIKSSON

Berjast fyrir bekkjabílunum á Þjóðhátíð

Margir eru sárir yfir því að þessi gamla hefð, sem má rekja aftur til ársins 1930, sé að leggjast af. Settur hefur verið í gang undirskriftalisti þar sem þessari ákvörðun er mótmælt og á aðeins einum degi höfðu 1.300 skrifað undir.

Ákveðið hefur verið að hætta notkun bekkjabíla á Þjóðhátíð í Vestmannaeyjum þetta árið.

Það er óhætt að segja að þessi ákvörðun hryggi marga aðdáendur hátíðarinnar enda telja flestir bekkjabílana hafa verið mikilvægan part af upplifuninni sem fylgir Þjóðhátíð.

Hildur Jóhannsdóttir Eyjameyja ákvað að taka málin í sínar hendur og byrjaði með undirskriftalista þar sem brotthvarfi bekkjabílanna er mótmælt.

„Við fáum ekki leyfi frá lögreglustjóranum fyrir að hafa bílana hérna þar sem þetta eru vöruflutningabílar sem eru ekki ætlaðir fyrir fólksflutning. Málið er að það eru ekki til nein lög um bekkjabílana og það er enginn vilji fyrir því að keyra neitt í gegn sem gæti veitt okkur undanþágu fyrir að starfrækja þá þessa einu helgi á ári. Það hafa nú þegar verið settar hraðatakmarkanir og fjöldatakmarkanir á bílana til þess að gæta að öryggi farþega. Þetta er mikið óréttlæti fyrir okkur sem höldum upp á Þjóðhátíð en við höfum heyrt að það verði bekkjabílar á Akureyri um verslunarmannahelgina og svo eru hjólabílar í Reykjavík,“ segir Hildur en hún starfar sem sjálfboðaliði á Þjóðhátíð ár hvert.

Páley Borgþórsdóttir, lögreglustjóri í Vestmannaeyjum, segir lítið

„Það verða fjórir strætisvagnar en bekkjabílarnir í fyrra voru aðeins tveir og það annaði engan veginn eftirspurn. Strætisvagnarnir eru líka lægri svo að það er aðgengi fyrir fatlaða og barnavagna.

Páley Borgþórsdóttir, lögreglustjóri í Vestmannaeyjum

við þessu að gera en að það hafi legið fyrir í mörg ár að bekkjabílar yrðu ekki notaðir til fólksflutninga til frambúðar. Aðspurð hvort hægt sé að breyta þessu með lögum eða reglugerðum segir Páley að það þurfi löggjafann til þess að breyta lögum og ráðherra til að breyta reglugerð. „Það gilda lög um fólksflutninga sem eru frá 2001 og reglugerð frá 2002. Samkvæmt þeim þarf að sækja um rekstrarleyfi hjá Samgöngustofu til þess að mega aka farþegum en mér vitanlega hefur það ekki verið gert. Þessi farartæki eru ekki ætluð til fólksflutninga og þess vegna teljum við að strætisvagn sé talsvert öruggari kostur. Mér skilst að slíkur vagn taki 90 manns en bekkjabíll 35 manns. Fyrirhugað er að vera með fjóra strætisvagna en í fyrra voru aðeins þrír bekkjabílar sem önnuðu engan veginn flutningsþörfinni. Það eru líka fleiri kostir við strætisvagnana, þeir eru lægri svo aðgengi fyrir fatlaða er betra og það sama má segja um fólk með barnavagna og aðra farþega. Þessi breyting verður vonandi til þess að auka þjónustu við gesti hátíðarinnar með öryggið í fyrirrúmi. Það er auðvitað einhver eftirsjá í rómantíkinni við bekkjabílana en við erum aðeins að framfylgja lögum.“

Þjóðhátíðarnefnd harmar að það sé komið að endalokum bekkjabílsins og segir að viðbrögðin við undirskriftasöfnuninni hafi ekki komið á óvart.

„Vestmannaeyingum er annt um bekkjabílana og þá hefð sem er í kringum þá. Þeir hafa þó verið fullreyndir og staðreyndin er sú að bekkjabílarnir anna alls ekki eftirspurninni og þess vegna er ljóst að það þarf að leita á ný mið. Annars er vert að taka fram að við komum ekki nálægt þessari ákvörðun en hún fellur undir embætti lögreglustjórans,“ segir Hörður Orri Grettisson sem situr í þjóðhátíðarnefnd.

gunnhildur@frettabladid.is

SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI: Svanur Valgeirsson svanur@365.is **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason gustaf@365.is, Hjalti Egilsson hjalti@365.is, Hjördís Zoëga hjordis@365.is, Sigfús Örn Einarsson sigfus@365.is, Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir svansi@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndís Hauksdóttir bryndis@365.is, Gunnhildur Geira Dan Þorláksdóttir geira@365.is, Jón Ívar Vilhelmsson jonivar@365.is, Jónatan Atli Sveinsson jonatan@365.is, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einarsdóttir vera@365.is **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is

AFSLÁTTUR
40.000
krónur

EASY
hægindastóll

Stillanlegur hægindastóll.
Svart bonded leður.

Fullt verð: 89.900 kr.

49.900 kr.

Sumar
útsala

Lýkur á laugardaginn

NATURES COMFORT 180cm

Frábær heilsudýna með pokagormakerfi, mótar sig einstaklega að lögun líkamans. Komdu og gerðu frábær kaup.

Fullt verð: 164.900 kr.

Aðeins **123.675 kr.**

Síðustu dagar

JACKPOT
U-sófi

Svart, slitsterkt áklæði - hægri og vinstri tunga.

Fullt verð: 189.900 kr.



149.900 kr.

River
svefnsófi með tungu

Grátt slitsterkt áklæði - hægri og vinstri tunga.
Pokogormakerfi í sessum, til í mörgum litum

Stærð: 250/160 x 90 cm H: 85 cm.
Rúmfatageymsla í tungu.
Svefnsvæði: 140x195 cm.

Fullt verð: 149.900 kr.

119.920 kr.

Afgreiðslutími
Mánudaga til föstudaga frá kl. 10-18
Laugardaga frá kl. 11-16
www.dorma.is

Holtagörðum
512 6800
Dalsbraut 1, Akureyri
558 1100

Þú finnur
Dormabæklinginn á dorma.is

DORMA
Láttu drauminn rætast

FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR • SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VÍSIR

RITSTJÓRN 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **AUGLÝSINGADEILD** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing

DREIFING: dreifing@postdreifing.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 800 1177

WOWAIR.IS

BAKÞANKAR
Birtu Björnsdóttur

Brennó fyrir fullorðna

Mest selda bók landsins um þessar mundir er litabók. Fyrir fullorðna. Mér vitandi hafa litabækur þó verið fáanlegar í þriðju hverri verslun á landinu undanfarna áratugi, en það er ekki fyrr en nú þegar komin er á markað litabók ætluð fullorðnum sem litaglaðir landsmenn þora að taka aftur til við þessa eftirlætisiðju margra barna. Og ekki er nú verra að það að lita laufblöð, blóm og munstur getur fært okkur innri ró, svo litabókin er ekki bara fyrir augað, heldur einnig líkama og sál.

OG nú er hún uppseld og byrjað að taka við nöfnum á biðlista. Verslanir eru með sérstaka úthringivakt sem mun taka upp símann um leið og glóðvolg eintök af litabókinni góðu koma í hús. Heima bíða svo litaglaðir einstaklingar með glænýja oddmjóa tússliti reidda á loft tilbúnir að fá útrás fyrir sköpunargleðina um leið og fer að ganga á biðlistana. Við hin sem vorum svo forsjál að rjúka til og kaupa bók sitjum nú heima á síðkvöldum og öðlumst stóíska innri ró á meðan Leynigarðurinn bætir á sig blómum.

SEM stoltur eigandi litabókar fyrir fullorðna og virkur þátttakandi í hinu nýjasta æði sem þjóðina hefur gripið dettur mér ekki í hug að finna þessu neitt til foráttu. Það er helst svekkelsið sem ég finn fyrir yfir því að hafa ekki sjálf gert mér grein fyrir þessari frumþörf mannsins á undan öðrum. Þá sæti ég heima hjá mér á síðkvöldum og teldi seðla á meðan aðrir íbúar þessa lands reyna að troða börnunum snemma í rúmið til að eiga aflögu smá næði til að lita eins og eina mynd fyrir háttinn.

EN ekki dugar að leggja árar í bát. Á næsta litakvöldi ætla ég að láta hugann reika og reyna að vera fumkvöðull að næsta hópefli. Útrás fyrir tómstundir barnæskunnar virðast leggjast vel í mannskapinn. Kannski ég reyni að markaðssetja brennó fyrir fullorðna og reyni að fá umboð fyrir brenniboltum sérmerktum 18 ára og eldri hér á landi. Það hlýtur að bjóða upp á útrás og innri frið að hamast í brennó á síðkvöldum með nágrönnunum eftir að búið er að redda barnapössun. Eða kannski verð ég bara heima að lita.

NEI, ÞÚ HÉR!

MÁLAÐU BÆINN RAUÐAN EÐA GRÆNAN

KATRÍNARTÚN 12 | WOWAIR.IS | WOWAIR@WOWAIR.IS

Verð miðast við flug aðra leið með sköttum, bókunargjald (999 kr.) og töskugjald ekki innifalið.